Drífa Kristín Þrastardóttir
Anna María Bogadóttir
Anna Lísa Guðmundsdóttir

# Vogabyggð

Svæði 1-3

Byggðakönnun
Fornleifaskrá og húsakönnun




**Reykjavík 2016**

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 171

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

# Vogabyggð

## Svæði 1-3

Byggðakönnun
Fornleifaskrá og húsakönnun

Drífa Kristín Þrastardóttir
Anna María Bogadóttir
Anna Lísa Guðmundsdóttir




**Reykjavík 2016**

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 171

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.
Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur
Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna María Bogadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir

Prófarkalestur: Sigurborg Hilmarsdóttir.
Ljósmyndir í húsakönnun: Drífa Kristín Þrastardóttir.
Kortavinnsla í fornleifaskrá: Anna Lísa Guðmundsdóttir.
Húsverndarkort Reykjavíkur og kort af skipulagssvæðinu: Þórarinn Jón Jóhannsson, Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur, landupplýsingadeild.

Mynd á forsíðu:
Iðnaðarhverfið vestan Elliðaárvogs (Súðarvogur, Dugguvogur, Kleppsmýrarvegur, Tranavogur) á loftmynd dags. 19.04.2012. Ljósm. Alta ehf. Vefslóð: www.alta.is → Þjónusta →Skipulag og byggðaþróun → Loftmyndir → sjá nánar hér → http://loftmyndir.alta.is/ → Reykjavík - Elliðavogur. Sótt 16.11.2015.

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 171
Reykjavík 2016
Öll réttindi áskilin.

## Efnisyfirlit

Formáli ........ 3
1. Byggðakönnun ........ 5
1.1 Saga svæðisins ........ 6
1.1.1 Staðhættir og örnefni ........ 6
1.1.2 Upphaf byggðar á svæðinu – Erfðafestubýli ........ 8
1.1.3 Hernámsárin – Braggabyggð á svæðinu ........ 19
1.1.4 Iðnaðarhverfið við Elliðaárvog ........ 20
2. Skráning menningarminja – Fornleifaskrá og húsakönnun ........ 54
2.1 Almennt um verndun menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja ........ 54
2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja 56
2.3 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar ........ 58
2.3.1 Skrá yfir fornleifar og yngri minjar ........ 58
2.3.2. Varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar ........ 64
2.4 Húsakönnun ........ 65
2.4.1 Húsaskrá Reykjavíkur – Vogabyggð – Svæði 1 ........ 67
2.4.2 Húsaskrá Reykjavíkur – Vogabyggð – Svæði 2 ........ 77
2.4.3 Húsaskrá Reykjavíkur – Vogabyggð – Svæði 3 ........ 100
2.4.4 Varðveislumat fyrir hús og mannvirki ........ 135
Heimildaskrá ........ 144

# Formáli

Hér fer á eftir rannsókn byggðar og skrá yfir menningarminjar á skipulagssvæði sem kallað hefur verið *Vogabyggð* og liggur vestan Elliðaárvogs.[1] Byggðakönnunin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna deiliskipulagsgerðar fyrir svæðið.

Ákvæði um deiliskipulag er að finna í 37. grein **skipulagslaga nr. 123/2010** og þar segir:

> *Þegar unnið er **deiliskipulag í þegar byggðu hverfi** skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð **húsakönnunar**.*

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi" áður en deiliskipulag er afgreitt.[2] Samkvæmt lögunum eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri friðuð.[3] Jafnfram er kveðið á um að eigendum: „…húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa."[4]

Minjasafn Reykjavíkur, nú Borgarsögusafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert húsakannanir í samræmi við ofangreint ákvæði skipulagslaga og eru þær hluti af gögnum vegna deiliskipulagsgerðar.[5] Húsakönnun er „byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda."[6] Húsakönnun sem unnin er fyrir hefðbundið deiliskipulag er tvíþætt; ***byggðakönnun*** með sögulegu yfirliti um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins og ***húsakönnun*** með húsaskrá og mati á varðveislugildi einstakra húsa.

Fornleifaskráning felur í sér skráningu fornleifa eftir heimildum og yfirborðskönnun en minjar geta einnig leynst undir yfirborði. Forsenda þess að geta verndað fornleifar og komið í veg fyrir að framkvæmdaaðilar brjóti óafvitandi lög með því að skemma þær er að hafa vitneskju um tilvist þeirra og staðsetningu.[7] Þegar fornleifaskráning er unnin fyrir hefðbundið deiliskipulag eru gerðar „auknar kröfur til vettvangsvinnunnar, aðallega um uppmælingu minja og ítarlegri leit að fornleifum á framkvæmdarsvæðum".[8]

Apríl 2016,

María Karen Sigurðardóttir,<br>
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,<br>
Borgarsögusafni Reykjavíkur

---

[1] Sjá skipulagslýsingar vegna deiliskipulags: Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://reykjavik.is/ → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Vogabyggð, lýsingar - Svæði nr. 1-3. Sótt 5. júní 2015.
[2] *Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012*. Tóku gildi 1. janúar 2013. Vefur Alþingis. Vefslóð: http://www.althingi.is/ → Lagasafn → Leit í lagasafni: Lög um menningarminjar.
[3] *Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012*, 7. kafli, 29. gr.
[4] *Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012*, 7. kafli, 30. gr.
[5] Sjá skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur. Vefur Borgarsögusafns Reykjavíkur. Vefslóð: http://borgarsogusafn.is/ → Árbæjarsafn → Útgáfa → Skýrslur.
[6] Minjastofnun Íslands: „Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana". Óútgefið leiðbeiningarit. Húsafriðunarnefnd 2009.
[7] Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: http://www.minjastofnun.is/ → Minjar → Skráning fornleifa http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/. Sótt 3. júlí 2014.
[8] *Skráningarstaðlar fornleifa*, bls. 2. Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: http://www.minjastofnun.is/ → Minjar → Skráning fornleifa → Skráningarstaðlar → Pdf-skjal. Sótt 3. júlí 2014.

# 1. Byggðakönnun

Hér fer á eftir umfjöllun um byggðasögu skipulagssvæðis sem kallað hefur verið *Vogabyggð* og liggur vestan Elliðaárvogs. Heildarsvæðið afmarkast nokkurn veginn af Sæbraut til vesturs, Kleppsmýrarvegi og lóðamörkum Kjalarvogs 10 til norðurs, Elliðaárvogi til austurs og mislægum gatnamótum Miklubrautar og Sæbrautar til suðurs. Svæðinu er skipt í fjögur deiliskipulagssvæði (sjá mynd 1) og eru þrjú þeirra til umfjöllunar hér:[9]

### Vogabyggð – Svæði 1 – Gelgjutangi

Svæðið afmarkast til vesturs af línu sem dregin er úr Kleppsmýrarvegi í Elliðaárvog, til norðurs af Kleppsmýrarvegi og lóðamörkum Kjalarvogs 10 og til austurs og suðurs af Elliðaárvogi.[10]

### Vogabyggð – Svæði 2 – Norðursvæði milli Tranavogs og Gelgjutanga

Svæðið afmarkast til vesturs af Sæbraut, til norðurs af Kleppsmýrarvegi og línu sem dregin er úr Kleppsmýrarvegi í Elliðaárvog, til austurs af Elliðaárvogi og til suðurs af línu sem dregin er úr Elliðaárvogi eftir Tranavogi að Sæbraut.[11]

### Vogabyggð – Svæði 3 – Miðsvæði sunnan Tranavogs og norðar Súðarvogs að Sæbraut

Svæðið afmarkast til vesturs af Sæbraut, til norðurs af línu sem dregin er úr Elliðaárvogi eftir Tranavogi að Sæbraut og til austurs og suðurs af sveigðri línu sem dregin er úr Elliðaárvogi í Súðarvog að gatnamótum við Sæbraut.[12]




**Mynd 1** Afmörkun deiliskipulagssvæða í Vogabyggð.[13]

---

[9] Ekki verður unnið deiliskipulag fyrir suðursvæðið (svæði 4) að sinni.

[10] *Vogabyggð svæði 1 - Gelgjutangi*. Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags. Umhverfis- og skipulagssvið. Dags. 28. apríl 2014. Sjá: Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Vogabyggð, lýsingar - Svæði nr. 1-3.

[11] *Vogabyggð svæði 2 - Norðursvæði milli Tranavogar og Gelgjutanga*. Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags. Umhverfis- og skipulagssvið. Dags. 28. apríl 2014. Sjá: Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Vogabyggð, lýsingar - Svæði nr. 1-3.

[12] *Vogabyggð svæði 3 - Miðsvæði sunnan Tranavogar og norðar Súðarvogar að Sæbraut*. Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags. Umhverfis- og skipulagssvið. Dags. 28. apríl 2014. Sjá: Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Vogabyggð, lýsingar - Svæði nr. 1-3.

[13] Kort gert af Þórarni Jóni Jóhannssyni, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, landupplýsingadeild.

# 1.1 Saga svæðisins

## 1.1.1 Staðhættir og örnefni

Svæðið sem hér er fjallað um nær yfir hluta af því landi sem á öldum áður tilheyrði jörðinni *Kleppi*. Kleppur byggðist snemma úr landi Laugarness, en landamerki Laugarness og Klepps lágu í línu frá svokölluðum *Þrísteinum* í Sogamýri, meðfram Langholti og norður eftir Laugarási að sjó. Að sunnanverðu hafði Kleppur landamerki á móti jörðinni Bústöðum og lá línan frá Þrísteinum yfir í *Merkjalæk* (Markalæk) svokallaðan sem féll í Elliðaárvog. Suðurlandsbraut liggur nú nokkurn veginn í sömu línu og þessi fornu landamerki.[14]

Bæjarstjórn Reykjavíkur keypti jörðina Klepp ásamt Laugarnesi árið 1885 í því skyni að tryggja Reykvíkingum aukið land til beitar, ræktunar og mótöku. Þá upphófust miklar deilur um landamerki milli bæjarstjórnar og H. Th. A. Thomsen, eiganda Bústaða. Thomsen vildi meina að landamerkjalínan milli Klepps og Bústaða lægi frá Þrísteinum yfir í *Gelgjutanga*. Þríhyrningslaga landsvæði sem afmarkast af Þrísteinum, Merkjalæk og Gelgjutanga (og er nokkurn veginn svæðið sem hér er til umfjöllunar), átti því samkvæmt Thomsen að tilheyra Bústaðalandi. Deilunum, sem stóðu frá 1891 til 1893, lauk þó með því að úrskurðað var að landamerkin milli Klepps og Bústaða skyldu vera úr Þrísteinum í Merkjalæk, sem ráða skyldi mörkum til sjávar. Þar með var staðfest að landsvæðið tilheyrði Kleppi. Árið 1894 var svæðið svo lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur með jörðinni Kleppi, ásamt Laugarnesi.[15]



**Mynd 2** Hér sjást landamerki jarðarinnar Klepps á korti af gamla bæjarlandinu.[16]

---

[14] Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*, bls. 300.

[15] Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*, bls. 298 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund.* 2. bindi (H-P), bls. 102, 117 og 124 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar*. Fyrri hluti, bls. 45 og 50-51.

[16] Hluti af korti af gamla bæjarlandinu sem Karl Benediktsson vann eftir gömlum Reykjavíkurkortum og kortum eftir Guðlaug R. Guðmundsson. Hér tekið eftir: Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 8-9.

Vestur af svæðinu sem hér er til umfjöllunar rís syðsti hluti þess hæðarhryggs sem nefndur hefur verið *Langholt* (*Dragháls*) en sunnar var *Sogamýri*, mýrarfláki sem náði allt frá Grensási suðaustur að Bústaðaholti. Úr Sogamýri rann áðurnefndur *Merkjalækur* út í Elliðaárvog. Norðan svæðisins lá *Kleppsmýri*, stór mýrarfláki vestur og suður af Kleppstúni, og um norðurhluta svæðisins lá *Hámýri*, mýrarsvæði vestur af Gelgjutanga.[17]




**Mynd 3** Örnefni á svæðum kringum Elliðaárvog.[18]

Austan svæðisins liggur *Elliðaárvogur* (stundum nefndur Elliðavogur). Elliðarárvogur er vestastur þeirra voga sem ganga inn úr *Kollafirði*. Upphaflega átti nafnið aðeins við innsta hluta vogsins, milli Gelgjutanga og Ártúnshöfða, en hefur síðar verið látið ná til sundsins milli Klepps og Gufuness.[19] *Gelgjutangi* er smánes sem skagar út í Elliðaárvog á móts við

[17] Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*, bls. 300 og 303-304 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), bls. 103 og 113 – Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, kort bls. 8-9 – Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund,* 4. bindi, kort bls. 175.

[18] Borgarvefsjá: Kort úr LUKR (Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar) 2006. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Örnefni sett inn af Önnu Lísu Guðmundsdóttur, Borgarsögusafni. Heimildir um örnefni: Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund,* 4. bindi, bls. 175 og 180 – Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*.

[19] Svavar Sigmundsson: „Elliðaár“. Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Vefslóð: http://www.arnastofnun.is → Gagn og gaman → Pistlar → Pistlar um örnefni og nöfn → Elliðaár. Sótt 02.06.2015 – Svavar Sigmundsson. „Hvað merkir örnefnið Kleppur og hvar er Kleppsvík?“. Vísindavefurinn (3.5.2012). Vefslóð: http://visindavefur.is → Leit: „Kleppur“. Sótt 02.06.2015 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 124.

Grafarvog. Fyrir botni Elliðaárvogs eru ósar *Elliðaánna* sem renna nú eftir manngerðum rásum til sjávar, en áður voru þarna miklar leirur. Á tímabilinu 1965-1975 voru gerðar miklar uppfyllingar á svæðinu svo að ásýnd og náttúra *Elliðaárósa* breyttist mjög. Við framkvæmdirnar urðu til tveir flatlendir tangar eða nes og er hið eystra þeirra kallað *Geirsnef* en nyrst á hinu er gatan Naustavogur og smábátahöfn Snarfara. Þröngur vogur sem myndaðist vestan uppfyllinganna hefur verið kallaður *Arnarvogur*.[20]

Sjávarbakkinn vestan Arnarvogs (Elliðaárvogs) er myndaður af þykkum setlögum sem kallast *Háubakkar*. Í setlögunum sjást áhrif mikilla loftslags-breytinga á ísöld en þau eru sennilega um 200 þúsund ára gömul. Setlögin eru um 8 metrar á þykkt og er þar meðal annars að finna undir grágrýtislagi um 20 cm þykkt surtarbrandslag. Í því eru fræ, aldin og frjókorn ýmissa jurtategunda. *Háubakkar* voru friðlýstir samkvæmt náttúruverndarlögum árið 1983.[21]

Norðan við Háubakka eru svokölluð *Björg* eða Björgin. Fyrir sunnan þau er gil sem mun hafa verið nefnt *Naustagil*.[22] Norðar, sunnan Gelgjutanga, finnst örnefnið *Götugil*.[23]




**Mynd 4** Kort af verndarsvæði Háubakka.[24]

## 1.1.2 Upphaf byggðar á svæðinu – Erfðafestubýli

Árið 1918 var skipuð nefnd til að íhuga framtíðarræktun bæjarlandsins og upp úr því var byrjað að framræsa og þurrka upp í stórum stíl mýrlendið austan bæjarins; í Laugardal, Kringlumýri, Fossvogi, Vatnsmýri, Sogamýri og einnig í landi Klepps.[25] Á landsvæðunum sem þurrkuð voru reis á 2. og 3. áratugnum fjöldi smábýla á svokölluðum erfðafestublettum sem bærinn útvísaði mönnum úr landinu. Útdeiling erfðafestulóða úr landi Reykjavíkur hófst árið 1859 er lóðum næst þéttbýlinu í Kvosinni var úthlutað til ræktunar, en færðist svo að útjöðrum bæjarlandsins, eftir því sem það stækkaði. Markmiðið með útdeilingu erfðafestulanda var að gefa bæjarbúum kost á landi til ræktunar og búrekstrar. Blettirnir voru afhentir til eignar gegn árlegri leigu, en bærinn hafði forkaupsrétt við sölu blettanna og erfðafestuhafar voru skyldaðir til að láta af hendi byggingarlóðir úr þeim, ef á þyrfti að halda, gegn niðurfærslu á árgjaldinu.[26] Eftir 1900 var þeim hugmyndum mjög haldið á lofti að

[20] Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*, bls. 304 – Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund,* 4. bindi, kort bls. 175.

[21] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund,* 2. bindi (H-P), bls. 36 – Vefur Umhverfisstofnunar. Vefslóð http://www.ust.is → Einstaklingar → Náttúra → Friðlýst svæði → Háubakkar, Reykjavík. Sótt 02.06.2015.

[22] Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*, bls. 304 – Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund,* 4. bindi, kort bls. 175.

[23] Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund,* 4. bindi, kort bls. 175.

[24] Vefur Umhverfisstofnunar. Vefslóð http://www.ust.is → Einstaklingar → Náttúra → Friðlýst svæði → Háubakkar, Reykjavík → Kort af friðlýsta svæðinu. Sótt 02.06.2015.

[25] Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar*. Fyrri hluti, bls. 53 – Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin*, bls. 106.

[26] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund.* 2. bindi (H-P), bls. 126 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar*. Fyrri hluti, bls. 47-49 – Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við sundin*, bls.39 – Eggert Þór Bernharðsson: *Sveitin í sálinni*, bls. 63-69.

verkamenn í þéttbýli ættu að geta haft dálítinn búskap sér til lífsviðurværis samhliða verkamannavinnunni. Jafnframt var slíkt talið stuðla að jákvæðum áhrifum sveitamennsku gegn neikvæðum áhrifum kaupstaða.[27]

Úr hinu gamla landi Klepps, í Kleppsmýri austan Langholtsvegar, var úthlutað svokölluðum *Kleppsmýrarblettum*. Það svæði sem hér er til umfjöllunar er á þeim slóðum þar sem syðstu Kleppsmýrarblettirnir voru (Kleppsmýrarblettir 9-17), en þeim var flestum úthlutað á árunum 1928–1929. Hins vegar var erfðafesturétturinn í mörgum tilfellum framseldur frá manni til manns næstu árin og ekki byggt á löndunum fyrr en nokkrum árum eftir að þeim hafði fyrst verið úthlutað. Á 4. áratugnum og fram á þann 5. reis hins vegar hvert nýbýlið á fætur öðru á þessu svæði og þá var um að litast þar eins og víða í bæjarlandinu á þessum tíma, þar sem úr sér breiddu græn tún og ræktarlönd og hestar, kindur og kýr ráfuðu um beitarhaga.[28]




**Mynd 5** Hér sjást erfðafestublettir í bæjarlandinu vestan Elliðaárvogs á korti frá 1947. Svæðið sem hér er til umfjöllunar er á þeim slóðum þar sem Kleppsmýrarblettir 9-17 voru og afmarkast af Kleppsmýrarvegi til norðurs og Elliðavogi (núverandi Sæbraut) til vesturs.[29]

Þarna á Kleppsmýrarblettum við Elliðaárvog risu nýbýlin *Vogatunga*, *Ós* (seinna nefnt *Arnarvogur*), *Vík* og *Bali*, *Strönd*, *Birkibær*, *Steinahlíð* og *Útskálar*.[30]

Af þessum býlum voru *Ós* eða *Arnarvogur*, *Strönd*, *Útskálar* og *Bali* (sem stóð í landi *Víkur*) á því svæði sem seinna lenti austan götunnar Elliðavogs (Sæbrautar), þar sem iðnaðarhverfið við Elliðaárvog reis, sem hér er til umfjöllunar.[31] Húsin sem tilheyrðu þessum býlum eru nú öll horfin.

---

[27] Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar*. Fyrri hluti, bls. 52-53.

[28] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 51.

[29] Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík 1947 (hluti), gert af AB Kartografiska Institutet, Stokkhólmi. Prentað eintak. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: Reykjavík 1947. Sótt 03.10.2015.

[30] Helga Maureen Gylfadóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Vogahverfi*, bls. 12-20.

[31] Að auki féllu innan þess svæðis sem hér er til umfjöllunar hlutar af löndum Kleppsmýrarbletts 10 (*Vogatungu*) og Kleppsmýrarbletts 14, en á þeim hlutum erfðafestublettanna stóðu ekki hús. Kleppsmýrarblettur 9, sem fellur innan skipulagssvæðisins (norðurhluti svæðis 2), var óbyggður.

### Erfðafestubýli á svæðinu

| Heiti og númer lands | Heiti býlis | Götuheiti og húsnúmer | Núverandi staða |
|---|---|---|---|
| Kleppsmýrarblettur 9 | | | |
| Kleppsmýrarblettur 10 | *Vogatunga* | Barðavogur 14 | Íbúðarhús stendur enn |
| Kleppsmýrarblettur 11 | *Ós / Arnarvogur* | | Horfið |
| Kleppsmýrarblettur 12 | *Vík* | Langholtsvegur 145 | Íbúðarhús stendur enn |
| Kleppsmýrarblettur 12 | *Bali* | | Horfið |
| Kleppsmýrarblettur 13 | *Strönd* | | Horfið |
| Kleppsmýrarblettur 14 | | Langholtsvegur 163 | Horfið |
| Kleppsmýrarblettur 15 | *Birkibær* | Eikjuvogur 25 | Íbúðarhús stendur enn |
| Kleppsmýrarblettur 16 | *Steinahlíð* | Suðurlandsbraut 75 | Íbúðarhús stendur enn |
| Kleppsmýrarblettur 17 | *Útskálar* | | Horfið |

Húsin sem tilheyrðu hinum býlunum lentu flest vestan Elliðavogs (Sæbrautar), þar sem íbúðahverfið Vogahverfi byggðist á 5. og 6. áratug 20. aldar. Þau voru mörg hver felld inn í skipulag hverfisins og standa þar enn innan um yngri hús.[32]




**Mynd 6** Svæðið á korti frá 1947 sem sett hefur verið yfir kort af svæðinu í dag (2015). Hér sjást þau erfðafestulönd og býli sem lentu innan skipulagssvæðisins sem hér er til umfjöllunar: Kleppsmýrarblettur 9 (óbyggður), Kleppsmýrarblettur 11 (*Ós/Arnarvogur*) og Kleppsmýrarblettur 13 (*Strönd*) og hlutar af Kleppsmýrarblettum 10 (*Vogatunga*), 12 (*Vík* og *Bali*) og 14.[33]

[32] Helga Maureen Gylfadóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Vogahverfi*, bls. 12-20.

[33] Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík og Seltjarnarnesi 1947 (hluti), teiknað af Ágústi Guðmundssyni. Prentað eintak. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: Reykjavík 1947. Sótt 03.10.2015 – Borgarvefsjá: Kort úr LUKR (Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar) 2015. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Samsett kort unnið af Önnu Lísu Guðmundsdóttur, Borgarsögusafni.

Hér á eftir fer umfjöllun um þau býli sem áður stóðu á svæði iðnaðarhverfisins við Elliðaárvog.

### 1.1.2.1 Kleppsmýrarblettur 11 – *Ós / Arnarvogur*

Kleppsmýrarblettur 11 lá í Kleppsmýrinni suðaustanverðri, norðan við Engjaveg og niður að Elliðaárvogi, en á þeim tíma þegar erfðafestulöndum var úthlutað á þessum slóðum lá Engjavegur frá Þvottalaugunum austur yfir Langholtsveg og allt niður að Elliðaárvogi. Sá hluti hluti Engjavegar sem lá frá Langholtsvegi að Elliðaárvogi breyttist seinna í framhald af Snekkjuvogi, sem enn síðar breyttist í götuna Tranavog.

Kleppsmýrarbletti 11 var fyrst úthlutað á erfðafestu árið 1928, til Einars nokkurs Runólfssonar trésmiðs.[34] Næstu árin var erfðafesturétturinn framseldur frá manni til manns þar til hann fór til Eggerts Ólafssonar lýsismatsmanns (1896-1968). Eggert bjó ekki sjálfur á landinu heldur svili hans Kristján Guðmundsson frá Kálfalæk og reisti hann þar íbúðarhús og fjós árið 1937, eftir teikningum Pjeturs Ingimundarsonar forsmiðs. Íbúðarhúsið, sem var kallað *Ós*, var einlyft, bárujárnsklætt timburhús með valmaþaki. Það stóð suðvestanvert á landinu, hér um bil þar sem nú mætast lóðirnar Súðarvogur 12 og Dugguvogur 1 og 1a. Götuslóði lá að húsinu frá Engjavegi. Fjósið stóð við vesturmörk landsins, þar sem gatan Dugguvogur endar nú við lóðina Dugguvog 2.[35]




**Mynd 7** Býlin *Ós/Arnarvogur*, *Vík*, *Bali* og *Strönd* á loftmynd frá 1946.[36]

Við suðurmörk landsins, nálægt Engjavegi, var á svipuðum tíma reist annað íbúðarhús og stóð það þar sem nú er húsið Dugguvogur 1b. Það virðist hafa verið byggt án leyfis um 1941.

---

[34] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XI (E-nr. 307).

[35] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XI (E-nr. 307) Borgarskjalasafn: Aðf. 747. Brunatrygging húsa 21.06.1937-21.04.1942. Kleppsmýrarblettur 11 (Ós við Engjaveg), brunavirðing dags. 21.11.1937 (brnr. 3523) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Kleppsmýrarblettur 11 (Dugguvogur 1). Sjá:Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Kleppsmýrarblettur 11 / Dugguvogur 1. Sótt 15.05.2015.

[36] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-21. Ljósm. Sigurhans E. Vignir. Skýringar settar inn af Drífu K. Þrastardóttur, Borgarsögusafni.

Það var lítið bárujárnsklætt timburhús með skáþaki. Þar bjó seinna Erlendur Erlendsson bifreiðastjóri ásamt konu sinni og átta börnum.[37]

Árið 1941 eignaðist Hólmjárn Jósefsson Hólmjárn (1891-1972) húsin á landinu ásamt erfðafesturétti. Hólmjárn var búfræðingur að mennt en starfaði lengi sem iðnrekandi í Reykjavík. Hann var forstjóri Smjörlíkis- og efnagerðarinnar Svans hf. á árunum 1930-1938 og ríkisráðunautur í loðdýrarækt á árunum 1937-1948. Hólmjárn byggði fugla- og geymsluhús á landinu árið 1942 (líklega við norðurgafl fjóssins) og árið 1943 stækkaði hann eldra íbúðarhúsið með viðbyggingu við suðurhlið. Í hans tíð virðist eignin hafa verið kölluð *Arnarvogur*.[38]




**Mynd 8** Svæðið á korti frá 1947, þegar byrjað var að skipuleggja og byggja upp hið nýja íbúðarhverfi Vogahverfi þar sem áður höfðu verið erfðafestubýli á Þvottalauga- og Kleppsmýrarblettum. Skipulögð byggð er ekki enn risin austan Langholtsvegar á þessum tíma, þar sem iðnaðarhverfið við Elliðaárvog byggðist seinna. Þar standa enn þau hús sem tilheyrðu býlunum *Ósi/Arnarvogi* og *Strönd* (sunnan Snekkjuvogs). [39]

Árið 1946 fékk Jón F. Kjartansson (1893-1972) erfðafestubréf fyrir landinu með þeim húsum sem á því stóðu. Jón var þekktur athafnamaður í Reykjavík og átti og rak meðal annars

[37] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XI (E-nr. 307) Borgarskjalasafn: Aðf. 747. Brunatrygging húsa 21.06.1937-21.04.1942. Kleppsmýrarblettur 11 (Ós við Engjaveg), brunavirðing dags. 01.11.1941 (brnr. 3523).

[38] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XI (E-nr. 307) – Borgarskjalasafn: Aðf. 748. Brunatrygging húsa 21.04.1942-01.06.1943. Kleppsmýrarblettur 11 (Ós við Engjaveg), brunavirðing dags. 01.11.1942 (brnr. 3523) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Kleppsmýrarblettur 11 (Dugguvogur 1). Sjá:Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Kleppsmýrarblettur 11 / Dugguvogur 1. Sótt 15.05.2015 – *Íslendingaþættir Tímans*, 11. maí 1972, bls. 1.

[39] Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík og Seltjarnarnesi 1947 (hluti), teiknað af Ágústi Guðmundssyni. Prentað eintak. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: Reykjavík 1947. Sótt 03.10.2015.

Sælgætisgerðina Víking hf. og Smjörlíkisgerðina Svan. Árið 1952 framseldi Jón erfðafesturéttinn til konu sinnar Salvarar Ebenezersdóttur (1898-1983).[40]

Árið 1954 var hluti af landinu tekinn úr erfðafestu. Þá var verið að skipuleggja iðnaðarhverfi á svæðinu og úthluta þar lóðum. Ráðgert var að leggja götuna Súðarvog í gegnum landið og fór austari hluti þess undir lóðir austan Súðarvogs, þ.e. hluta af lóðinni Súðarvogi 5 (Steinstólpar hf.), Súðarvog 7 (Jakob Jakobsson) og Súðarvog 9 (vélsmiðjan Tækni hf.). Á þessum tíma var einnig lóðin Súðarvogur 6, vestan Súðarvogs, tekin úr norðvesturhluta landsins (Sveinbjörn Sveinbjörnsson útgerðarmaður) ásamt hluta lóðarinnar Súðarvogs 4 (Glersteypan hf.).[41]



**Mynd 9** Húsið *Ós* í desember 1973, þegar barnaheimilið *Ós* var starfrækt þar.[42]

Árið 1966 var það sem eftir var af landinu tekið úr erfðafestu vegna lagningar Dugguvogs og væntanlegra byggingarframkvæmda. Íbúðarhúsið sem byggt var í óleyfi um 1941, lenti innan lóðarinnar Súðarvogs 14 og var fjarlægt fyrir 1971. Þar sem það stóð var seinna reist iðnaðarhúsið Dugguvogur 1b. Sá hluti landsins sem fjósið stóð á lenti innan lóðarinnar Dugguvogs 2, en þar var byggt stórt iðnaðar- og skrifstofuhús á árunum 1971-1972. Þá stóð fjósið enn, en um 1975 var búið að fjarlægja það. Eldra íbúðarhúsið (*Ós*) fékk lóð sem seinna var skipt í þrjár lóðir, Súðarvog 12, Dugguvog 1 og Dugguvog 1a. Á árunum 1973-1977 var starfrækt barnaheimili í gamla íbúðarhúsinu. Það var nefnt *Ós* eftir húsinu og var rekið af foreldrum með styrk frá ríki og borg. Starfsemin var flutt úr húsinu árið 1977 en barnaheimilið *Ós* er enn rekið með sama nafni og hefur frá 1986 verið til húsa að Bergþórugötu 20.[43] Á lóðinni Dugguvogi 1 var byggt verkstæðishús á árunum 1979-1981, rétt vestan við gamla íbúðarhúsið. Það stóð þó á sínum stað allt til ársins 1986 en var þá fjarlægt.[44] Ekki hefur verið byggt á lóðunum Dugguvogi 1a og Súðarvogi 12.

---

[40] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XI (E-nr. 307) – *Morgunblaðið*, 30. nóvember 1990, bls. 48.

[41] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XI (E-nr. 307).

[42] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÞJV 045 066 5-3. Ljósm. Þjóðviljinn.

[43] VH: „Ós. Þar leggja foreldrarnir sjálfir fram vinnu til skiptis". *Þjóðviljinn*, 11. desember 1973, bls. 8-9 – Helgi Pétursson: „Slá blettinn – takk! Litið inn á barnaheimilið Ós". *Tíminn*, 4. september 1974, bls. 8 – Þjóðviljinn, 9. desember 1977, bls. 11 – Vefur leikskólans Óss. Vefslóð: http://www.leikskolinn.is/os/ → Um leikskólann →Saga skólans. Sótt 08.12.2015.

[44] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XI (E-nr. 307) – Borgarsögusafn Reykjavíkur: Húsaskrá Reykjavíkur (Dugguvogur – Ós við Engjaveg).




**Mynd 10** Loftmynd tekin í mars 1946, austur yfir svæðið vestan Elliðaárvogs. Merkt eru inn þau býli og hús sem stóðu á erfðafestublettum á svæðinu ásamt herskálasvæðinu *Camp Monmouth* sem reis þar á stríðsárunum. Langholtsvegur liggur í sveig gegnum svæðið. Frá honum liggur Kleppsmýrarvegur út á Gelgjutanga (til vinstri) og sunnar (til hægri) framhald af Engjavegi (seinna Snekkjuvogur/Tranavogur).
Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-21. Ljósm. Sigurhans E. Vignir. Skýringar settar inn af Drífu K. Þrastardóttur, Borgarsögusafni.

### 1.1.2.2 Kleppsmýrarblettur 12 – *Vík* og *Bali*

Næst vestan við Kleppsmýrarblett 11 var land býlisins *Víkur*, Kleppsmýrarblettur 12. Því landi var úthlutað á erfðafestu til Högna Halldórssonar bónda (1896-1984) og Ágústs Ármanns (1893-1949) árið 1929. Í norðvesturhorni landsins byggði Högni íbúðarhús árið 1933 og stendur það enn við Langholtsveg 145.[45]




**Mynd 11** Svæðið á loftmynd frá 1949. Hér sést hvernig býlin næst Langholtsvegi eru að hverfa inn í hina skipulögðu íbúðabyggð í Vogunum en svæðið nær Elliðaárvogi hefur ekki enn verið skipulagt.[46]

Á norðausturhluta landsins byggði Högni röð útihúsa; alifuglahús, fjós, heyhlöðu og svínahús, á árunum 1934-1942. Vesturendi útihúsanna stóð hér um bil þar sem nú er bílskúr við húsið Barðavog 21 en austasta húsið nálægt því þar sem nú er norðvesturhorn hússins Dugguvogs 2. Að hluta til stóðu þessi hús seinna í vegarstæði götunnar Elliðavogs (Sæbrautar) og árið 1952 heimilaði bæjarráð kaup á þeim vegna fyrirhugaðrar veglagningar. Austasta útihúsið, lítill timburskúr, virðist hafa verið flutt til um 1957-1958, úr vegarstæðinu og inn á lóð sem lenti seinna austan hins nýja vegar. Á árunum 1971-1972 var húsið Dugguvogur 2 byggt á þeirri lóð og virðist timburskúrinn hafa staðið við norðurenda þess allt

---

[45] Um Kleppsmýrarblett 12 og Langholtsveg 145 sjá einnig: Helga Maureen Gylfadóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Vogahverfi*, bls. 16.

[46] Borgarsögusafn: Kortasafn. Reykjavík 1949. Loftmyndakort af Reykjavík gert af Mælingadeild Reykjavíkur og Ágústi Böðvarssyni (hluti). Myndir teknar 1. september 1949. Frummynd varðveitt á Borgarsögusafni Reykjavíkur. Skýringar settar inn af Drífu K. Þrastardóttur, Borgarsögusafni.

til ársins 2011.[47] Útihúsin sem eftir stóðu á landinu munu hafa verið fjarlægð árið 1966 og var lagningu götunnar Elliðavogs haldið áfram til suðurs eftir það.[48]




**Mynd 12** Hér sjást þau hús sem stóðu á svæðinu árið 1954 og útlínur þeirra húsa sem standa á svæðinu í dag (2015). Merkt eru með stjörnu þau hús sem tilheyrðu býlunum *Ósi/Arnavogi*, *Bala* og *Strönd*.[49]

Í suðausturhorni blettsins, nálægt Engjavegi, hafði Högni byggt hænsna- og útungunarhús árið 1934. Það var lítið bárujárnsklætt timburhús á steyptum grunni og með skáþaki. Þetta hús mun Jakob Þ. Jóhannsson vörubifreiðastjóri (1908-1993) hafa fengið til umráða árið 1937, ásamt skika úr þessum hluta landsins. Jakob breytti hænsnahúsinu í íbúðarhús og bjó þar síðan með fjölskyldu sinni fram yfir 1960. Húsið var kallað *Bali*. Sá landskiki sem heyrði undir *Bala* var á þeim slóðum þar sem nú er lóðin Dugguvogi 4 og gatan Sæbraut (áður Elliðavogur) þar vestan við. Á næstu árum byggði Jakob nokkra skúra eða útihús á landinu (hesthús, hlöðu, geymsluskúr og hænsnakofa), að því er virðist án leyfis

[47] Líklega er um að ræða geymsluhús/timburskúr sem sagður er standa á eða rétt við lóðina nr. 105 við Elliðavog og var leyft að flytja 1957 /58. Lóðin sem húsið virðist hafa verið flutt á er nú skráð við Dugguvog 2, en lóðin sem var áður skráð nr. 105 við Elliðavog er nú skráð við Súðarvog 2f og er næsta lóð norðan við Dugguvog 2. Sjá Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XII (E-nr. 308) og skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Langholtsveg 145 (B-nr. 2816) og Súðarvog 2f (B-nr. 7102) – Sjá einnig Borgarvefsjá: Loftmyndir 1954 og 1965. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1954 og Reykjavík árið 1965. Sótt í júní 2015.

[48] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XII (E-nr. 308) og skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Langholtsveg 145 (B-nr. 2816).

[49] Borgarvefsjá: Loftmynd 1954 með þemum: Húsaútlínur, götuheiti, húsnúmer. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1954. Sótt í júní 2015. Skýringar settar inn af Drífu K. Þrastardóttur, Borgarsögusafni.

byggingaryfirvalda. Íbúðarhúsið mun Jakob hafa eignast formlega árið 1951 þegar hann keypti það af erfingjum Ágústs Ármanns. Árið 1960 voru útihúsin sem tilheyrðu *Bala* rifin vegna fyrirhugaðrar veglagningar og byggingarframkvæmda á svæðinu og íbúðarhúsið var líklega rifið 1961. Þar sem húsin höfðu staðið var húss Slippfélagsins að Dugguvogi 4 reist á árunum 1965-1970.[50]

### 1.1.2.3 Kleppsmýrarblettur 13 – *Strönd*

Kleppsmýrarblettur 13 lá í Kleppsmýrinni suðaustanverðri, sunnan við Engjaveg og niður að Elliðaárvogi. Blettinum var fyrst úthlutað á erfðafestu árið 1928, til Jóhanns Fr. Kristjánssonar húsasmiðs.[51] Árið 1930 hafði Jóhann ekki enn hafið ræktun á landinu, sem var skilyrði fyrir erfðafesturéttinum, svo að hann var veittur þeim Lúðvíki Sigmundssyni vélstjóra (1903-1947) og Árna Ó. Pálssyni bifreiðastjóra (1898-1978).[52] Lúðvík og Árni fengu árið 1931 leyfi til að byggja sumarbústað á landinu. Húsið var virt tveimur árum seinna sem íbúðarhús við Engjaveg. Það var lítið járnklætt timburhús, einlyft með risi og stóð á norðurvesturhluta landsins. Þar sem það stóð er nú austurendi hússins Dugguvogs 8.[53]

Árið 1934 var erfðafesturétturinn framseldur til Friðriks Pálssonar verslunarmanns. Hann reisti steinsteypt hænsnahús á landinu á árunum 1934-1935. Það stóð austar en íbúðarhúsið og var vesturendi þess þar sem nú er norðurendi hússins nr. 9-11 við Dugguvog en austurendinn þar sem gatan Kænuvogur var lögð. Einnig byggði Friðrik inngönguskúr við íbúðarhúsið og nýjan kjallara undir það.[54]

Árið 1940 var búið að lengja íbúðarhúsið til norðurs með viðbyggingu úr timbri. Þá var það í eigu Andrésar Péturssonar rennismiðs (1911-2000) og Ingimars Sölvasonar loftskeytamanns (1910-1940) og var kallað *Strönd* við Engjaveg. Ingimar lést í október 1940 þegar togarinn Bragi fórst við vesturströnd Englands og var hans hlutur eftir það í eigu ekkju hans, Guðnýjar Þorbjörnsdóttur.[55]

Á árum seinni heimsstyrjaldarinnar lagði hernámsliðið undir sig suðurhluta landsins og settu Bretar þar í fyrstu upp búðir fjarskiptaliða, svokallaðan *Gíbraltar-kamp*. Hann rann síðar saman við stærra braggahverfi sem Bandaríkjamenn reistu á svæðinu og kölluðu *Camp Monmouth* (sjá kafla 1.1.3).[56]

Árið 1949 var suðurhluti landsins tekinn úr erfðafestu og árið 1955 var svo allur bletturinn tekinn úr erfðafestu vegna byggingarframkvæmda. Þá stóðu á landinu íbúðarhúsið *Strönd* og hænsnahúsið, auk útihúss (geymslu) sem stóð skammt suðvestan við íbúðarhúsið

---

[50] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XII (E-nr. 308) og skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Langholtsveg 145 (B-nr. 2816) – *Vísir*, 27. júlí 1961, bls. 6.
[51] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XIII (E-nr. 309).
[52] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XIII (E-nr. 309) – *Leiðarvísir um Reykjavík (Bæjarskrá) 1929*, bls. 17, 175 og 308 – Legstaðaskrá. Vefslóð: gardur.is → Velja úr lista: Legstaðaskrá → Leit: „Lúðvík S. Sigmundsson“ og „Árni Ólafur Pálsson“. Sótt 22.06.2015.
[53] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XIII (E-nr. 309) – Borgarskjalasafn: Aðf. 745. Brunatrygging húsa 21.07.1930-21.07.1933. Kleppsmýrarblettur 13 (við Engjaveg), brunavirðing dags. 21.05.1933 (brnr. 3044) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Kleppsmýrarblettur 13 (Dugguvogur 6). Sjá:Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Kleppsmýrarblettur 13 / Dugguvogur 6. Sótt 15.05.2015.
[54] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XIII (E-nr. 309) – Borgarskjalasafn: Aðf. 746. Brunatrygging húsa 21.08.1933-21.05.1937. Kleppsmýrarblettur 13 (við Engjaveg), brunavirðingar dags. 21.01.1935 og 21.10.1935 (brnr. 3044).
[55] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XIII (E-nr. 309) – Borgarskjalasafn: Aðf. 747. Brunatrygging húsa 21.06.1937-21.04.1942. Kleppsmýrarblettur 13 (við Engjaveg), brunavirðing dags. 01.10.1940 (brnr. 3044) – *Alþýðublaðið*, 31. október 1940, bls. 1.
[56] Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 24-25 og 49 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 126 og 124-125.

og bílskúrs, sem stóð suðaustan við hænsnahúsið, en tvær síðartöldu byggingarnar höfðu verið byggðar án leyfis.[57] Stóðu húsin meðal annars í fyrirhuguðu vegarstæði Dugguvogs og Kænuvogs. Líklega voru þau öll rifin í kringum 1960-1961 en þá hófst fyrir alvöru uppbygging iðnaðarhverfis á svæðinu.[58]



**Mynd 13** Teikning frá 1933 af íbúðarhúsi býlisins *Strandar* sem upphaflega var ætlað sem sumarbústaður.[59]

### 1.1.2.4 Kleppsmýrarblettur 17 – *Útskálar*

Kleppsmýrarblettur 17 var syðsti bletturinn af þeim sem töldust til Kleppsmýrarbletta og lá norðan við Suðurlandsbraut að botni Elliðaárvogar.[60] Vestan við hann var Kleppsmýrarblettur 16 (*Steinahlíð*) en austan hans voru ósar Elliðaánna. Um landið rann *Merkjalækur* úr Sogamýri út í Elliðaárvog.

Kleppsmýrarbletti 17 var fyrst úthlutað á erfðafestu árið 1928, til Kristins Sigurðssonar múrarameistara (1881-1944).[61] Árið 1934 keypti Daníel Kristinsson (1888-1950) bókari eignina og framseldist erfðafesturétturinn þá til hans. Daníel byggði hlöðu úr timbri á landinu árið 1937 og árið 1941 reisti hann þar íbúðarhús sem nefnt var *Útskálar*. Það var einlyft hús með risi, kjallara og útskoti, byggt úr bindingi og múrhúðað að utan með skeljasandi. Húsin stóðu miðsvæðis á landinu, hlaðan suðaustan Merkjalækjar, en íbúðarhúsið

---

[57] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XIII (E-nr. 309).

[58] *Vísir*, 27. júlí 1961, bls. 6.

[59] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Kleppsmýrarblettur 13 (Dugguvogur 6). Sjá:Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Kleppsmýrarblettur 13 / Dugguvogur 6. Sótt 15.05.2015.

[60] Fjallað er hér stuttlega um býlið *Útskála* á Kleppsmýrarbletti 17 þó að það falli ekki innan þess skipulagssvæðis sem hér er til umfjöllunar, en það var eitt af þeim býlum sem lentu austan götunnar Elliðavogs (Sæbrautar) og að hluta til á því svæði þar sem syðsti hluti iðnaðarhverfisins við Elliðaárvog byggðist (Vogabyggð – svæði 4).

[61] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XVII (E-nr. 303).

norðvestan lækjarins. Að því lá vegslóði frá frá Suðurlandsbraut, yfir Merkjalæk. Á landinu byggði Daníel einnig kartöflugeymslu úr torfi og súrheysturn.[62]

Árið 1954 var hluti af blettinum tekinn úr erfðafestu vegna holræsisgerðar. Árið 1963 keypti borgarsjóður eignina *Útskála* af ekkju Daníels, Áslaugu Guðmundsdóttur, og afsalaði hún borgarsjóði erfðafestuspildunni ásamt öllum húsum og mannvirkjum. Munu skipulagssjónarmið hafa ráðið kaupunum. Eftir þetta fékk Pípuverksmiðjan hf. landið til afnota fram í ársbyrjun 1968. Þá stóðu yfir framkvæmdir við gatna- og holræsagerð á svæðinu vegna lagningar götunnar Elliðavogs og fyrirhugað að tengja götuna við Suðurlandsbraut.[63] Á tímabilinu 1970-1975 var Reykjanesbraut síðan lögð og tengd við Elliðavog (Sæbraut) á þessum slóðum og gerð þarna mislæg gatnamót með tengingu við Miklubraut. Húsin sem tilheyrðu *Útskálum* stóðu rétt austan við vegarstæði Elliðavogs og voru fjarlægð vegna framkvæmdanna. Hlaðan var rifin fyrir 1971 en hún stóð þar sem nú er farið upp í norðausturslaufu mislægu gatnamótanna. Íbúðarhúsið var fjarlægt fyrir 1975 en það stóð þar sem nú er aðrein til norðurs að Sæbraut.[64]

### 1.1.3 Hernámsárin – Braggabyggð á svæðinu

Á árunum um og eftir síðari heimsstyrjöld settu braggar og önnur mannvirki hernámsliðsins svip á byggðina á þessum slóðum eins og annars staðar í bænum. Stórt herskálahverfi myndaðist á svæðinu austan Langholtsvegar og sunnan Engjavegar og teygði það sig allt niður að Elliðaárvogi og dreifðist raunar víðar, einnig um löndin vestan Langholtsvegar. Svæði þetta tók yfir stóra hluta af Kleppsmýrarblettum 13 og 14 og hluta af Kleppsmýrarbletti 15, þar sem í dag er gatan Eikjuvogur og iðnaðarhverfið austan Sæbrautar, við Dugguvog, Kænuvog og syðsta hluta Súðarvogs. Á austari hluta svæðisins, Kleppsmýrarbletti 13, þar sem fyrir var býlið *Strönd*, settu Bretar í fyrstu upp búðir fjarskiptaliða, svokallaðan *Gíbraltar-kamp*, eins og áður segir. Hann rann síðar saman við stærra braggahverfi sem Bandaríkjamenn reistu á svæðinu og kölluðu *Camp Monmouth*.[65]

Eftir stríðið fékk Pípugerð eða Pípuverksmiðja Reykjavíkur til afnota hluta af svæðinu (líklega hluta af Kleppsmýrarblettum 14 og 15) ásamt bröggum við Langholtsveg og hafði þar starfsemi fram til ársins 1965.[66]

Margir af bröggum hernámsliðsins á svæðinu voru fjarlægðir fljótlega eftir stríðslok því á síðari hluta 5. áratugarins var byrjað að skipuleggja og reisa íbúðabyggðina í Vogunum, þar sem fyrir voru hinir strjálbýlu Þvottalaugablettir og Kleppsmýrarblettir. Þeir braggar sem eftir voru á athafnasvæði Pípuverksmiðjunnar austan Langholtsvegar voru þó ekki rifnir fyrr en eftir 1965 og þá var klárað að skipuleggja þar áframhald af þeirri íbúðabyggð sem byggst hafði upp allt í kring á síðari hluta 5. áratugarins. Uppbygging iðnaðarhverfisins við Elliðaárvog hófst einnig upp úr 1960 og þá viku þeir hernámsbraggar sem eftir voru á því

---

[62] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XVII (E-nr. 303) – Borgarskjalasafn: Aðf. 747-748. Brunatrygging húsa 21.06.1937-01.06.1943. Kleppsmýrarblettur 17 (við Suðurlandsbraut), brunavirðingar dags. 21.09.1937 og 01.07.1942 (brnr. 3553) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Kleppsmýrarblettur 17. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Kleppsmýrarblettur 17. Sótt 15.05.2015.

[63] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XVII (E-nr. 303).

[64] Sjá Borgarvefsjá: Loftmyndir 1954, 1965, 1971 og 1975. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1954, 1965, 1971 og 1975. Sótt í júní 2015.

[65] Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 24-25 og 49 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 126 og 124-125.

[66] *Þjóðviljinn*, 20. september 1946 , bls. 6 – *Vísir*, 29. desember 1961, bls. 12 – *Alþýðublaðið*, 24. apríl 1966, bls. 10 – *Morgunblaðið*, 26. apríl 1966, bls. 3.

svæði (Kleppsmýrarbletti 13). Engar leifar eru nú sjáalegar á svæðinu eftir hernaðarmannvirki frá þessum tíma.




Loftmynd tekin vestur yfir svæðið í mars 1946. Hér sést vel braggahverfið *Camp Monmouth* sem setti svip sinn á svæðið á hernámsárunum. Ofar sést *Hálogalandskampur* sem var þar sem gatan Skeiðarvogur liggur nú.[67]

## 1.1.4 Iðnaðarhverfið við Elliðaárvog

### 1.1.4.1 Uppbygging iðnaðarsvæðis á Gelgjutanga (1940-1950)

Á Gelgjutanga, litlu nesi sem skagar út í Elliðaárvog nyrst á því svæði sem hér er til umfjöllunar, hófst uppbygging skipasmíðaiðnaðar á árum seinni heimsstyrjaldar. Þangað hafði verið lagður vegur, Kleppsmýrarvegur, á 4. áratugnum og þótti svæðið ákjósanlegt til skipasmíðaiðnaðar.[68] Þar komu nokkur fyrirtæki sér fyrir með báta- og skipasmíðar á árunum 1942-1946.

Á árunum 1942-1943 kom vélsmiðjan *Keilir hf.* sér fyrir á norðanverðum tanganum og reisti þar steinsteypt verksmiðju- og skrifstofuhús eftir teikningum Guðmundar H. Þorlákssonar.[69] Fyrirtækið var stofnað árið 1940 og var þekktast fyrir smíði á tönkum og olíugeymum en starfaði einnig mikið við skipaviðgerðir og var um tíma með umsvifamikinn rekstur á Gelgjutanga.[70]

---

[67] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-18. Ljósm. Sigurhans E. Vignir. Skýringar settar inn af Drífu K. Þrastardóttur, Borgarsögusafni.
[68] *Morgunblaðið*, 22. ágúst 1934 – *Alþýðublaðið* 5. apríl 1935, bls. 1.
[69] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Kleppsmýrarvegur, Keilir. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Kleppsmýrarvegur, Keilir. Sótt 10.02.2015 – Borgarskjalasafn: Aðf. 749. Brunatrygging húsa 01.07.1943-10.05.1945. Hús h.f. Keilis á Gelgjutanga, brunavirðing dags. 01.10.1943 (br.nr. 2408) – *Þjóðviljinn*, 28. júlí 1942, bls. 4 – *Morgunblaðið*, 13. ágúst 1943, bls. 7 og 19. september 1943, bls. 2 – Guðjón Friðriksson: *Hér heilsast skipin*. Síðara bindi, bls. 54.
[70] Sumarliði R. Ísleifsson: *Frá steðja til stafns*, bls. 114.

Á árunum 1943-1945 voru fjögur íbúðarhús byggð á svæðinu eða flutt þangað fyrir starfsmenn fyrirtækisins, og myndaðist þá lítil húsagata vestanvert á móti verksmiðjuhúsinu, en húsin töldust standa við Kleppsmýrarveg. Tvö húsanna voru flutt frá Hörpugötu í Skerjafirði og þurftu væntanlega að víkja þaðan vegna byggingar Reykjavíkurflugvallar á þessum tíma. Húsið *Tangi* sem áður stóð við Hörpugötu 31 var syðsta húsið í röðinni og húsið sem áður var Hörpugata 33 var nyrsta húsið í röðinni.[71] Húsin tvö sem stóðu á milli þeirra virðast hafa verið reist á staðnum. Hið syðra af þeim tveimur, lágreist hús byggt eftir teikningum Gunnlaugs Halldórssonar, mun hafa verið flutt af lóðinni í maí 1982 að Svínadal í Hvalfjarðarsveit.[72] Hin húsin voru fjarlægð af sínum lóðum einhvern tíma á tímabilinu 1984-1990.[73] Lóðir þeirra eru nú hluti af lóðinni Brúarvogi 1-3 þar sem byggt var stórt verslunarhús árið 2008.



**Mynd 14** Eitt af íbúðarhúsum starfsmanna Keilis á Gelgjutanga, komið í niðurníðslu árið 1986. Líklega er þetta þriðja húsið í röðinni frá Kleppsmýrarvegi, teiknað af Guðmundi H. Þorlákssyni á árunum 1943-1944, rifið fyrir 1990.[74]

Árið 1945 fékk fyrirtækið leyfi fyrir lítilli dráttarbraut fyrir 100 smálesta báta á tanganum.[75] Um svipað leyti voru reistar tvær sambyggðar bogaskemmur austan við og samhliða verksmiðjuhúsinu á lóðinni. Árið 1946 keypti fyrirtækið flak af bandarísku flutningaskipi (*Liberty*) og flutti frá Hvalfirði inn að Gelgjutanga og hafði síðan um tíma

---

[71] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Gelgjutangi, Keilir. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Gelgjutangi, Keilir. Sótt 10.02.2015 – Borgarskjalasafn: Aðf. 749. Brunatrygging húsa 01.07.1943-10.05.1945. Tangi við Kleppsmýrarveg, áður Hörpugata 31, brunavirðing dags. 25.11.1944 (br.nr. 2977) og Kleppsmýrarvegur, áður Hörpugata 33, brunavirðing dags. 25.11.1944 (br.nr. 3098).

[72] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Gelgjutangi, Keilir. Teikning Gunnlaugs Halldórssonar að húsi Jóns Sigurðssonar, dags. 15.07.1943, sþ. 29.07.1943. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Gelgjutangi, Keilir. Sótt 10.02.2015.

[73] Sjá Borgarvefsjá: Loftmyndir 1984 og 1990. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1984 og 1990. Sótt í júní 2015.

[74] *Tíminn*, 7. febrúar 1986, bls. 3. Ljósm. Árni Bjarna.

[75] Guðjón Friðriksson: *Hér heilsast skipin*. Síðara bindi, bls. 54.

vélsmiðju þar um borð. Löng hengibrú lá úr landi út í flakið. Hjá því lá einnig flak kanadíska tundurspillisins *Skeena* sem strandaði við Viðey í október 1944.[76] Í nokkur ár lágu þessi skipsflök við Gelgjutanga en árið 1952 voru þau bæði seld til Bretlands í brotajárn.[77]

Vélsmiðjan Keilir hf. var rekin á Gelgjutanga allt til ársins 1982.[78] Þá keypti Olíufélagið hf. fyrirtækið og starfrækti síðan sem þjónustudeild á sínum vegum.[79] Lóð Keilis var næst norðan við þá lóð sem nú er talin nr. 10 við Kjalarvog. Húsin sem á henni stóðu, verksmiðjuhúsið og bogaskemmurnar, voru rifin árið 2011.[80]



**Mynd 15** Skipsflök uppi í fjöru við Gelgjutanga, flak bandaríska flutningaskipsins *Liberty* (nær) og flak kanadíska tundurspillisins *Skeena* (fjær). Á milli þeirra sést stefnið á gömlum íslenskum síðutogara, Geir RE 241.[81]

Á svipuðum tíma og Keilir hóf starfsemi sína á Gelgjutanga voru uppi hugmyndir um að ríki og Reykjavíkurbær kæmu upp stórri skipasmíðastöð við Elliðaárvog og var þingsályktunartillaga þess efnis samþykkt á Alþingi vorið 1943.[82] Strandlengjan frá Kleppsspítala að Gelgjutanga var talin hentug staðsetning fyrir stöðina. Um leið fóru einkaaðilar að horfa til Gelgjutanga sem staðsetningar fyrir slíka starfsemi. Um 30 iðnaðarmenn stofnuðu árið 1944 með sér fyrirtæki sem nefnt var *Skipanaust hf.* og var meðal annars ætlað að taka að sér skipaviðgerðir og björgunar- og köfunaraðgerðir. Einn af

[76] Árni Óla: „Langholtsbyggðin". *Lesbók Morgunblaðsins*, 27. júlí 1947, bls. 2 – *Morgunblaðið*, 23. júlí 1952, bls. 2.
[77] *Morgunblaðið*, 23. júlí 1952, bls. 2.
[78] Guðjón Friðriksson: *Hér heilsast skipin*. Síðara bindi, bls. 54 og 68.
[79] Sumarliði R. Ísleifsson: *Frá steðja til stafns*, bls. 114 – Jón Þ. Þór: *Svartagull. Olíufélagið hf. 1946-1996*, bls. 155.
[80] Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005, 656. fundur 2011, þriðjudaginn 18. október, Umsókn nr. 43526 (01.42.800.3) , Kleppsmýrarvegur, Keilir. Sjá: Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://reykjavik.is/ → Stjórnkerfi → Umhverfis- og skipulagssvið → Þjónusta sviðsins: Byggingarfulltrúi → Byggingarfulltrúi og landupplýsingar: Byggingarfulltrúi → Tenglar: Fundargerðir byggingarfulltrúa → Fundargerðir 2011. Sótt í júní 2015 – Sjá einnig Borgarvefsjá: Loftmyndir 2010 og 2012. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Lágfl. loftmynd 2010 og 2012. Sótt í júní 2015.
[81] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: SKG 2822. Ljósm. Skafti Guðjónsson.
[82] Guðjón Friðriksson: *Hér heilsast skipin*. Síðara bindi, bls. 55.

stofnendum þess var Guðfinnur Þorbjörnsson, forstjóri Keilis.[83] Fór félagið fram á að fá land undir starfsemina á Gelgjutanga og leyfi til þess að koma þar upp dráttarbraut.[84] Veturinn 1946 hófst bygging fjögurra birgðaskemma á svæðinu á vegum Skipanausts.[85] Um var að ræða röð sambyggðra bogaskemma sem stóðu á lóð norðanvert við Kleppsmýrarveg, vestan við íbúðarhúsin sem reist höfðu verið fyrir starfsmenn Keilis. Í október 1951 skemmdust þessar byggingar í eldi, en þá hafði Vélaeftirlit ríkissjóðs þar verkstæðisaðstöðu.[86] Þrjár þeirra stóðu þó allt til 2000-2002 en voru rifnar á því tímabili.[87] Skipanaust mun aldrei hafa fengið fjárfestingarleyfi fyrir dráttarbraut á svæðinu og kom því aldrei til framkvæmda áætlunum sínum um skipasmíðastöð á Gelgjutanga.[88] Sú skipasmíðastöð sem ríki og bær höfðu í hyggju að reisa á svæðinu varð heldur aldrei að veruleika, þó að málið hefði verið til umræðu allt fram á níunda áratug 20. aldar.[89]




**Mynd 16** Gelgjutangi og svæðið austan Elliðaárvogs á loftmynd frá 1946. Um svæðið skrifaði Árni Óla árið 1947: „Niðri á Gelgjutanga er sjerstök bygð. Þar hefur Landsmiðjan stóra skála, og þar hefur Keilir bygt stórt steinhús. Þar er dráttarbraut og þar standa oft mörg skip, sem verið er að gera við og endurnýja. Nokkur íbúðarhús eru þarna líka fyrir starfsmenn. En í fjörunni fram undan má sjá minjar sjóhernaðarins.“[90]

Austan við lóð Keilis, fremst á norðanverðum Gelgjutanga, hóf annað fyrirtæki í þessum geira starfsemi í lok stríðs, en það var fyrirtækið *Bátanaust* sem fékk árið 1945 leyfi til að byggja dráttarbraut á lóð sinni fyrir allt að 200 smálesta skip.[91] Forvígismenn

[83] Guðjón Friðriksson: *Hér heilsast skipin*. Síðara bindi, bls. 54.
[84] *Vísir*, 11. ágúst 1944, bls. 2 – *Þjóðviljinn*, 12. ágúst 1944, bls. 8 – *Ægir*, 37. árg. 1944, 8 tbl. (01.08.1944), bls. 178-179 – *Sjómannablaðið Víkingur*, 12. árg. 1950, 2.-3. tbl. (01.03.1950), bls. 60.
[85] *Morgunblaðið*, 8. nóvember 1946, bls. 10.
[86] *Tíminn*, 19. október 1951, bls. 1 – *Morgunblaðið*, 19. október 1951, bls. 16.
[87] Sjá Borgarvefsjá: Loftmyndir 2010 og 2012 . Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Lágfl. loftmynd 2010 og 2012. Sótt í júní 2015.
[88] *Tíminn*, 8. janúar 1954, bls. 1.
[89] Guðjón Friðriksson: *Hér heilsast skipin*. Síðara bindi, bls. 55-58.
[90] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 33-25 (hluti). Ljósm. Sigurhans E. Vignir. Skýringar settar inn af Drífu K. Þrastardóttur, Borgarsögusafni – Árni Óla: „Langholtsbyggðin“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 27. júlí 1947, bls. 215.
[91] Guðjón Friðriksson: *Hér heilsast skipin*. Síðara bindi, bls. 54.

fyrirtækisins sáu framtakið sem einn lið í fyrirhuguðum framkvæmdum við Elliðaárvog þar sem í framtíðinni ættu að rísa upp viðgerða- og skipasmíðastöðvar fyrir allskonar skip.[92] Framkvæmdir við mannvirki fyrirtækisins hófust vorið 1945 og var þá auk dráttarbrautarinnar reist verkstæðishús á lóðinni, austan við og samhliða bogaskemmum Keilis á næstu lóð. Gert var ráð fyrir að uppsátur yrði fyrir 20-30 vélbáta af ýmsum stærðum á hliðarstæðum við dráttarbrautina. Þótti bátanaust fyrirtækisins mjög vandað og fullkomið að gerð.[93] Í maí 1946 tók Bátanaust fyrsta bátinn í slipp.[94] Bátanaust rak slipp sinn við Elliðaárvog til ársins 1988 og störfuðu þar lengi um 10-15 manns en er leið á 9. áratuginn dró smátt og smátt úr starfseminni.[95] Árið 2001 var búið að reisa stóra vörugeymslu (Kjalarvog 14) á uppfyllingu við norðanverðan Gelgjutanga og þar sem dráttarbraut Bátanausts var áður. Gamla verkstæðishúsið stóð áfram en var rifið á tímabilinu 2008-2010.[96]

Á sama tíma og Bátanaust hóf starfsemi á Gelgjutanga fékk fyrirtækið *Landssmiðjan* til umráða stóra lóð á sunnanverðum tanganum, sunnan við lóðir Keilis og Bátanausts. Landssmiðjan var stofnuð af hinu opinbera um áramótin 1929-1930 til að annast viðgerðir fyrir ríkisfyrirtæki og var aðalaðsetur hennar við Sölvhólsgötu. Fyrirtækið sinnti fjölbreyttum verkefnum á sviði málmsmíði og smíðaði auk þess báta, bæði trébáta og nótabáta úr stáli.[97] Árið 1945 var undirritaður samningur milli ríkisstjórnarinnar og Landssmiðjunnar um smíði 12 vélbáta. Á þessum tíma var tekin við völdum ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Sósíalistaflokks og Alþýðuflokks – hin svokallaða nýsköpunarstjórn, sem stóð meðal annars fyrir því að togarafloti landsins var endurnýjaður, tugir nýrra vélbáta voru keyptir eða smíðaðir og uppbygging síldar- og fiskiðnaðar var hafin.[98]



**Mynd 17** Hús *Landssmiðjunnar* á Gelgjutanga á ljósmynd frá 1946. Fremst er verkamannaskýli en fyrir aftan sjást bogaskemmur sem reistar voru á lóðinni á árunum 1945-1946 undir skipasmíðar fyrirtækisins.[99]

---

[92] *Vísir*, 28. mars 1946, bls. 2.
[93] *Vísir*, 28. mars 1946, bls. 2 og 6.
[94] *Vísir*, 8. maí 1946, bls. 2.
[95] Guðjón Friðriksson: *Hér heilsast skipin*. Síðara bindi, bls. 55 – Sumarliði R. Ísleifsson: *Frá steðja til stafns*, bls. 127.
[96] Sjá Borgarvefsjá: Loftmyndir 2000-2002, 2008 og 2010. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Lágfl. loftmyndir 2000-2002, 2008 og 2010. Sótt í júní 2015.
[97] Sumarliði R. Ísleifsson: *Frá steðja til stafns*, bls. 86-88.
[98] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940–1990*. Fyrri hluti, bls. 85-86.
[99] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: VIG Landssmiðjan 246. Ljósm. Sigurhans E. Vignir.

Hús og önnur mannvirki fyrir starfsemi Landssmiðjunnar voru reist á lóðinni á Gelgjutanga veturinn 1945-1946. Í fyrstu var byggt lítið verkamannaskýli vestarlega á lóðinni en austast á henni var komið upp skipasmíðaaðstöðu í tveimur 55 metra löngum bogaskemmum, sambyggðum, sem áður voru vöruskemmur í eigu setuliðsins.[100] Þær stóðu á tveggja metra háum steinveggjum og þar inni var hægt að smíða stærri báta en áður höfðu verið smíðaðir innanhúss á landinu. Sjór féll upp undir neðri gafla skemmanna og því var hægt að renna bátunum beint í sjóinn er þeir voru tilbúnir.[101] Við vesturenda þeirra og þvert á þær var önnur tvöföld járngrindarskemma, 30 metra löng með bogadregnu þaki, sem þjónaði sem véla- og smíðahús.[102] Ríkið mun hafa eignast skemmurnar að stríðslokum og afhenti Landssmiðjunni til umráða.[103] Líklega voru þær þá fluttar á lóðina á Gelgjutanga og endurbyggðar þar. Í samtímaheimildum er talað um að þær hafi verið byggðar eða reistar á staðnum fyrir Landssmiðjuna.[104] Sigurðar Flygenring tæknifræðingur gerði teikningar að fyrirkomulagi þeirra á lóðinni og í maí 1946 voru þær brunavirtar sem ný hús.[105] Þá unnu þegar um þrjátíu manns í skipasmíðastöðinni.[106]



**Mynd 18** Gelgjutangi á loftmynd frá 1965. Fyrirtækin *Keilir* og *Bátanaust* voru þá enn starfrækt þar en *Olíufélagið hf.* starfaði á lóð *Landssmiðjunnar* (nú Kjalarvogur 10).[107]

---

[100] *Ægir*, 39. árg. 1946, 4. tbl. (01.04.1946), bls. 101 – *Alþýðublaðið*, 20. mars 1946, bls. 2 – Borgarskjalasafn: Aðf. 4339. Brunatrygging húsa 09.06.1945-28.08.1947. Hús Landssmiðjunnar á Gelgjutanga, brunavirðingar dags. 25.09.1945 og 15.05.1946 (br.nr. 4632).

[101] *Ægir*, 39. árg. 1946, 4. tbl. (01.04.1946), bls. 101.

[102] *Alþýðublaðið*, 20. mars 1946, bls. 2 – Borgarskjalasafn: Aðf. 4339. Brunatrygging húsa 09.06.1945-28.08.1947. Hús Landssmiðjunnar á Gelgjutanga, brunavirðing dags. 15.05.1946 (br.nr. 4632).

[103] *Þjóðviljinn*, 2. mars 1956, bls. 7.

[104] *Ægir*, 39. árg. 1946, 4. tbl. (01.04.1946), bls. 101 – *Alþýðublaðið*, 20. mars 1946, bls. 2.

[105] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Gelgjutangi, Landssmiðjan. Teikningar Sig. Flyenrings, dags. ág. 1945, sþ. 13.09.1945. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Gelgjutangi, Landssmiðjan. Sótt 08.05.2015 – Borgarskjalasafn: Aðf. 4339. Brunatrygging húsa 09.06.1945-28.08.1947. Hús Landssmiðjunnar á Gelgjutanga, brunavirðing dags. 15.05.1946 (br.nr. 4632).

[106] *Alþýðublaðið*, 20. mars 1946, bls. 7.

[107] Borgarvefsjá: Loftmynd 1965. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1965. Sótt í júní 2015.

Landssmiðjan starfaði þó einungis í skamman tíma á Gelgjutanga. Í apríl 1950 skemmdust húsin í eldsvoða og þá hafði *Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda* haft þar aðstöðu til fiskverkunar í tvö ár. Í löngu skemmunum nær sjónum var þá fiskur þveginn og geymdur en í vestari skemmunni var fiskþurrkun og geymsla fyrir þurrkaðan fisk.[108] Landssmiðjan virðist þó enn hafa haft einhverja starfsemi á lóðinni á þeim tíma en skipasmíðaverkefnum fyrirtækisins á Gelgjutanga mun að mestu hafa verið lokið um 1952 og slík vinna þá færð að Fúlutjörn eða Kirkjusandi.[109] Við brunann 1950 eyðilagðist vestari skemman en sama ár lét fiskvinnslufyrirtækið *Húsafell hf.* endurbyggja hana á sama stað sem fiskþurrkunarhús úr steinsteypu.[110] SÍF virðist þá hafa hætt starfsemi á lóðinni en Húsafell fékk lóðina á leigu. Fyrirtækið var stofnað árið 1950 til að „kaupa eða byggja fiskverkunarstöð og starfrækja hverskonar verkun og vinnslu á fiski og sjávarafurðum, útgerð, verzlun með sjávarafurðir og allar nauðsynjar til útgerðar“.[111] Meðal stofnenda þess voru Skúli Thorarensen útgerðarmaður (1892-1963) og Björn Ólafsson alþingismaður og ráðherra (1895-1974). Árið 1951 reisti fyrirtækið geymsluskemmu á lóðinni, vestanvert við skemmurnar sem byggðar voru upp eftir brunann.[112]

Árið 1957 bauð Skúli Thorarensen *Olíufélaginu hf.* eignir Húsafells á Gelgjutanga til kaups, en Olíufélagið vantaði þá nýtt athafnasvæði fyrir verkstæði félagsins og vöru- og olíugeymslur.[113] Árið 1960 keypti Olíufélagið Húsafell hf. og gerði að dótturfélagi sínu og leigði síðan af því húsnæðið á Gelgjutanga.[114] Eftir það hóf Olíufélagið uppbyggingu á Gelgjutanga og var meðal annars reist verkstæðisbygging vestast á lóð Húsafells árið 1963. Á 7. áratugnum bættust við geymsluskemma og skúrar austast á lóðinni, sem þá var búið að lengja til austurs með uppfyllingu. Árið 1978 munu öll verkstæði og vörugeymslur Olíufélagsins fyrir smurolíur og aðrar pakkaðar vörur hafa verið þarna á Gelgjutanga.[115] Árið 1981 reisti Olíufélagið síðan stóra geymsluskemmu austanvert á lóðinni, sunnan við gömlu bogaskemmur Landssmiðjunnar.[116] Um það leyti eignaðist Olíufélagið einnig fyrirtækið Keili ásamt eignum þess á lóðinni norðan við þessa, eins og áður er nefnt. Árið 1995 var lóðum Olíufélagsins á Gelgjutanga skipt upp, þegar stofnað var dótturfyrirtækið Olíudreifing (seinna Ker og frá 2007 N1). Fékk Olíudreifing þá hluta af lóðunum til umráða. Engin starfsemi er nú lengur á vegum félagsins á Gelgjutanga.[117]

Húsin sem Húsafell og Olíufélagið reistu, meðal annars skemman sem var endurbyggð 1950, standa enn á lóðinni, sem nú er talin númer 10 við Kjalarvog. Bogaskemmur Landssmiðjunnar sem fyrrum voru herskálar, stóðu allt til um 2008-2010 en voru þá rifnar og stendur nú einungis grunnur þeirra eftir.[118] Önnur mannvirki sem vitnuðu um þann báta- og

---

108 *Morgunblaðið*, 4. apríl 1950, bls. 16.

109 Jóhannes Zoëga: *Æviminningar*, bls. 124-125 – Sumarliði R. Ísleifsson: *Frá steðja til stafns*, bls. 128 – *Morgunblaðið*, 2. ágúst 1953, bls. 12.

110 Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Gelgjutangi, fiskþurrkunarhús. Teikningar Harðar Björnssonar byggingatæknifræðings, dags. 30.06.1950. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Gelgjutangi, fiskþurrkunarhús. Sótt 08.05.2015.

111 *Frjáls verzlun*, 13. árg. 1951, 3.-4. tbl. (01.04.1951), bls. 60.

112 Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Gelgjutangi, Húsafell. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Gelgjutangi, Húsafell. Sótt 08.05.2015.

113 Jón Þ. Þór: *Svartagull. Olíufélagið hf. 1946-1996*, bls. 154-155 – *Þjóðviljinn*, 29. apríl 1958, bls. 3.

114 Jón Þ. Þór: *Svartagull. Olíufélagið hf. 1946-1996*, bls. 155.

115 Guðjón Friðriksson: *Hér heilsast skipin*. Fyrra bindi, bls. 299.

116 Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Gelgjutangi, Húsafell. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Gelgjutangi, Húsafell. Sótt 08.05.2015.

117 Guðjón Friðriksson: *Hér heilsast skipin*. Fyrra bindi, bls. 299-300.

118 Sjá Borgarvefsjá: Loftmyndir 2008 og 2010. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Lágfl. loftmynd 2008 og 2010. Sótt í júní 2015.

skipasmíðaiðnað sem áður einkenndi Gelgjutanga eru nú horfin og tanginn sjálfur er nú að hluta til horfinn undir uppfyllingar, en á seint á 8. áratugnum hófust framkvæmdir við gerð mikillar uppfylling á svæðinu þar sem áður var Kleppsvík sunnan Kleppsspítala og gerður svokallaður *Vogabakki*, sem síðan var stækkaður og lengdur til suðurs að norðanverðum Gelgjutanga á 9. og 10. áratug 20. aldar.

### 1.1.4.2 Fyrstu hugmyndir um skipulag iðnaðarhverfis við Elliðaárvog (1945-1950)

Fyrstu drög að skipulagi iðnaðarhverfis á svæðinu vestan Elliðaárvogs má sjá á uppdrætti af deiliskipulagi Vogahverfis og miðhluta Sundanna frá árinu 1946 (sjá myndir 19 og 21).



**Mynd 19** Hluti af deiliskipulagsuppdrætti Einars Sveinssonar, Bolla Thoroddsen og Gunnars Ólafssonar frá 1946 að íbúðarhverfum í Vogum og Sundum og iðnaðarhverfi við Elliðaárvog.[119]

[119] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir. „Skipulag einlyftra húsa í Kleppsholti", dags. 02.04.1946. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Kleppsholt. Sótt 09.07.2015.

Uppdrátturinn er undirritaður af Bolla Thoroddsen, Einari Sveinssyni og Gunnari Ólafssyni.[120] Þar koma fram helstu meginlínur í skipulagi og gatnaskipan Voganna, sem byrjuðu að byggjast um og eftir 1946 á grunni þessa uppdráttar.

Á uppdrættinum er sýnd lega umferðargötunnar *Elliðavogs* (nú Sæbraut) sem ráðgert var að leggja í framhaldi af Kleppsvegi suður að fyrirhuguðum gatnamótum Suðurlandsbrautar og Miklubrautar. Frá því að fram komu fyrstu hugmyndir að heildarskipulagi byggðar utan Hringbrautar og allt austur að Elliðaám á 4. áratug aldarinnar, hafði verið gert ráð fyrir slíkri umferðaræð meðfram strandlínu Elliðaárvogs.[121] Á uppdrættinum frá 1946 má sjá hvernig fyrirhuguð gatan myndar skil milli íbúðarbyggðar í Vogunum og Sundunum og iðnaðarsvæðisins austan götunnar, við Elliðaárvog. Gatan *Snekkjuvogur* er skipulögð sem ás í gegnum íbúðarhverfið Vogana og átti svo að liggja áfram til austurs yfir götuna Elliðavog niður að Elliðaárvogi (núverandi Tranavogur).




**Mynd 20** Uppdráttur að skipulagi Reykjavíkur frá 1937 þar sem sjá má að gert er ráð fyrir umferðaræð meðfram strandlínunni allt frá Skúlagötu að botni Elliðaárvogar.[122]

Iðnaðarhverfið sem teiknað er inn austan götunnar Elliðavogs afmarkast til norðurs af framhaldi Snekkjuvogs (núverandi Tranavogs). Líklega hefur það verið hugsað sem fyrsti vísir að stærra iðnaðarsvæði við Elliðaárvog, enda komu fram skipulagshugmyndir á þessum tíma sem gerðu ráð fyrir iðnaðarsvæði meðfram allri norður- og austurströnd nessins sem

---

[120] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir. „Skipulag einlyftra húsa í Kleppsholti“, dags. 02.04.1946. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Kleppsholt. Sótt 09.07.2015 – Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur: Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 29-30 og mynd 20, bls. 39.

[121] Trausti Valsson: *Skipulag byggðar á Íslandi*, bls. 130-131 – Traust Valsson: *Reykjavík - Vaxtarbroddur*, bls. 48-49 – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir. Uppdráttur að skipulagi Reykjavíkur 1937, dags. í des. 1937. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Skipulag Reykjavíkur 1932 [ætti að vera 1937]. Sótt 09.07.2015.

[122] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir. Uppdráttur að skipulagi Reykjavíkur 1937, dags. í des. 1937. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Skipulag Reykjavíkur 1932 [ætti að vera 1937]. Sótt 09.07.2015.

Reykjavík stendur á, allt inn að botni Elliðaárvogar. Á uppdrætti að heildarskipulagi Reykjavíkur austur að Elliðaám sem settur var fram 1948, var byggðin í fyrsta sinn greind niður eftir notkun í íbúðabyggð, iðnaðarsvæði, stofnanasvæði o.s.frv. Þá var fyrirhuguð ný höfn við Kirkjusand og gert ráð fyrir iðnaðarsvæði þar í kring sem teygði sig áfram meðfram Sundunum alla leið inn að Elliðaárósum.[123]

Á deiliskipulagsuppdrættinum frá 1946 er gert ráð fyrir þremur götum, eða upphafi að götum, í iðnaðarhverfinu og liggur ein þeirra austan við og utan með hverfinu, frá Snekkjuvogi í sveig vestur að Elliðavogi (núverandi Súðarvogur), önnur samsíða henni inni í hverfinu (núverandi Kænuvogur) og sú þriðja í gegnum hverfið samsíða Elliðavogi (núverandi Dugguvogur). Meðfram þessum götum er gert ráð fyrir röðum sambyggðra iðnaðarhúsa, nema á þeim lóðum sem liggja að Elliðavogi, en þar er gert ráð fyrir stærri stakstæðum iðnaðarhúsum. Sjá má hvernig byggðin er skipulögð yfir þau lönd og byggingar sem fyrir voru á svæðinu og tilheyrðu erfðafestubýlum og herskálasvæðum.



**Mynd 21** Nærmynd af skipulagi iðnaðarsvæðisins við Elliðaárvog á uppdrættinum frá 1946.[124]

Skipulag svæðisins norðan núverandi Tranavogs er ekki útfært á uppdrættinum, en einungis sýnd þar afmörkun erfðafestulanda og útlínur húsa þeim tilheyrandi, auk þess sem bætt hefur verið inn á uppdráttinn lauslegri afmörkun þriggja lóða á svæðinu.

Árið 1949 vann Þór Sandholt arkitekt nýjan deiliskipulagsuppdrátt fyrir iðnaðarhverfið austan Elliðavogs og sunnan Snekkjuvogs (Tranavogs) (sjá mynd 22). Það ár var Þór ráðinn forstöðumaður skipulagdeildar Reykjavíkurbæjar og gegndi hann því starfi til 1954.[125] Á uppdrætti Þórs er áfram gert ráð fyrir röðum sambyggðra iðnaðarhúsa eins og á uppdrættinum frá 1946 en götuskipulag er opnara og brotið upp í þrjár samsíða götur. Syðst á svæðinu er sýnd stór bygging með þremur álmum á stórri lóð og þar fyrir sunnan hálfhringlaga torg eða opið svæði. Uppdráttur Þórs var samþykktur í bæjarráði 19. október 1949.[126]

---

[123] Trausti Valsson: *Skipulag byggðar á Íslandi*, bls. 134-136 – Traust Valsson: *Reykjavík - Vaxtarbroddur*, bls. 55-58 – Bjarni Reynarsson: *Borgir og borgarskipulag*, bls. 230-231.

[124] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir. „Skipulag einlyftra húsa í Kleppsholti“, dags. 02.04.1946. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Kleppsholt. Sótt 09.07.2015.

[125] *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, bls. 11 - Bjarni Reynarsson: *Borgir og borgarskipulag*, bls. 235.

[126] Borgarsögusafn: Skipulagsuppdrættir. Uppdráttur Þórs Sandholts að iðnaðarhverfi austan Elliðavogs, dags. í júní 1949. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: Elliðavogur. Sótt 03.10.2015.

Núverandi iðnaðarhverfi sunnan Tranavogs fór þó ekki að byggjast upp að ráði fyrr en á 7. áratug 20. aldar og þá á grunni uppdráttarins frá 1946. Götur þar fengu nöfn sem upphaflega höfðu verið ætluð götum sem ráðgerðar höfðu verið innan íbúðarhverfisins en urðu ekki að veruleika. Samkvæmt uppdrættinum frá 1946 átti að meðal annars að koma hringtorg (Fleyvangur) efst á Hálogalandshæðinni og götur út frá því í allar áttir með nöfnum sem vísuðu í skipsheiti eins og annars staðar í íbúðahverfinu. Sá hluti skipulagsins náði hins vegar ekki fram að ganga og götuheitin *Dugguvogur*, *Súðarvogur*, *Kænuvogur* og *Tranavogur* voru meðal þeirra sem voru í staðinn notuð í iðnaðarhverfinu.



**Mynd 22** Deiliskipulagsuppdráttur Þórs Sandholts að iðnaðarhverfi austan götunnar Elliðavogs og sunnan Snekkjuvogs (núverandi Tranavogs), dags. í júní 1949.[127]

## 1.1.4.3 Uppbygging iðnaðarhverfis við Elliðaárvog – Svæðið sunnan Kleppsmýrarvegar og norðan Tranavogs – Vogabyggð 2 (1953-1965)

Þó að komið hafi fram hugmyndir að skipulagi iðanaðarsvæðisins sunnan Snekkjuvogs (núverandi Tranavogs) strax á 5. áratugi aldarinnar byrjaði það svæði ekki að byggjast að ráði fyrr en í kringum 1960, eins og áður segir, en uppbygging á svæðinu norðan Snekkjuvogs hófst fyrr. Það svæði virðist hins vegar hafa byggst upp án formlegs deiliskipulags og fyrst og fremst samkvæmt skipulagi og úthlutun lóða á tímabilinu 1953-1954.

Til er uppdráttur dagsettur 2. október 1954 sem sýnir afmörkun og úthlutun lóða á svæðinu norðan Snekkjuvogs (Tranavogs) (sjá mynd 23).[128] Þar sést að þá var að mestu búið

[127] Borgarsögusafn: Skipulagsuppdrættir. Uppdráttur Þórs Sandholts að iðnaðarhverfi austan Elliðavogs, dags. í júní 1949. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: Elliðavogur. Sótt 03.10.2015.

[128] Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur: Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur". Óútgefið handrit, bls. 74 og mynd 64, bls. 92.

að skipta svæðinu upp í núverandi lóðir og flestum lóðunum hafði þá þegar verið úthlutað til fyrirtækja og einstaklinga í iðnaði. Norðan með svæðinu lá Kleppsmýrarvegur, sunnan með því var búið að leggja framhald Snekkjuvogs og vestan svæðisins var byrjað að leggja götuna Elliðavog á þessum tíma. Ekki var enn búið að leggja götuna Súðarvog en á uppdrættinum er sýnd lega götunnar í gegnum hverfið frá Kleppsmýrarvegi til suðurs yfir Snekkjuvog. Fyrst var úthlutað lóðunum sem voru næst Kleppsmýrarvegi og Elliðavogi (1953) og síðan lóðum við fyrirhugaðan Súðarvog (1954). Á flestum lóðanna sem úthlutað var á þessum tíma hófst fljótlega uppbygging og voru þær að mestu leyti fullbyggðar snemma á 7. áratugnum.




**Mynd 23** Uppdráttur frá 1954 sem sýnir afmörkun iðnaðarlóða á svæðinu sunnan Kleppsmýrarvegar og norðan Snekkjuvogs (Tranavogs). Á þetta afrit af uppdrættinum hafa verið teiknuð inn (með rauðu) fyrrum landamörk erfðafestubýlisins *Óss/Arnarvogs*, Kleppsmýrarbletts 11, og lóðir sem enn tilheyrðu því um 1959 (með bláu).[129]

[129] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir Kleppsmýrarblett 11 (E-nr. 307), „Iðnaðarlóðir austan Elliðavogs“, uppdráttur dags. 2.10.1954. Sjá sama uppdrátt í riti Finns Kristinssonar: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, mynd 64, bls. 92.

Á þessum tíma réðust stjórnvöld í ýmsar aðgerðir til þess að styrkja íslenskan iðnað og bæta samkeppnisaðstöðu hans, en skilyrði fyrir iðnað höfðu versnað mjög í kjölfar breyttrar efnahagsstefnu og aukins innflutningsfrelsis sem komið var á árið 1950. Árið 1953 var haftastefna tekin upp á ný og hófst þá nýtt vaxtarskeið iðnaðarins sem stóð út áratuginn. Lagði iðnaður drjúgan skerf til hagvaxtar í þjóðfélaginu á þessu tímabili.[130] Líklega má sjá áhrif þessa í uppbyggingu iðnaðarlóðanna við Elliðavog á 6. áratugnum.

Fyrstu lóðinni á þessu svæði var úthlutað til *Rafmagnsveitna ríkisins*. Á uppdrættinum að Vogahverfi frá 1946 er búið að merkja inn afmörkun þeirrar lóðar í norðvesturhorni svæðisins, með norðurmörk að Kleppsmýrarvegi og vesturmörk að Elliðavogi. Lóðin fékk síðar staðfangið **Súðarvogur 2**. Fyrstu húsin sem reist voru á lóðinni voru tvær sambyggðar bogaskemmur sem Sigurður Thoroddsen verkfræðingur teiknaði fyrir Rafmagnsveiturnar og voru byggðar þar 1953-1954.[131] Árið 1954 hófust einnig framkvæmdir við byggingu verkstæðis-, birgðageymslu- og skrifstofuhúss á lóðinni sem Sigvaldi Thordarson arkitekt teiknaði, en Sigvaldi teiknaði margar byggingar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins. Ekki voru reistar fleiri byggingar á lóðinni en Rafmagnsveitur ríkisins, seinna Rarik, höfðu þar skrifstofur og birgðastöð allt fram til 1994 en seldu þá eignirnar og hefur Gámaþjónustan hf. haft þar stjórnstöð og skrifstofur síðan.[132]

Næstu lóð fyrir sunnan lóð Rafmagnsveitnanna var útvísað til niðursuðuverk-smiðjunnar *Mata hf.* Sú lóð fékk staðfangið Elliðavogur 103 en skráningunni var seinna breytt í **Súðarvog 2e-2f**. Á lóðinni reisti Mata hf. verksmiðjuhús árið 1952 í stað verksmiðjuhúss í Skerjafirði sem brann árið 1950. Mata hf. reisti ekki fleiri hús á lóðinni og á 7. áratugnum var húsið komið í eigu fyrirtækisins Banana hf. sem breytti því í vörugeymslu og reisti síðan ný hús á lóðinni á 9. og 10. áratugnum. Gamla verksmiðjuhúsið stóð allt fram til um 1994 en var þá rifið til að ljúka mætti byggingu nýs húss á lóðinni.[133]

Næstu lóð austan við lóð Mata hf. var úthlutað til *Glersteypunnar hf.* Sú lóð lá að væntanlegum Súðarvogi og fékk staðfangið **Súðarvogur 4**. Fyrirtækið Glersteypan, sem stofnað var árið 1951, hafði áður haft litla glerverksmiðju í hernámsbragga við Langholtsveg en sú verksmiðja hafði eyðilagst í eldsvoða vorið 1953. Fékk félagið þá lóðina við Súðarvog og hóf undirbúning að byggingu mun stærri og fullkomnari verksmiðju sem framleiða átti gler að mestu úr innlendum hráefnum, m.a. tvöfalt einangrunargler sem var mjög að ryðja sér til rúms á þessum tíma. Til ráðgjafar um byggingu nýju verksmiðjunnar var þekkt belgískt fyrirtæki í þessum iðnaði, Pierre Rousseau Lodelinsalt. Árið 1954 reisti fyrirtækið svo á lóðinni 1400 fermetra járnklætt stálgrindarhús, sem flutt var inn frá Belgíu tilbúið til uppsetningar og var sérsniðið að þörfum verksmiðjunnar. Upp úr hluta byggingarinnar var reistur turn úr stálgrind og undir honum komið fyrir 6 metra háum steinsteyptum glerbræðsluofni. Sumarið 1955 tók verksmiðjan til starfa og þótti það merkur áfangi fyrir íslenskan iðnað, enda mun þetta hafa verið fyrsta glerverksmiðjan sem sett var á fót á Íslandi. Horft var til þess að framleiðslan myndi hafa mikinn gjaldeyrissparnað í för með sér. Ráðnir voru erlendir sérfræðingar til að stýra verksmiðjunni og var reiknað með að um 50-60 manns

---

[130] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 197.

[131] Bogaskemmurnar við Súðarvog 2 stóðu allt fram í júní 2015 en voru rifnar á meðan unnið var að skýrslu þessari og deiliskipulagi fyrir svæðið.

[132] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Súðarvog 2 (B-nr. 5502) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Súðarvogur 2. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Súðarvogur 2. Sótt 08.09.2014 – Skjalasafn RARIK: Útlits- og deiliteikningar að bogaskemmum við Súðarvog 2 – *Morgunblaðið*, 25. febrúar 1994, B Heimili/Fasteignir, bls. 2.

[133] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Súðarvog 2e og 2f (B-nr. 5496 og 7102) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Súðarvogur 2e og 2f. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Súðarvogur 2e-2f. Sótt 08.09.2014 – *Þjóðviljinn*, 21. nóvember 1950, bls. 8.

myndu síðan starfa við framleiðslustörfin. Fyrirtækið átti hins vegar frá upphafi í miklum vanda því að framleiðslan reyndist gölluð og þurfti að selja hana lágu verði eða bræða upp að nýju og myndaðist fljótlega mikið glerfjall á verksmiðjulóðinni. Í kjölfarið komst fyrirtækið í greiðsluþrot og var strax í ársbyrjun 1957 tekið til gjaldþrotaskipta.[134] Framkvæmdabanki Íslands sem veitt hafði lán til fyrirtækisins tók við rekstrinum og rak þarna um skeið samsetningu á gleri en árið 1962 keypti fyrirtækið *Teppi hf.* húsið, reif innan úr því svo að húsrýmið varð einn salur og rak þar síðan ullarverksmiðju til 1977.[135]



Stálgrindarhús Glersteypunnar í smíðum. — Eftir viku verður það orðið fokhelt. — Undir turngrindinni verður glerbræðsluofninn, sem framleiðir 12 tonn af gleri úr 14 tonnum af hráefni á dag. — Við glerframleiðsluna verður unnið allan sólarhringinn árið um kring á þrískiptum vöktum. — Við þetta hús verður byggt síðar annað stórt hús til glervinnslu. — Eftir nokkur ár er ekki ósennilegt að rúmlega 100 manns hafi þar fasta atvinnu. (Ljósm. Mbl. Ól. K. M.)

**Mynd 24** Bygging verksmiðjuhúss *Glersteypunnar* vakti mikla athygli á sínum tíma. Ljósmynd með frétt úr *Morgunblaðinu* 17. nóvember 1954.[136]

Árið 1978 keypti Jósafat Hinriksson (1924-1997) húsið Súðarvog 4 ásamt lóðaréttindum og flutti þangað starfsemi vélaverkstæðis síns, *J. Hinrikssonar hf.*, sem stofnað var 1963. Á árunum 1979-1984 voru reistar fleiri byggingar á lóðinni undir starfsemi fyrirtækisins. Í verksmiðjuhúsi sem reist var vestan við og samsíða húsi Glersmiðjunnar árið 1979 voru framleiddir toghlerar, en J. Hinriksson hf. var um árabil einn afkastamesti framleiðandi toghlera á landinu. Löng skemma sem byggð var vestan við verksmiðjuhúsið árið 1984 þjónaði sem lager. Í verksmiðjuhúsinu var árið 1988 innréttaður sýningarsalur á millilofti og þar opnuð sýning á safni sjóminja og smiðjumuna úr fórum Jósafats Hinrikssonar. Vélsmiðjan J. Hinriksson var starfrækt í Súðarvogi til ársins 2000 en þá var fyrirtækið sameinað Hampiðjunni.[137] Sama ár afhentu erfingjar Jósafats Fjarðabyggð safn hans til varðveislu, en Jósafat var alinn upp í Neskaupsstað og er safn hans nú til sýnis í

---

[134] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Súðarvog 4 (B-nr. 6457) – *Morgunblaðið*, 31. desember 1953, bls. 7 og 8; 17. nóvember 1954, bls. 9; 31. desember 1955, bls. 28 – *Alþýðublaðið*, 17. nóvember 1954, bls. 7-8; 31. ágúst 1955, bls. 1; 8. mars 1956, bls. 8 – *Tíminn*, 17. nóvember 1954, bls. 7-8 – *Vísir*, 27. maí 1955, bls. 12; 31. ágúst 1955, bls. 7; 3. janúar 1957, bls. 1-2 – *Þjóðviljinn*, 10. janúar 1956, bls. 1.

[135] *Tíminn*, 15. ágúst 1962, bls. 3 og 15 – *Morgunblaðið*, 4. október 1968, bls. 3; 9. júní 1977, bls. 23 – *Helgarpósturinn*, 28. september 1979, bls. 15.

[136] *Morgunblaðið*, 17. nóvember 1954, bls. 9. Ljósm. Ólafur K. Magnússon.

[137] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Súðarvog 4 (B-nr. 6457) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Súðarvogur 4. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Súðarvogur 4. Sótt 08.09.2014 – *Morgunblaðið*, 25. júní 1987, bls. 12; 29. maí 1988, B Heimili/Fasteignir, bls. 2-3, 30. júlí 1989, bls. 7 – *Alþýðublaðið*, 4. júní 1988, bls. 30 – *Tíminn*, 1. ágúst 1989, bls. 2 – *Þjóðviljinn*, 2. ágúst 1989, bls. 12 – *Dagur*, 7. desember 1999, bls. 2 – *Ægir*, 86. árg. 1993, 6.-7. tbl. (01.07.1993), bls. 284-290.

Safnahúsinu þar í bæ.[138] Í október 2012 kom upp eldur í einu af húsunum á lóðinni Súðarvogi 4.[139] Á árunum 2012-2013 voru allar byggingar á lóðinni rifnar.[140]



**Mynd 25** Svæðið austan Elliðaárvogs á loftmynd frá 1954. Atvinnu- og iðnaðarhúsnæði er byrjað að rísa á iðnaðarsvæðinu sem seinna var afmarkað til vesturs af götunni Elliðavogi (Sæbraut), meðal annars hús *Rafmagnsveitna ríkisins*, niðursuðuverksmiðjunnar *Mata hf.* og *Glersteypunnar hf.* (sjá einnig mynd 25).[141]

Næstu lóð sunnan við lóð Glersteypunnar var úthlutað til Sveinbjörns Einarssonar útgerðarmanns (1895-1966) í október 1954 og fékk hún staðfangið **Súðarvogur 6**. Í fyrstu var komið upp bráðabirgðahúsi á lóðinni fyrir skreiðargeymslu en á árunum 1960-1962 var reist þar fiskverkunarhús sem fljótlega var lengt til suðurs og seinna stækkað með viðbyggingum.

---

[138] Vefur Fjarðarbyggðar. Vefslóð: http://www.visitfjardabyggd.is/ → Menning og afþreying → Söfn → Sjóminja og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar. Sótt 10. ágúst 2015.
[139] Vefur Morgunblaðsins, mbl.is, 4. október 2012. Vefslóð: http://www.mbl.is → Fréttir → Innlent → „Eldur í iðnaðarhúsnæði við Súðarvog og „Greiðlega gekk að slökkva eldinn“. Sótt 31. mars 2016.
[140] Borgarvefsjá: Loftmyndir 2012 og 2013. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Lágfl. loftmynd 2012 og 2013. Sótt í ágúst 2015.
[141] Landmælingar Íslands: Loftmyndir. LÍ2 0197. Ljósm. ókunnur.

Lengst af, eða frá 1961 til 1990, starfaði útgerðarfyrirtækið *Ingimundur hf.* í húsinu og hafði þar fiskverkun, frystingu og seinna rækjuverksmiðju.[142]

Á þeim tíma þegar framantöldum lóðum var úthlutað tilheyrði sunnanvert svæðið enn erfðafestubýlinu *Ósi* (*Arnarvogi*) en austurhluti landsins var tekinn undir iðnaðarlóðir á þessum tíma, eins og áður er greint frá. Suðvesturhluti landsins var áfram í erfðafestu um sinn og ekki tekinn undir iðnaðarlóðir fyrr en 1966, enda stóðu þar þau hús sem tilheyrðu býlinu. Fyrsta iðnaðarhúsið sem byggt var á þeim hluta svæðisins var hús austanvert á lóðinni **Súðarvogi 14** sem reist var á árunum 1966-1967 fyrir *Vélsmiðju Jens Árnasonar* sem starfrækt var þar fram yfir 2000.[143] Á lóðinni Súðarvogi 12 hefur aldrei verið byggt en á öðrum lóðum sem afmarkaðar voru úr landi *Óss* og standa við Dugguvog var byggt seinna og verður greint frá því hér aftar (sjá kafla 1.1.4.9).




**Mynd 26** Svæðið á loftmynd frá 1954, með útlínum þeirra húsa sem standa á svæðinu í dag (2015). Hús *Mata hf.* er risið (Súðarvogur 2e) og í byggingu eru hús *Rafmagnsveitnanna* (Súðarvogur 2) og *Glersteypunnar hf.* (Súðarvogur 4). Sunnan Snekkjuvogs (Tranavogs) eru einnig risin fyrstu iðnaðarhúsin á því svæði, Dugguvogur 6, Tranavogur 1 og Dugguvogur 21.[144]

---

[142] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Súðarvog 6 (B-nr. 6457) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Súðarvogur 6. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Súðarvogur 6. Sótt 08.09.2014 – *Morgunblaðið*, 11. júní 1997, bls. 16.

[143] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Súðarvog 14 (B-nr. 8167) – *Morgunblaðið*, 4. maí 2000, bls. 53.

[144] Borgarvefsjá: Loftmynd 1954 með þemum: Húsaútlínur, götuheiti, húsnúmer. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1954. Sótt í júní 2015.

Austan væntanlegs Súðarvogar var úthlutað sex lóðum á árunum 1953-1954. Lítilli lóð á horni Kleppsmýrarvegar og Súðarvogs, sem fékk staðfangið **Súðarvogur 1**, var úthlutað til Stefáns Guðnasonar (1911-1988) sem byggði þar fiskverkunarhús og rak þar síðan fiskverkun og frystihús undir nafninu *Faxavík hf.* fram á síðari hluta 8. áratugarins. Árið 1982 voru húsin og lóðaréttindin komin í eigu Húsasmiðjunnar hf. sem átti næstu lóð fyrir sunnan. Þá var byggður kjallari í norðvesturhorni lóðarinnar sem átti að verða upphaf að stærra húsi sem reisa átti í áföngum, en það hús var aldrei byggt og lóðin einungis nýtt undir opin timburgeymsluskýli. Fiskverkunarhúsin á lóðinni voru rifin fyrir 1984.[145]




**Mynd 27** Svæðið austan Elliðaárvogs á korti frá 1956. Til viðbótar við þau hús sem sjást á loftmyndinni frá 1954 má sjá hér fiskverkunarhús *Faxavíkur hf.* á lóðinni Súðarvogi 1 og timburskýli Snorra Halldórssonar við Súðarvog 3. Búið er að leggja götuna Súðarvog um norðurhluta svæðisins og byrjað á Dugguvogi suður úr Snekkjuvogi (Tranavogi). Byrjað er að leggja götuna Elliðavog meðfram norðurhluta Vogahverfis og suðurhluta Sundanna.[146]

Næstu lóð austan við Súðarvog 1 var úthlutað til Pálma Pálmasonar verkstjóra (1891-1973). Sú lóð lá að Kleppsmýrarvegi og fékk seinna staðfangið **Kleppsmýrarvegur 8**. Þar reisti Pálmi bragga árið 1953 og hafði síðan fiskverkunar- eða söltunarstöð á lóðinni fram yfir 1960.[147] Seinna var *Fiskverkun Halldórs Snorrasonar* starfrækt þarna og var á hennar vegum

[145] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Súðarvog 1 (B-nr. 6300) – *Alþýðublaðið*, 2. mars 1972, bls. 5 – *Morgunblaðið*, 9. janúar 1977, bls. 29; 10. apríl 1988, bls. 67 – Borgarvefsjá: Loftmyndir 1979 og 1984. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1979 og 1984. Sótt í ágúst 2015.

[146] Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík, Seltjarnarnesi og Kópavogskaupstað 1956 (hluti), teiknað af Ágústi Guðmundssyni. Prentað eintak. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: 1956. Sótt 03.10.2015.

[147] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Kleppsmýrarveg 8 (B-nr. 6277) – *Tíminn*, 22. mars 1960, bls. 2; 15. ágúst 1961, bls. 6 – *Þjóðviljinn*, 3. desember 1960, bls. 12 – *Vísir*, 20. janúar 1961, bls. 12.

reist fiskaðgerðarhús úr timbri við suðurmörk lóðarinnar árið 1965, sem stækkað var með steinsteyptri viðbyggingu 1967, og tvílyft verslunar- og skrifstofubygging ásamt skemmu fyrir fiskverkun á árunum 1974-1975. Þegar síðasttöldu byggingarnar voru reistar var bragginn frá 1953 rifinn.[148]




**Mynd 28** Svæðið austan Elliðaárvogs á korti frá 1961. Meðal annars hefur bæst við á iðnaðarsvæðinu stór skáli við Dugguvog 10.[149]

Næstu lóð sunnan við hornlóðina Súðarvog 1 var úthlutað til Snorra Halldórssonar byggingameistara (1911-1983), stofnanda *Húsasmiðjunnar*, í mars 1954. Lóðin fékk staðfangið **Súðarvogur 3**. Árið 1955 var Snorri búinn að byggja á lóðinni timburskýli og lítið timburhús og flutti þá þangað starfsemi sína, sem var innflutningur og sala á timbri og byggingarvörum, en áður hafði hann haft aðstöðu í flugskýli sem Flugfélag Íslands reisti í Vatnagörðum árið 1930. Timbursala og vöruafgreiðsla fóru í fyrstu fram í litla timburhúsinu og fljótlega hófst bygging skemmu undir trésmíðaverkstæði og geymslu á lóðinni. Í fyrstu var sú bygging reist í óleyfi en fékkst loks samþykkt árið 1959. Þessi skemma stendur á miðri lóðinni og er elsta byggingin sem þar stendur af þeim sem reistar voru undir starfsemi Húsasmiðjunnar. Fyrst í stað voru helstu viðfangsefni fyrirtækisins framleiðsla einingahúsa og timburvinnsla en innflutningur og sala á timbri urðu fljótt umfangsmeiri hluti af starfseminni og voru þá reist nokkur geymsluskýli undir timbrið á lóðinni. Árið 1971 var fyrirtækinu breytt í hlutafélagið Húsasmiðjuna hf. Á árunum 1982-1983 var reist þrílyft verslunar- og

[148] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Kleppsmýrarveg 8 (B-nr. 6277) – *Þjóðviljinn*, 3. desember 1960, bls. 12 – *Tíminn*, 22. mars 1960, bls. 2; 15. ágúst 1961, bls. 6 – *Morgunblaðið* 20. júlí 2006, bls. 35.

[149] Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík, Seltjarnarnesi og Kópavogskaupstað 1961 (hluti), teiknað af Ágústi Guðmundssyni. Prentað eintak. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: 1961. Sótt 03.10.2015.

skrifstofuhús fremst á lóðinni og 1984 var opnuð þar smávöruverslun sem var sú fyrsta af nokkrum slíkum sem Húsasmiðjan opnaði.[150]

Um leið og Snorri Halldórsson fékk lóðina Súðarvog 3 var lóðinni næst sunnan við úthlutað til fyrirtækisins *Steinstólpa hf.* og fékk sú lóð staðfangið **Súðarvogur 5**. Fyrirtækið Steinstólpar tók til starfa árið 1944 og voru stofnendur þess rafmagnsverkfræðingarnir Höskuldur Baldvinsson (1895-1982) og Ólafur Tryggvason (1913-2003). Í fyrstu framleiddi fyrirtækið einkum steinstólpa sem notaðir voru í rafmagnslínur og starfrækti verksmiðju við Höfðatún.[151] Um 1960 byrjuðu Steinstólpar hf. að framleiða forsteypta byggingarhluta úr strengjasteypu og voru, ásamt fyrirtækinu Byggingariðjunni hf., brautryðjendur hér á landi í framleiðslu og notkun slíkra húseininga. Meðal annars tóku þessi tvö fyrirtæki að sér byggingu verksmiðjuhúss Kassagerðarinnar við Kleppsveg, sem var fyrsta húsið sem reist var úr forsteyptum einingum á landinu. Á næstu árum komu Steinstólpar að byggingu margra fleiri iðnaðarhúsa og einnig íbúðarhúsa sem reist voru með þessari tækni, auk þess sem girðingarstólpar, ljósastaurar og fleira slíkt var framleitt hjá fyrirtækinu.[152] Á árunum 1962-1963 reisti fyrirtækið einnig eigið verksmiðjuhús úr steyptum einingum á lóðinni Súðarvogi 5 og var það fyrsta húsið sem byggt var á lóðinni. Það var teiknað af Höskuldi Baldvinssyni og syni hans Birni B. Höskuldssyni verkfræðingi (1933-2011) og stendur nú í hvarfi bak við viðbyggingar og langt stálgrindarhús sem seinna var byggt fremst á lóðinni, meðfram Súðarvogi.[153] Á þessum tíma, framan af sjöunda áratugnum, voru skilyrði að mörgu leyti góð fyrir iðnfyrirtæki, m.a. vegna afnáms hafta og annarra efnahagsaðgerða ríksstjórnarinnar, eins og áður er nefnt, en um 1966 snerist efnahagsþróun til hins verra og hafði það mikil áhrif á fyrirtæki í iðnaði sem sum börðust í bökkum á síðustu árum 7. áratugarins.[154] Fyrirtækið Steinstólpar var eitt af þeim sem lentu í erfiðleikum og varð það gjaldþrota árið 1967. Framkvæmdabanki Íslands hafði lánað fé til fyrirtækisins og voru eignir þess nú seldar á uppboði.[155] Húsasmiðjan eignaðist síðan húsin og fékk umráð yfir lóðinni og voru lóðirnar Súðarvogur 3 og 5 sameinaðar í eina lóð árið 1985.[156]

Næstu lóð sunnan við lóð Steinstólpa var úthlutað til Jakobs J. Jakobssonar útgerðar- og verslunarmanns í janúar 1954. Fékk hún staðfangið **Súðarvogur 7**. Á þeirri lóð var ekki byggt fyrr en árið 1960, en þá var hafin þar bygging steinsteypts iðnaðarhúss sem teiknað var af Skúla H. Norðdahl arkitekt (1924-2011) fyrir Ágúst Sæmundsson (1908-1992) og Árna Guðjónsson trésmíðameistara (1923-2002) sem þá voru lóðarhafar. Húsið átti að verða þrílyft með kjallara og tvílyftri útbyggingu á baklóð en í fyrstu var einungis bakhúsið reist ásamt kjallara framhússins og voru þessir hlutar teknir í notkun árið 1961. Að Súðarvogi 7 starfrækti Árni Guðjónsson trésmíðaverkstæði í mörg ár og Ágúst Sæmundsson rak þar meðal annars *Nýju efnalaugina* og kom þar á fót niðursuðuverksmiðjunni *Síldarréttir sf.* Vélbúnaður

[150] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Súðarvog 3 (B-nr. 6608) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Súðarvogur 3. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Súðarvogur 3-5. Sótt 08.09.2014 – *Frjáls verzlun*, 35. árg. 1976, 10. tbl. (01.10.1976), bls. 65 – Bjarni Ólafsson: „Smiðjan – Saga Húsasmiðjunnar“. *Morgunblaðið*, 6. maí 1994, B Heimili/Fasteignir, bls. 28 – Vefur Húsasmiðjunnar. Vefslóð: http://www.husa.is/ → Um okkur → Húsasmiðjan: Saga Húsasmiðjunnar. Sótt 11.08.2015.
[151] Ólafur Tryggvason: „Steinstólpagerð“. *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands*, 45. árg. 1960, 3.-6. tbl. (01.12.1960), bls. 99-100 – *Vísir*, 26. júlí 1944, bls. 2
[152] *Tíminn*, 10. júní 1960, bls. 2 – *Morgunblaðið*, 2. febrúar 1961, bls. 13; 2. mars 2003, B Heimili/Fasteignir, bls. 5 – *Vísir*, 14. desember 1964, bls. 19; 10. september 1966, bls. 6.
[153] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Súðarvog 5 (B-nr. 7417) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Súðarvogur 5. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Súðarvogur 3-5. Sótt 08.09.2014.
[154] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 208-210 og 218.
[155] *Þjóðviljinn*, 30. sept. 1967, bls. 2.
[156] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Súðarvog 3 (B-nr. 6608).

verksmiðjunnar og efri hæð bakhússins skemmdust töluvert í eldi árið 1974. Í húsunum var einnig starfrækt prentsmiðja á 8. og 9. áratugnum.[157] Ekki var haldið áfram byggingu framhússins fyrr en árið 1985 en þá voru loks byggðar ofan á það þrjár hæðir. Þá var húsið komið í eigu *Prentmyndastofunnar hf.*[158]

Syðstu lóðinni austan götunnar Súðarvogs var úthlutað til vélsmiðjunnar *Tækni hf.* í október 1954 og hlaut sú lóð staðfangið **Súðarvogur 9**. Á árunum 1957-1960 voru reist þar tvö steinsteypt iðnaðarhús, fyrst einlyft framhús með vélasölum og plötusmiðju og síðan einlyft verkstæðisbygging til austurs. Vélsmiðjan Tækni hf. sem stofnuð var árið 1942 hóf starfsemi í framhúsinu árið 1957 og starfrækir þarna enn í dag vélaverkstæði og málmsmiðju (2015).[159]

#### 1.1.4.4 Uppbygging iðnaðarhverfis við Elliðaárvog – Svæðið sunnan Tranavogs – Vogabyggð 3 (1958-1965)

Á svipuðum tíma og lóðum var úthlutað og uppbygging hófst norðan Snekkjuvogs (núverandi Tranavogs) á fyrri hluta 6. áratugarins, byrjuðu fyrstu iðnaðarlóðirnar að byggjast sunnan götunnar. Fyrstu húsin sem reist voru á svæðinu voru verksmiðjuhús Hannesar Ágústssonar (1912-1995) og *Fínpússningargerðarinnar sf.* sem reist var árið 1952 á lóðinni sem nú telst við **Dugguvog 6** (áður talin við Elliðavog) og iðnaðarhúsið sem nú telst við **Tranavog 1** (áður við Snekkjuvog 36) og var reist af Gunnari Guðmundssyni (1924-2004) um 1952-1953, en Gunnar reisti tveimur áratugum seinna einnig húsið Dugguvog 2 undir starfsemi flutningafyrirtækis síns, *GG Gunnar Guðmundsson hf.*, (sjá kafla 1.1.4.6). Einnig var á þessum tíma flutt lítið timburhús á lóðina sem nú er talin við **Tranavog 3** (áður Snekkjuvogur 32), en það hýsti *trésmíðavinnustofuna Eljuna* og stóð áður við Þverholt 19. Á árunum 1953-1954 reisti byggingarfyrirtækið *Benedikt & Gissur* einnig iðnaðarhúsið á lóðinni **Dugguvogi 21**.[160]

Þegar þessi hús voru byggð var ekki enn búið að leggja göturnar Súðarvog, Dugguvog og Kænuvog um svæðið, eins og sést á loftmynd frá 1954 (sjá myndir 25 og 26), en lóðunum var úthlutað og húsin teiknuð og staðsett í samræmi við skipulagsuppdrátt Bolla Thoroddsens, Einars Sveinssonar og Gunnars Ólafssonar af Vogahverfi frá 1946.[161] Þar var, eins og áður segir, gert ráð fyrir sambyggðum röðum lítilla iðnaðarhúsa við Súðarvog og austan götu við Dugguvog og stærri stakstæðum iðnaðarhúsum á lóðum sem lágu vestan Dugguvogs að

---

[157] *Alþýðublaðið*, 16. júlí 1963, bls. 16 og 2 – *Vísir*, 17. júlí 1963, bls. 5 – *Morgunblaðið*, 17. júlí 1963, bls. 6; 13. desember 1974, bls. 22; 3. september 1992, bls. 34 – *Frjáls verzlun*, 35. árg. 1976, 10. tbl. (01.10.1976) bls. 62 – *DV*, 30. ágúst 1983, bls. 28; 2. september 1985, bls. 19 – Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Súðarvog 7 (B-nr. 7260).

[158] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Súðarvog 7 (B-nr. 7260) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Súðarvogur 7. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Súðarvogur 7. Sótt 08.09.2014.

[159] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Súðarvog 9 (B-nr. 6768) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Súðarvogur 9. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Súðarvogur 9. Sótt 08.09.2014 – Vefur Tækni hf. Vefslóð: http://www.taeknihf.is/index.html → Saga Tækni efh. Sótt 21.09.2015 – *Frjáls þjóð*, 6. árg. 1957, 49. tbl. (21.12.1957), bls. 4.

[160] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Dugguvog 6 (B-nr. 6104), Tranavog 1 (B-nr. 6031), Tranavog 3 (B-nr. 6117) og Dugguvog 21 (B-nr. 6166) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Dugguvogur 6, Tranavogur 1, Tranavogur 3 og Dugguvogur 21. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Dugguvogur 6, Tranavogur 1, Tranavogur 3, Dugguvogur 21. Sótt 08.09.2014

[161] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir. „Skipulag einlyftra húsa í Kleppsholti", dags. 02.04.1946. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Kleppsholt. Sótt 09.07.2015.

götunni Elliðavogi. Á 5. og 6. áratugnum einkenndu smáfyrirtæki iðnað í Reykjavík og skipulagið frá 1946 virðist endurspegla þá þörf sem þá var fyrir iðnaðarhúsnæði í smáum skala.[162]



**Mynd 29** Svæðið á korti af Reykjavík 1951. Í iðnaðarhverfinu vestan götunnar Elliðavogs er sýnt það gatnaskipulag sem gert var ráð fyrir á uppdrættinum frá 1946. Punktarnir tákna íbúafjölda, hver punktur 25 íbúa.[163]

Skipulagið frá 1946 virðist hafa verið tekið fram yfir uppdrátt Þórs Sandholt að skipulagi svæðisins, sem samþykktur var í bæjarráði 19. október 1949.[164] Til er mæliblað fyrir lóðir við Súðarvog, Dugguvog og Kænuvog, gefið út í ágúst 1951 og kort af Reykjavík 1951, sem hvort tveggja byggir á skipulaginu frá 1946 (sjá mynd 51).[165] Þór Sandholt gerði síðan, í samvinnu við Ágúst Pálsson arkitekt, teikningar að húsum og húsaröðum á svæðinu á árunum 1952-1954 og voru þær teikningar unnar út frá því skipulagi sem sýnt er á uppdrættinum frá 1946 og mæliblaðinu frá 1951. Um er að ræða teikningar að allri húsaröðinni við Dugguvog 3-21 (sjá mynd 30), húsum á horni Snekkjuvogs og Súðarvogs (Snekkjuvogi 36 (Tranavogi 1) og Súðarvogi 16) og húsi á lóðinni Snekkjuvogi 30 (þar sem nú er Tranavogur 5).[166] Á þeim tíma þegar Þór og Ágúst unnu sínar teikningar var gert ráð fyrir að sambyggðu húsaraðirnar við Súðarvog og Dugguvog samanstæðu af einlyftum húsum og voru húsin sem Þór og Ágúst

---

[162] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 203.

[163] Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík 1951 (hluti), teiknað á teiknistofu skipulagsins í október 1954, undirritað af Herði Bjarnasyni skipulagsstjóra ríksins og Gunnlaugi Pálssyni arkitekt. Prentað eintak. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: 1951. Sótt 03.10.2015.

[164] Borgarsögusafn: Skipulagsuppdrættir. Uppdráttur Þórs Sandholts að iðnaðarhverfi austan Elliðavogs, dags. í júní 1949. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: Elliðavogur. Sótt 03.10.2015.

[165] Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur: Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit, bls. 74 og mynd 63, bls. 91.

[166] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Dugguvogur 3-21, Súðarvogur , Tranavogur 1 og 5. Sjá:Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Dugguvogur 3, 13, 15 og 17, Súðarvogur 16, Tranavogur 1 og 5. Sótt 15.04.2015.

teiknuðu öll einlyft og öll með sama útliti og fyrirkomulagi. Ekki var síðan byggt eftir þessum teikningum nema í einu tilviki (Tranavogur 1).




**Mynd 30** Ein af teikningum Þórs Sandholts og Ágústs Pálssonar að húsaröðinni við Dugguvog 3-21, dags. í maí 1952.[167]

Svæðið byrjaði fyrst að byggjast að ráði upp úr 1960 og varð að mestu fullbyggt á tímabilinu 1958-1965. Þá voru loks reistar þær sambyggðu raðir iðnaðarhúsa sem skipulagið frá 1946 gerði ráð fyrir og lagðar þær götur sem ráðgerðar höfðu verið frá því að skipulagið var sett fram. Áframhald var gert af götunni Súðarvogi til suðurs og gatan Dugguvogur var lögð frá Snekkjuvogi (Tranavogi). Á milli húsaraðanna við Súðarvog og Dugguvog var gatan Kænuvogur lögð. Það landsvæði sem tekið var undir byggðina á þessum slóðum tilheyrði áður erfðafestubýlinu *Strönd* (Kleppsmýrarbletti 13), eins og áður er greint frá, og voru þau hús sem tilheyrðu býlinu öll fjarlægð á þessum tíma, enda stóðu þau að hluta til í vegarstæði Dugguvogs og Kænuvogs.

Á þessum tíma voru skilyrði að mörgu leyti hagstæð innlendum iðnaði. Upp úr 1958 hófust margir iðnrekendur og iðnaðarmenn handa við byggingu nýs húsnæðis en þá var losað um fjárfestingahöft sem áður höfðu verið farin að hamla byggingu iðnðarhúsnæðis. Á 7. áratugnum var einnig ráðist í aðgerðir til að tryggja innlendum iðnaði óheftan aðgang að hráefni til framleiðslu og auðvelda innflutning á iðnaðarvélum. Þetta fór saman við almennt góðæri framan af 7. áratugnum, bættan efnahag borgarbúa og ört vaxandi markað svo að ný iðnfyrirtæki í borginni hlutu byr undir báða vængi.[168]

[167] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Dugguvogur 13. Sjá:Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Dugguvogur 13. Sótt 15.04.2015.
[168] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 202 og 210 – *Vísir*, 31. maí 1963, bls. 9.

Þegar húsaraðirnar við Súðarvog og Dugguvog risu var búið að ákveða að húsin skyldu verða tvær hæðir í stað einnar eins og áður hafði verið ráðgert. Mörg þeirra, einkum húsin við Súðarvog, voru fljótlega hækkuð um eina hæð og vegna landhalla á svæðinu eru þau nú flest tvílyft með niðurgröfnum kjallara vestan megin og þrílyft austan megin.

Ýmsir arkitektar, húsameistarar og byggingarfræðingar komu að hönnun húsanna og þó þau séu í grunninn öll sömu gerðar og myndi samfelldar og heildstæðar húsaraðir hafa þau um leið fjölbreytt yfirbragð, sem birtist meðal annars í ólíkum gluggagerðum. Af þeim sem komu að hönnun húsanna teiknaði Ásmundur Ólason bygginga- og tæknifræðingur flest hús, alls níu, en Gunnar Hansson arkitekt, Kjartan Sveinsson tæknifræðingur, Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari og Finnur Ó. Thorlacius forsmiður teiknuðu einnig hver um sig tvö til þrjú hús á svæðinu.

Vestan Dugguvogs reis eitt hús á þessum tíma, **Dugguvogur 10**, auk þess sem haldið var áfram að byggja á lóðinni Dugguvogi 6. Þar var einnig byggt í samræmi við skipulagið frá 1946 sem gerði ráð fyrir stærri stakstæðum iðnaðarhúsum vestan götunnar Dugguvogs. Samkvæmt heimildum virðist húsið Dugguvogur 10 upphaflega hafa verið sýningarskáli sem var endurbyggður á lóðinni á tímabilinu 1956-1960 á vegum Axels Kristjánssonar forstjóra Rafha (1908-1979). Fljótlega var verksmiðjan *Vogafell hf.* komin í húsið og starfaði þar í mörg ár. Árið 1987 eyðilagðist stór hluti hússins í eldsvoða og var efri hæð þess endurbyggð árið 1995.[169]



**Mynd 31** Horft suðaustur yfir Sunda- og Vogahverfi í átt að iðnaðarhverfinu við Elliðaárvog á loftmynd frá 1962. Lengst til vinstri sjást hús *Keilis hf.* og *Húsafells hf.* (áður *Landsmiðjunnar*) á Gelgjutanga og þrjár bogaskemmur sem stóðu við Kleppsmýrarveg til um 1995-2000. Fyrir miðju sést iðnaðarhverfið sem risið var við Súðarvog, m.a. hús *Rafmagnsveitna ríkisins*, *Húsasmiðjunnar* og *Glersteypunnar* og lengra til hægri iðnaðarhúsin sunnan Snekkjuvogs (Tranavogs). Lengst til hægri sjást þau hús sem tilheyrðu býlinu *Útskálum*.[170]

## 1.1.4.5 Lagning götunnar Elliðavogs (1950-1970)

Upphaflega fengu lóðirnar vestan Súðarvogs og Dugguvogs númer við götuna Elliðavog. Eins og áður segir var snemma gert ráð fyrir þeirri götu í skipulagi borgarinnar og átti hún að þjóna

[169] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Dugguvog 10 (B-nr. 6854) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Dugguvogur 10. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Dugguvogur 10. Sótt 08.09.2014 – *Morgunblaðið*, 17. desember 1988, bls. 54.
[170] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: PTH 058 047 1-2. Ljósm.Pétur Thomsen.

sem umferðaræð meðfram strandlínunni frá Kleppsvegi suður að fyrirhuguðum gatnamótum Suðurlandsbrautar og Miklubrautar. Gert var ráð fyrir götunni á uppdrættinum að skipulagi Vogahverfis frá 1946 og sama ár var ákveðið að nafn hennar yrði Elliðavogur.[171] Hafist var handa við að leggja götuna um eða upp úr 1950 og fyrst lagður sá hluti sem liggur meðfram



**Mynd 32** Iðnaðarsvæðið við Elliðavog á loftmynd frá 1965. Sjá má að svæðið sunnan Snekkjuvogs (Tranavogs) er að mestu orðið fullbyggt á þessum tíma og horfin öll ummerki um býlið *Strönd* sem þar stóð. Enn er ekki risin skipulögð byggð á lóðum sem tilheyrðu erfðafestubýlunum *Ósi/Arnarvogi* og *Vík* norðan Snekkjuvogs.[172]

norðurhluta Vogahverfis og suðurhluta Sundanna, sem byrjuðu einmitt að byggjast upp á þeim tíma (sjá myndir 27 og 32).[173] Um miðjan 7. áratuginn var búið að leggja áframhald af götunni til norðurs og tengja hana við Kleppsveg og hefur það líklega verið gert samhliða uppbyggingu nýs íbúðarhverfis við Kleppsveg og Sæviðarsund sem hófst í kringum 1965. Á seinni hluta 7. áratugarins var lagningu götunnar haldið áfram til suðurs frá gatnamótum Skeiðarvogs og Kleppsmýrarvegar og tenging gerð við Suðurlandsbraut (sjá mynd 37, kort frá 1971). Á tímabilinu 1970-1975 var Reykjanesbraut síðan tengd við Elliðavog, eins og áður segir, og gerð þar mislæg gatnamót með tengingu við Miklubraut (sjá mynd 37, kort frá 1977). Árið 1974 var skráningu þeirra lóða sem lágu milli Elliðavogs og Dugguvogs breytt og þær eftir það taldar við Dugguvog (Dugguvogur 2-12). Árið 1990 var ákveðið að sameina göturnar Elliðavog, Kleppsveg og Sætún í eina götu sem fékk heitið Sæbraut, og var þá götuheitið Elliðavogur aflagt.[174]

---

[171] *Vísir*, 21. júní 1946, bls. 3; 24. janúar 1963, bls. 13.
[172] Borgarvefsjá: Loftmynd 1965. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1965. Sótt í júní 2015.
[173] *Vísir*, 13. október 1952, bls. 8
[174] *Morgunblaðið* 29. júlí 1990, B Heimili/Fasteignir, bls. 2.

## 1.1.4.6 Áframhaldandi uppbygging iðnaðarhverfisins við Elliðaárvog (1965-1980)

Á tímabilinu 1965-1970 lá bygging iðnaðarhúsnæðis að mestu leyti niðri á öllu svæðinu, allt frá Kleppmýrarsvegi suður að gatnamótum Súðarvogs og Dugguvogs. Á þeim tíma snérist efnahagsþróun í landinu til hins verra eftir undangengið góðæri og mörg iðnfyrirtæki glímdu við erfiðleika, eins og áður er vikið að.[175] Þó réðist *Slippfélagið í Reykjavík* á þessum tíma í byggingu nýs húsnæðis fyrir starfsemi sína á lóð sem fyrirtækinu var úthlutað við **Dugguvog 4**, en sú lóð var áður hluti af erfðafestulandi (Kleppsmýrarbletti 12) og þar höfðu staðið íbúðarhús og útihús sem tilheyrðu býlinu *Bala* (sjá umfjöllun hér að framan). Slippfélagið var stofnað árið 1902 og starfaði upphaflega við skipasmíðar og tengd verkefni en hóf árið 1951 framleiðslu á málningu. Á lóðinni við Dugguvog reisti fyrirtækið hús undir málningarverksmiðju, lager, verslun og skrifstofur. Teikningar að húsinu voru samþykktar árið 1965 en það virðist ekki hafa verið byggt fyrr en á árunum 1969-1970. Á árunum 1972-1975 var það stækkað með viðbyggingu og hefur síðan verið stækkað enn frekar. Í dag eru þar aðalstöðvar Slippfélagsins í Reykjavík.[176]

Upp úr 1970 vænkaðist hagur iðnaðarins á ný, ekki síst í Reykjavík þar sem borgaryfirvöld beittu ýmsum aðferðum til þess að efla iðnað og létta undir með iðnfyrirtækjum.[177] Á þeim tíma hófu nokkur iðnfyrirtæki byggingu nýs húsnæðis í iðnaðarhverfinu við Elliðaárvog og var þá einkum byggt á lóðum sem áður höfðu tilheyrt erfðafestulandi.



**Mynd 33** Deiliskipulagsuppdráttur af svæðinu sem samþykktur var í maí 1965, en síðar felldur úr gildi.[178]

Norðanvert á lóðinni Dugguvogi 8-10 byggði heildsölufyrirtækið *Halldór Jónsson hf.* iðnaðar- og vörugeymsluhús á árunum 1970-1971. Það var í fyrstu talið nr. 117 við Elliðavog en árið 1974 var skráningu þess breytt í **Dugguvog 8**. Þessi lóð hafði áður verið hluti af erfðafestulandi býlisins *Strandar* (Kleppsmýrarbletti 13), en íbúðarhús og geymsluskúr sem

[175] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 218.

[176] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Dugguvogur 4. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Dugguvogur 4. Sótt 08.09.2014 – *Frjáls verzlun*, 28. árg. 1968, 5. tbl. (01.05.1968), bls. 45 – *Alþýðublaðið*, 18. apríl 1969, bls. 2 – *Tíminn*, 24. maí 1970, bls. 9 – Vefur Slippfélagsins í Reykjavík. Vefslóð: http://www.slippfelagid.is/adalsida.php → Fyrirtækið → Sagan. Sótt 13.10.1915.

[177] Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940-1990*. Fyrri hluti, bls. 211 og 217-218.

[178] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir. „Skipulag við Súðarvog", sþ. 17.05.1965. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Súðarvogur. Sótt 09.09.2015.

stóðu hér um bil þar sem nú er austurendi hússins Dugguvogs 8 voru rifin í kringum 1960 (sjá kafla 1.1.2.3). Verksmiðjan *Vogafell hf.*, dótturfyrirtæki Halldórs Jónssonar hf., sem starfrækt hafði verið í húsinu Dugguvogi 10 var flutt í Dugguvog 8 árið 1973.[179]

Norðan við lóð Slippfélagsins var stór óbyggð lóð á þessum tíma, **Dugguvogur 2**. Mestur hluti lóðarinnar hafði áður tilheyrt erfðafestulandi Högna Halldórssonar (*Vík*, Klepps-mýrarbletti 12) og norðanvert á lóðinni stóð lítið timburhús sem líklega var eitt af útihúsum Högna (sjá kafla 1.1.2.2). Á austurjaðri lóðarinnar stóð einnig fjósbygging sem tilheyrði býlinu *Ósi* (sjá kafla 1.1.2.1). Árið 1971 var lóðinni úthlutað til flutningafyrirtækisins *Gunnars Guðmundssonar hf.* sem fékk leyfi til að reisa þar stórt iðnaðar- og skrifstofuhús. Eigandi fyrirtækisins, Gunnar Guðmundsson (1924-2004), hafði áður byggt húsið Tranavog 1 undir starfsemi fyrirtækisins (sjá kafla 1.1.4.4). Karl-Erik Rocksén arkitekt teiknaði nýja húsið við Dugguvog og var það reist á árunum 1971-1972.[180]



**Mynd 34** Gerður Helgadóttir myndhöggvari með steypumót fyrir veggmyndir á húsið Dugguvog 2.[181]

Á meðan það var í byggingu fékk Gunnar Gerði Helgadóttur myndhöggvara (1928-1975) til að móta hugmyndir um hvernig mætti brjóta upp form hússins. Frá þessu segir svo í ævisögu Gerðar sem Elín Pálmadóttir ritaði 1985:[182]

> Síðsumars 1971 hafði Gerður farið til Íslands með tillögur sínar að Kópavogsatlaristöflunni. Gunnar Guðmundsson eigandi flutningafyrirtækisins GG var þá farinn að byggja stórhýsi

---

[179] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Dugguvog 8 (B-nr. 6854) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Dugguvogur 8. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Dugguvogur 8. Sótt 08.09.2014 – *Morgunblaðið*, 17. desember 1988, bls. 54.

[180] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Dugguvog 2 (B-nr. 8587) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Dugguvogur 2. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Dugguvogur 2. Sótt 08.09.2014 – *Morgunblaðið*, 6. desember 2004, bls. 25.

[181] *Gerður. Meistari glers og málma*, mynd bls. 103 – Sjá einnig: „Gerður Helgadóttir myndhöggvari: „Ég er sterk"". *Tíminn*, 9. júní 1974, bls. 28.

[182] Elín Pálmadóttir: *Gerður – Ævisaga myndhöggvara*, bls. 195 – Sjá einnig *Morgunblaðið*, 24. nóvember 1971, bls. 17.

undir starfsemina en var óánægður með útlit hússins. Hann var kunningi Gerðar og ég hafði stungið upp á því að hann ræddi við hana þegar hún kæmi um hvort ekki mætti bæra eitthvað línur og form hússins. Eftir slíkt spjall varð úr að Gerður tæki með sér teikningarnar af húsinu og velti fyrir sér. Í októbermánuði komu svo allt í einu stórir strangar með teikningum að lágmyndum á lengsta vegg hússins, í stærðarhlutföllunum 1 á móti 10. Hafði Gerður eftir komuna til Hollands náð sér í auglýsingar og bæklinga með myndum af bílavarahlutum og undirvögnum, skoðað formin samhliða húsateikningunni og útkoman orðið lágmyndir á sjö flötum, sem felldar skyldu inn í steypuna. Gunnar varð himinlifandi þótt enginn hefði búist við svo umfangsmikilli lausn. Hann sendi Gerði flugfarmiða. Hún kom heim og skar sjálf bílamótin í frauðplast. Þau voru fest á krossvið og honum komið fyrir í mótunum áður en húsið var steypt. Ekki var Gerður alls kostar ánægð með steypuvinnuna. Benti á að sjá mætti misjafna dreifingu á kornastærð og loftbólur í veggjunum, en múrarar fullyrtu að þetta væri það albesta sem gerðist á Íslandi. Varla angrar það þó þá sem um þessa miklu umferðargötu aka og njóta þaðan listaverkanna á húsi GG við Elliðavog. Ferðina heim gat Gerður notað til að huga að öðrum verkum og koma heim með breytta tillögu að altaristöflu.



**Mynd 35** Veggmyndir Gerðar Helgadóttur á vesturvegg hússins Dugguvogs 2.[183]



**Mynd 36** Ein af skissum Gerðar Helgadóttur fyrir veggmyndir á húsið Dugguvog 2.[184]

[183] *Gerður. Meistari glers og málma*, mynd bls. 102.
[184] *Gerður. Meistari glers og málma*, mynd bls. 103.

Á sama tíma og Gerður vann lágmyndirnar fyrir húsið Dugguvog 2 gerði hún einnig tillögur að hinu mikla mósaíkverki sem prýðir Tollhúsið við Tryggvagötu í Reykjavík.[185] Á þessum tíma taldist það til nýjunga að hús væru skreytt með slíkum veggmyndum að utanverðu og var húsið við Dugguvog 2 eitt af þeim fyrstu sem prýdd voru á þennan hátt.[186] Starfsemi hófst í húsinu 1973 og frá upphafi höfðu ýmis fyrirtæki aðstöðu þar auk flutningafyrirtækis Gunnars Guðmundssonar.[187] Árið 1974 var húsið eitt af ellefu húsum sem fulltrúar Arkitektafélags Íslands völdu til að hljóta viðurkenningu fegrunarnefndar Reykjavíkur sem fegurstu mannvirki í Reykjavík. Var húsið Dugguvogur 2 valið sem dæmi um iðnaðarhús þar sem vel hefði tekist til um hönnun og framkvæmd.[188]

Við **Kleppsmýrarveg 8** voru reist tvö sambyggð hús á þessum tíma fyrir *Fiskverkun Halldórs Snorrasonar*, annars vegar verslunar- og skrifstofubygging við götu og hins vegar áföst skemma, byggð sem fiskverkunarhús. Húsin voru byggð á árunum 1974-1975 og var bogaskemma sem reist hafði verið á lóðinni um 1953, þá rifin. Fiskverkun Halldórs Snorrasonar var starfrækt í húsunum til 1978. Eftir það starfaði þar vöruflutningafyrirtækið Vöruleiðir og síðar ýmis önnur fyrirtæki.[189]




**Mynd 37** Iðnaðarsvæðið við Elliðaárvog á kortum frá 1971 (vinstra megin) og 1977 (hægra megin). Á kortinu frá 1977 sést að þá er búið að reisa húsið Dugguvog 2 og viðbyggingar á lóðinni Súðarvogi 5. Með samanburði á kortunum má einnig sjá hvernig gerð uppfyllinga innst í Elliðaárvogi miðaði á tímabilinu.[190]

---

[185] *Gerður Helgadóttir myndhöggvari*, bls. 45 – *Gerður. Meistari glers og málma*, bls. 149 og 159.
[186] *Morgunblaðið*, 24. nóvember 1971, bls. 17 – *Vísir*, 10. október 1972, bls. 16 – „Gerður Helgadóttir myndhöggvari: „Ég er sterk"". *Tíminn*, 9. júní 1974, bls. 28 – *Morgunblaðið*, 6. desember 2004, bls. 25.
[187] *Morgunblaðið*, 7. október 1973, bls. 12 – *Frjáls verzlun*, 35. árg. 1976, 10. tbl. (01.10.1976), bls. 67.
[188] *Morgunblaðið*, 17. ágúst 1974, bls. 3.
[189] *Þjóðviljinn*, 26. maí 1968, bls. 8 – *Morgunblaðið*, 1. október 1977, bls. 31; 20. júlí 2006, bls. 35 – *Vísir*, 11. desember 1978, bls. 28 – *Frjáls verzlun*, 41. árg. 1982, 1. tbl. (01.01.1982), bls. 64.
[190] Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Garðahreppi, Bessastaðahreppi 1971 (hluti), teiknað af Ágústi Guðmundssyni; Kort af Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Garðahreppi, Bessastaðahreppi og þéttbýli í Mosfellssveit 1977 (hluti), teiknað af Ágústi Guðmundssyni. Prentuð eintök. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: 1971 og 1977. Sótt 09.10.2015.

Um miðjan 8. áratuginn var hverfið orðið nær fullbyggt og voru þá starfandi þar margvísleg iðnfyrirtæki, stór og smá. Fjallað var um hverfið í tímaritinu *Frjálsri verzlun* árið 1976:[191]

> Nú vinna alls 800 manns í 86 fyrirtækjum í svokölluðu Iðnvogahverfi í Reykjavík, en þetta hverfi afmarkast af Súðarvogi, Dugguvogi, Kænuvogi, Tranavogi og hluta Elliðavogs. Þetta er mikið athafnasvæði hvers konar iðnfyrirtækja og starfar um 2/3 hluti fyrirtækjanna á þessu svæði að framleiðslu, en 1/3 eru þjónustufyrirtæki.

Árið 1974 mynduðu fyrirtækin á svæðinu með sér samtök til að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum sínum. Hlaut félagið nafnið *Iðnvogar*. Hvatinn að stofnun þess var einkum þörf fyrir næturvörslu á svæðinu vegna tíðra innbrota og skemmdarverka, en á þessum tíma var svæðið enn alleinangrað og á jaðri meginbyggðarinnar vestan Elliðaáa.



**Mynd 38** Svæðið á loftmynd frá 1975.[192]

Jafnframt var félaginu ætlað að hvetja til þess að unnið yrði að frágangi og hreinsun hverfisins og þrýsta á borgaryfirvöld að ganga þar frá götum og koma upp gangstéttum

[191] *Frjáls verzlun*, 35. árg. 1976, 10. tbl. (01.10.1976), bls. 63.
[192] Borgarvefsjá: Loftmynd 1975. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1975. Sótt 20.05.2015.

og götulýsingu, auk þess að bæta samgöngur þangað, bæta aðkomu að hverfinu og koma á strætisvagnaferðum. Starf félagsins og sameiginleg öryggisgæsla skilaði fljótt þeim árangri að innbrot og þjófnaðir snarminnkuðu. Á síðustu áratugum hefur félagið lagt áherslu á umferðarmál, umhverfismál og góða umgengni fyrirtækjanna í hverfinu með góðum árangri.[193]

### 1.1.4.7 Uppfyllingar við Elliðaárósa (1965-1980)

Á seinni hluta 7. áratugarins og á 8. áratugnum voru gerðar miklar uppfyllingar innst í Elliðaárvogi við ósa Elliðaánna, svo að ásýnd þeirra og náttúra á svæðinu breyttist mjög (sjá myndir 37-40). Miklu magni sorps og jarðvegsefna var ekið í voginn og mynduðust tveir flatlendir tangar eða nes við framkvæmdirnar, auk þess sem land bættist við bakkann austan ósanna, undir Ártúnshöfða. Framkvæmdirnar voru umdeildar á sínum tíma og voru gagnrýndar vegna þeirra áhrifa sem þær höfðu á náttúrufar svæðisins og fuglalíf. Eystri tanginn sem varð til við framkvæmdirnar hefur verið kallaður *Geirsnef*, og mun sú nafngift vísa til Geirs Hallgrímssonar sem var borgarstjóri þegar byrjað var á uppfyllingunum. Geirsnef hefur einstaka sinnum verið notað til hátíðahalda en er nú einkum notað af hundaeigendum.[194]



**Mynd 39** Horft suðausturyfir svæðið við Elliðaárvog á loftmynd frá um 1975-1980. Fremst er Gelgjutangi og ofar má sjá uppfyllingarnar sem komnar eru innst í voginn.[195]

[193] *Tíminn*, 4. september 1975, bls. 13 – *Vísir*, 1. september 1975, bls. 9 – *Dagblaðið*, 27. október 1975, bls. 4 – *Frjáls verzlun*, 35. árg. 1976, 10. tbl. (01.10.1976), bls. 61-63 – *Morgunblaðið*, 3. júní 1999, B Viðskipti, bls. 8.

[194] *Morgunblaðið*, 9. mars 1966, bls. 2 – *Alþýðublaðið*, 6. febrúar 1970, bls. 2 – *Tíminn*, 2. ágúst 1973, bls. 1; 12. október 1973, bls. 10 – *Lesbók Morgunblaðsins*, 27. október 1990, bls. 3 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund,* 1. bindi (A-G), bls. 124.

[195] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 365 Reykjavík Elliðaár 1. Ljósm. Dagblaðið Vísir.

### 1.1.4.8 Smábátahöfn Snarfara í Elliðaárvogi (1980-1990)

Árið 1978 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur að gera skyldi smábátahöfn í Elliðaárvogi. Höfninni var valinn staður fremst á vestari tanganum sem gerður hafði verið með uppfyllingum í voginum og árið 1981 var samþykkt að hefja þar framkvæmdir. Skriður komst loks á framkvæmdirnar árið 1983 og var byggð þar höfn með varnargörðum og flotbryggjum. Höfnin var tilbúin til notkunar vorið 1984 og var þá leigð félagi sportbátaeigenda, *Snarfara*. Félagið hafði lengi barist fyrir því að fá aðstöðu fyrir sportbáta á svæðinu og hafði áður komið sér upp aðstöðu í sjálfboðavinnu á lóð vélsmiðjunnar Keilis á Gelgjutanga og seinna hinum megin við voginn, innan við hafnaraðstöðu Sementsverksmiðjunnar á Ártúnshöfða. Þangað hafði félagið flutt gamlan sumarbústað og haft þar félagsheimili og var þessi bústaður nú fluttur í nýju smábátahöfnina í Elliðaárvogi þar sem hann stóð þar til byggt var þar nýtt félagsheimili sem tekið var í notkun 1987. Einnig hafa bæst við fleiri bryggjur á svæðinu og mannvirki í landi.[196] Samþykkt var árið 1987 að leggja götuna *Naustavog* um svæðið frá Súðarvogi að smábátahöfninni.[197]




**Mynd 40** Svæðið á loftmynd frá 1984. Hér eru risin iðnaðarhús á lóðum sem áður tilheyrðu býlinu *Ósi/ Arnarvogi* (Dugguvogur 1 og 1b) og nýtt verslunar- og skrifstofuhús *Húsasmiðjunnar* við Súðarvog 3. Gerð hefur verið smábátahöfn á vestari tanganum sem gerður var með uppfyllingum í voginum um 1965-1980.[198]

---

[196] Guðjón Friðriksson: *Hér heilsast skipin*. Síðara bindi, bls. 99-102 – *Dagblaðið*, 9. ágúst 1980, bls. 5 – *Helgarpósturinn*, 22. ágúst 1980, bls. 11 – *Tíminn*, 2. apríl 1981, bls. 13 – *Morgunblaðið*, 14. júlí 1981, bls. 3; 9. desember 1983, bls. 9.

[197] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund,* 3. bindi (R-Ö), bls. 106.

[198] Borgarvefsjá: Loftmynd 1984. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1984. Sótt 20.05.2015.

## 1.1.4.9 Þétting byggðar í iðnaðarhverfinu við Elliðaárvog (1980-1990)

Á 9. áratugnum hélt iðnarhverfið við Elliðavog áfram að þéttast og var þá byggt á þeim fáu lóðum sem enn voru eftir óbyggðar og jafnframt haldið áfram uppbyggingu á öðrum lóðum.

Á lóðum sem teknar höfðu verið úr landi Kleppsmýrarbletts 11 (*Óss/Arnarvogs*) voru byggð tvö hús á þessum tíma. Annað þeirra er verkstæðishús byggt við **Dugguvog 1** á árunum 1979-1981. Það var reist rétt norðvestan við íbúðarhús býlisins *Óss* sem stóð þá enn á mörkum lóðanna Súðarvogs 12 og Dugguvogs 1 og 1a. Gamla húsið átti síðan að víkja fyrir seinni áfanga verkstæðishússins en sá áfangi var aldrei byggður og stóð gamla húsið allt til ársins 1986 en var þá fjarlægt. Hitt húsið er iðnaðarhúsið **Dugguvogur 1b** sem byggt var vestanvert á lóðinni Súðarvogi 14 árið 1984 fyrir *Vélsmiðju Jens Árnasonar*. Þar hafði áður staðið annað íbúðarhús sem byggt var í landi *Óss* um 1941 en var rifið fyrir 1971.[199]



**Mynd 41** Svæðið við Elliðaárvog á loftmynd frá 1995. Nýbyggingar hafa risið á þremur lóðum (Súðarvogi 2e og 2f og Dugguvogi 12) og uppbygging haldið áfram á öðrum lóðum. Skipulagðar hafa verið nýjar iðnaðarlóðir á svæðinu sunnan Súðarvogs, sem áður tilheyrði að mestu býlinu *Útskálum* (Vogabyggð, svæði 4). Gerðar hafa verið uppfyllingar norðar við vesturströnd Elliðaárvogar (*Vogabakki*) sem síðan (um 1995-2000) runnu saman við Gelgjutanga svo að hann er í raun ekki lengur tangi.[200]

---

[199] Borgarskjalasafn: Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulandið Kleppsmýrarblett XI (E-nr. 307); Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Dugguvog 1 (B-nr. 9411) og 1b (B-nr. 8167) – Borgarsögusafn Reykjavíkur: Húsaskrá Reykjavíkur (Dugguvogur – Ós við Engjaveg)

[200] Borgarvefsjá: Loftmynd 1995. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/ → Opna valglugga → Reykjavík árið 1995. Sótt 20.05.2015.

Á árunum 1982-1983 réðist *Húsasmiðjan* í nokkra uppbyggingu á lóðum sínum við Súðarvog. Þá var reist nýtt þrílyft verslunar- og skrifstofuhús fyrirtækisins við **Súðarvog 3** og opnuð þar deild með smávöruverslun. Þar var verslun Húsasmiðjunnar rekin til 1988 þegar hún var flutt í nýbyggingu fyrirtækisins við Skútuvog 16. Árið 1982 hóf fyrirtækið einnig byggingu húss á lóðinni **Súðarvogi 1** og átti það að rísa í þremur áföngum á horni Súðarvogs og Kleppsmýrarvegar. Þá voru líklega rifin eldri fiskverkunarhús sem byggð höfðu verið á lóðinni á tímabilinu 1955-1971. Hins vegar var einungis reistur kjallari 1. áfanga hins nýja húss og var lóðin síðan fyrst og fremst nýtt undir opin timburskýli. Timbursala Húsasmiðjunnar var starfrækt við Súðarvog 3-5 fram til 2009 en var þá flutt í nýtt húsnæði í Grafarholti.[201]

Á árunum 1985-1988 reisti innflutningsfyrirtækið *Bananar hf.* vörugeymslu- og skrifstofuhús á lóðunum **Súðarvogi 2e** og **2f**. Á lóðinni númer 2e hafði niðursuðuverksmiðjan Mata hf. upphaflega byggt verksmiðjuhús árið 1952 en um miðjan 7. áratuginn breytti fyrirtækið Bananar því í vörugeymslu. Árið 1985 reisti fyrirtækið vörugeymslu- og skrifstofuhús á lóðinni númer 2f. Tveimur árum seinna hófst svo bygging annars vörugeymslu- og skrifstofuhúss á lóðinni númer 2e og var það reist í áföngum. Þá stóð til að rífa gamla verksmiðjuhúsið frá 1952 en það stóð þó áfram um sinn og hlutar hins nýja framtíðarhúss voru byggðir hvor sínum megin við það, eins og áður er nefnt. Gamla húsið var loks rifið um 1994 og lokaáfangi hins nýja húss byggður í skarðið.

Á svipuðum tíma var haldið áfram uppbyggingu á lóðinni **Súðarvogi 7**, þar sem reist hafði verið útbygging og kjallari fyrirhugaðs þrílyfts framhúss árið 1960, eins og áður er fjallað um. Þannig hafði húsið staðið í um aldarfjórðung þegar ákveðið var árið 1985 að byggja loks ofan á það þær þrjár hæðir sem ráðgerðar höfðu verið frá upphafi. Þá var það í eigu *Prentmyndastofunnar hf.* Á svipuðum tíma var húsið stækkað til norðurs og var þá komið í núverandi mynd.[202]

Á árunum 1986-1988 var byggt á síðustu óbyggðu lóðinni á svæðinu sunnan Tranavogs, en þá reisti fyrirtækið Húsvirki hf. þar iðnaðar- og skrifstofuhúsið **Dugguvog 12**. Á lóðinni stóðu fyrir eldri byggingar sem voru reistar þar um 1963-1964 og 1975. Lóðin var þá talin nr. 119 við Elliðavog. Eldri byggingarnar voru rifnar áður en framkvæmdir hófust við byggingu yngra hússins. Þar hafa síðan starfað ýmis fyrirtæki en einnig var hluti húsnæðisins keyptur árið 1987 sem geymsluhúsnæði fyrir Þjóðminjasafn Íslands.[203]

Á þessu tímabili var einnig reist **skolpdælustöð** á sunnanverðum Gelgjutanga eftir teikningum Gunnars Hanssonar arkitekts. Dælustöðin var tekin í notkun árið 1986 og var fyrsta dælustöðin sem reist var í borginni, en á þessum tíma var Reykjavíkurborg að hefja uppbyggingu fráveitukerfis og skolpdælustöðva til hreinsunar strandlengju Reykjavíkur, sem síðar varð samstarfsverkefni sveitarfélagana á höfuðborgarsvæðinu. Stöðin á Gelgjutanga tengist Elliðavogsræsi og var ein af fimm sem byggja átti vegna hreinsunar norðurstrandarinnar. Fráveitukerfið er í dag rekið af Orkuveitu Reykjavíkur og samanstendur af tveimur hreinsistöðvum (við Ánanaust og í Klettagörðum) og alls 35 dælustöðvum og

---

[201] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Súðarvog 1 (B-nr. 6300) og 3 (B-nr. 6608) – *Morgunblaðið*, 17. maí 1988, bls. 74; 27. maí 1988, C Daglegt líf, bls. 6; 6. mars 2009, bls. 15 – Vefur Húsasmiðjunnar. Vefslóð: http://www.husa.is/ → Um okkur → Saga Húsasmiðjunnar. Sótt 23.01.2015.

[202] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Súðarvog 7 (B-nr. 7260) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Súðarvogur 7. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Súðarvogur 7. Sótt 08.09.2014.

[203] Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir Dugguvog 12 (B-nr. 7657) – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Dugguvogur 12. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Dugguvogur 12. Sótt 08.09.2014 – *DV*, 26. janúar 1988, bls. 6-7 – *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 1987, bls. 143.

dælubrunnum. Við hönnun þessara mannvirkja hefur þess verið gætt að þær féllu vel að umhverfinu og þykir bæjarprýði að mörgum þeirra.[204]

### 1.1.4.10 Svæðið sunnan Súðarvogs og Dugguvogs – Vogabyggð 4 (1980-2000)

Svæðið sunnan Súðarvogs og Dugguvogs, þar sem nú eru iðnaðarlóðir við götuna Knarrarvog (Vogabyggð – Svæði 4 – Suðursvæði), fellur utan þess deiliskipulagssvæðis sem hér er til umfjöllunar, en þó skal rakin hér stuttlega saga þess svæðis.

Mestur hluti þess tilheyrði áður erfðafestulandi býlisins *Útskála* (Kleppsmýrarbletti 17), en húsin að *Útskálum*, íbúðarhús og hlaða, stóðu á þeim slóðum þar sem nú eru mislæg gatnamót Sæbrautar, Miklubrautar og Reykjanesbrautar, eins og áður er greint frá (sjá kafla 1.1.2.4). Eignina *Útskála* keypti borgarsjóður árið 1963 vegna skipulagssjónarmiða og á árunum 1971-1975 voru þau hús sem henni tilheyrðu rifin vegna gatnaframkvæmda.

Á árunum 1980-1981 var landnotkun á hluta svæðisins breytt úr útivistarsvæði í iðnaðarlóðir í aðalskipulagi og árið 1982 voru skilgreindar þar í deiliskipulagi tvær iðnaðarlóðir, **Knarrarvogur 2** og **Knarrarvogur 4**. Á lóðinni Knarrarvogi 2 reisti *Nýja sendibílastöðin* tvö sambyggð hús árið 1983. Á lóðinni Knarrarvogi 4 reisti fyrirtækið *Traust hf.* tvær sambyggðar skemmur á árunum 1982-1984 og skrifstofuhús norðar á lóðinni árið 1987. Lóðin var síðan stækkuð til suðurs og um 1997 var byggð þar þriðja skemman í röðinni, sunnan við hinar tvær.[205]

---

[204] *Þjóðviljinn*, 1. september 1984, bls. 6 – *Morgunblaðið*, 5. maí 1988, bls. 27 – Vefur Orkuveitu Reykjavíkur. Vefslóð: www.or.is → Þjónusta → Fráveita. Sótt 10.12.2015; www.or.is → Fréttasíða Orkuveitu Reykjavíkur → Fjölmiðlar → Fréttir → Mengun upprætt (30. janúar 2014). Sótt 10.12.2015 – Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://reykjavik.is → Leit: Fráveita → Leitarniðurstöður: Fráveita. Almennt efni (http://reykjavik.is/fraveita). Sótt 10.12.2015.

[205] Skjalaver Reykjavíkurborgar: Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir. Knarrarvogur 2 og 4. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Aðaluppdrættir → Leitarorð: Knarrarvogur. Sótt 26.10.2015 – Skjalaver Reykjavíkurborgar: Skipulagsuppdrættir. Knarrarvogur. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Skipulagsuppdrættir → Leitarorð: Knarrarvogur. Sótt 26.10.2015.

# 2. Skráning menningarminja – Fornleifaskrá og húsakönnun

## 2.1 Almennt um verndun menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.[206]

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

> Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. … Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

> Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

> Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

> Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

[206] *Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní*. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

> Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
>
> **a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> **b**. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> **c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> **d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
> **e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
> **f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
> **g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
> **h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
> **i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs þjóðarinnar:

> **a**. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsaþyrpingar og götumyndir,
> **b**. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
> **c**. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Nánari ákvæði um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru <u>öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð</u>:

> Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri er kveðið á í 30. gr.:

> Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningaminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

> Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

## 2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja

Minjasafn Reykjavíkur, nú Borgarsögusafn Reykjavíkur, heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár.

**Fornleifaskrá Reykjavíkur** var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2016) eru um 3150 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa. Allar fornleifar eru skráðar í Sarp – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum eins og jarðaskipting var um 1835-1845. Minjarnar fá þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignamat ríkisins úthlutar, næst kemur númer jarðarinnar samkvæmt Jarðabók Johnsens frá 1847 og þriðja talan er síðan hlaupandi tala innan jarðarinnar. Við skráningu þess svæðis sem hér um ræðir eru minjar í landi jarðarinnar Klepps.

Við skráningu minja jarðanna var rýnt í örnefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir, auk þess sem vettvangsskoðun fór fram. Eldri minjastaðir kunna að hafa raskast eða jafnvel eyðst vegna seinni tíma framkvæmda. Enn geta þó leynst í jörðu fornleifar og ætti því að sýna aðgát við jarðrask nálægt minjastöðum.

Við skráningu menningarminja er sögu jarðanna gerð skil og varpað ljósi á þætti sem gefa upplýsingar um sögu byggðar og búskapar í nágrenninu. Þá er tegundum og hlutverki minja lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (strekkt) á gildandi skipulagsuppdrætti, sem sóttir eru í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og minjarnar hnitsettar sem punktur í kerfinu ISN 93.[207]

Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

[207] Vefur. Borgarvefsjáin. Vefslóð: http://borgarvefsja.is.

**Minjaflokkar**

| Flokkur | Tegundir minja | Litur flokks |
|---|---|---|
| **1** | Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri | Rauður |
| **2** | Minjar frá 1917-1930 | Gulur |
| **3** | Minjar frá 1930 og yngri | Grænn |
| **4** | Herminjar frá 1940 og yngri | Blár |

**Húsaskrá Reykjavíkur** er gagnagrunnur um hús í Reykjavík. Megintilgangurinn með skránni er að safna á einn stað upplýsingum um hús í Reykjavík og varpa ljósi á byggingararf borgarinnar. Í húsaskránni má meðal annars finna upplýsingar um byggingarár húsa, hönnuði, upprunalega gerð, byggingarefni húsa, helstu breytingar sem gerðar hafa verið á viðkomandi húsum og annað sem lýtur að sögu þeirra.

Húsaskrá byggir á margvíslegum frumgögnum svo sem brunavirðingum, gögnum byggingarnefndar, teikningum, kortum og ljósmyndum en einnig prentuðum heimildum og vettvangskönnunum. Skráin er góður grunnur fyrir rannsóknir á byggingarsögu Reykjavíkur, þar sem í henni eru upplýsingar um hús sem byggð hafa verið í Reykjavík í gegnum tíðina, einnig þau sem hafa verið rifin. Húsaskráin er lögð til grundvallar við gerð húsakannana og hefur að geyma upplýsingar um varðveislumat húsa, sem horft er til þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðum hverfum.

Brunavirðingar eru mikilvægar heimildir um hús í Reykjavík. Eftir að Reykjavík fékk inngöngu í Brunabótafélag danskra kaupstaða árið 1874 voru öll hús bæjarins virt til brunabóta. Þá var húsunum lýst mjög nákvæmlega og verðmæti þeirra metið og skráð. Þessar brunavirðingar veita mikilvægar upplýsingar um byggingarár húsa og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Byggingarnefnd tók til starfa í Reykjavík árið 1839. Á Borgarskjalasafni Reykjavíkur eru varðveitt öll skjöl byggingarnefndar frá upphafi svo sem umsóknir um nýbyggingar og breytingar, leyfisveitingar nefndarinnar og umsagnir ýmissa aðila. Ennfremur má sjá í veðmálabókum hvernig hús hafa gengið kaupum og sölum í Reykjavík í aldanna rás.

Teikningar og ljósmyndir veita mikilsverðar upplýsingar þegar rannsökuð er byggingarsaga húsa og þróun byggðar. Hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur eru varðveittar allar teikningar af húsum í Reykjavík sem sótt hefur verið um samþykki fyrir. Ljósmyndir koma sér vel við athugun á ýmsum atriðum, t.d. því hvernig gluggar húsa hafa tekið breytingum í gegnum tíðina, en slíkar breytingar eru yfirleitt ekki skráðar í skjalleg gögn. Ljósmyndir af húsum í Reykjavík eru varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands. Kort og uppdrættir eru einnig mikilvægar heimildir um þróun byggðar og meðal þeirra sem gagnast við rannsóknir á sögu Reykjavíkur eru ýmis frumkort af Reykjavík frá 18., 19. og 20. öld, sem og kort mælingadeildar Reykjavíkurborgar og skipulagsuppdrættir. Prentaðar heimildir eru til fjölmargar um sögu Reykjavíkur. Þær koma allar að góðum notum við gerð húsaskrárinnar hvort sem um frásagnir samtíðarmanna er að ræða eða sagan er skráð af eftirkomendum.

Með skoðun og ljósmyndun á vettvangi er unnt að meta ástand viðkomandi húss eða svæðis og þannig næst jafnframt heildaryfirsýn yfir gerð og efnisnotkun. Umhverfislegt mat og þar með varðveislugildi húss byggir síðan á samanburði á núverandi ástandi og skjallegum upplýsingum um upphaflega gerð húss.

# 2.3 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar

## 2.3.1 Skrá yfir fornleifar og yngri minjar




**Mynd 42** Skráðar fornleifar og yngri minjar á deiliskipulagssvæðinu.[208]

---

[208] Loftmyndir úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 10. janúar 2016.

### 2.3.1.1 Fornleifar

#### Kleppur 231-3

| Staðsetning | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Lengd | Breidd | Ástand | Hnit X | Hnit Y |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231- 3** | Götuhús | Hjáleiga | Heimild | 1650 - 1670 | | | Horfð | | |

*Vindás*, *Götuhús* og *Þórarinskot* hafa „til forna hjáleigur heitið“ í landi Klepps, samkvæmt *Jarðarbók Árna og Páls* frá 1703. Hjáleigurnar voru í byggð um 1650 en komnar í eyði um 1670 vegna þess að heimabóndinn í Kleppi mátti ekki missa grasnyt og fiskiríið brást.[209] Ekki er vitað nákvæmlega hvar í landi Klepps þessar hjáleigur voru, en hjáleigan *Götuhús* gæti tengst örnefninu *Götugili* (231-41).

#### Kleppur 231-14

| Staðsetning | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Lengd | Breidd | Ástand | Hnit X | Hnit Y |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 231-14 | Naustagil | Naust | Heimild | 1850-1900 | | | Horfið | 361489 | 406348 |

*Naustagil* hefur líklega gengið niður þar sem í dag er lóðin Súðavogur 7. Búið er að fylla upp í gilið að miklu leyti, en áður var þarna gróið gil.[210] Samkvæmt örnefnaskrá heitir gilið fyrir sunnan Björg við Arnarvog Naustagil.[211] Ekki er naust þar lengur að sjá, en trúlega hefur verið gert út frá þessum stað og báturinn þá geymdur þar í nausti.

#### Kleppur 231-42

| Staðsetning | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Lengd | Breidd | Ástand | Hnit X | Hnit Y |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231- 42** | Götugil | Gata | Vegur | 1850-1900- | | | Horfin | 361564 | 406567 |

Samkvæmt örnefnaskrá eru *Melbakki* og *Melbakkamýri* niðri við Elliðaárkjaftana. *Björgin* eru þar fyrir vestan, þá *Þönglagil*, *Litlibakki*, og *Götugil*.[212] *Götugil* hefur líklega verið austur af Súðavogi 8B en þar er slóði niður í fjöruna í dag. Um þetta gil lágu lóðamörk Kleppsmýrarbletts 9 og Klepps. [213] Um Götugil hefur líklega legið gata. Almennt lágu götur fyrr á öldum skemmstu og bestu leið á milli bæja. Líklegt er því að á þessu svæði hafi legið leið á milli Bústaða, Ártúns  og Klepps. Til að sleppa við mýrarnar og afrennsli þeirra hefur leiðin legið norður með fjörunni undir Háubökkum, frá Elliðaárkjafti að Götugil og síðan eftir holtinu frá Gelgjutanga að Kleppi.

---

[209] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Þriðja bindi, bls. 274.
[210] Borgarsögusafn: Kortasafn. Reykjavík 1949. Loftmyndakort af Reykjavík gert af Mælingadeild Reykjavíkur og Ágústi Böðvarssyni. Myndir teknar 1. september 1949. Frummynd varðveitt á Borgarsögusafni Reykjavíkur.
[211] Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*, bls. 298.
[212] Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnasafn, Kleppur 181166-231.
[213] Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík og Seltjarnarnesi 1947, teiknað af Ágústi Guðmundssyni. Prentað eintak. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → Leitarorð: Reykjavík 1947. Sótt 03.10.2015.




**Mynd 43** *Götugil* er austur af Súðarvogi 8B.

## 2.3.1.2 Yngri minjar

### Kleppur 231-40-41

| Númer | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Lengd | Breidd | Hnit X | Hnit Y |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231- 40** | Gelgjutangi | Vélsmiðja | Heimild | 1942 - 1982 | | | 361711 | 406723 |
| **231- 41** | Gelgjutangi, Brúarvogur 1-3 | Íbúðarhús | Heimild | 1943 - 1990 | | | 361572 | 406776 |

Töluverð landfylling er við Gelgjutanga og hefur tanginn verið lengdur um 90 m í austur. Byrjað var að fylla þar upp um árið 1965 og var núverandir fylling komin um 1995.[214] Minjar sem tilheyrðu iðnaðarsvæðinu á Gelgjutanga voru fjögur íbúðarhús starfsmanna vélsmiðjunnar Keilis sem voru á lóðum sem nú teljast til Brúarvogs 1-3 og minjar frá vélsmiðjunni Keili sem voru á lóð sem nú telst til Kjalarvogs (lóð næst norðan við Kjalarvog 10a-10f, landnr. 219172). Minjar þessar eru að mestu fyrir utan deiliskipulagssvæðið og horfnar vegna framkvæmda.

[214] Loftmyndir úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 10. janúar 2016.




**Mynd 44** Korti frá 1955 varpað yfir loftljósmynd af Gelgjutanga frá 1955.[215]

## Kleppur 231-47-50

| Númer | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Lengd | Breidd | Hnit X | Hnit Y |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-46** | Kleppsmýrarblettur 12, Vík, Langholtsvegur 145 | Íbúðarhús | Hús | 1933 - 1966 | | | 361143 | 406386 |
| **231- 47** | Kleppsmýrarblettur 12, Vík | Útihús | Heimild | 1934 - 1966 | 48 | 6 | 361253 | 406403 |
| **231- 48** | Kleppsmýrarblettur 12, Vík | Útihús | Heimild | 1934 - 1966 | 10 | 8 | 361266 | 406411 |
| **231- 49** | Kleppsmýrarblettur 12, Bali | Íbúðarhús | Heimild | 1934 - 1960 | | | 361269 | 406244 |
| **231- 50** | Kleppsmýrarblettur 12, Bali | Útihús | Heimild | 1937 - 1960 | | | 361309 | 406227 |

Á Kleppsmýrarbletti 12 voru íbúðarhúsin *Vík* og *Bali*, auk útihúsa. Útihús Víkur (231-47 og 231-48) voru þar sem í dag er Dugguvogur 2 og gatan Sæbraut. Hús Bala (231-49 og 231-50) voru þar sem nú er Dugguvogur 4. Öll þessi hús eru horfin nema íbúðarhúsið Vík (231-46) sem er í dag Langholtsvegur 145.

[215] Samsett mynd: Loftmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 10. janúar 2016 – Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort sem sýnir erfðafestubletti í Reykjavík, teiknað af Þorleifi Kristóferssyni, 5. apríl 1955. Afrit varðveitt á Borgarsögusafni Reykjavíkur.




**Mynd 45** Kleppsmýrarblettir 11 og 12, lönd erfðafestubýlanna *Óss/Arnarvogs*, *Víkur* og *Bala*.[216]

## Kleppur 231-51-53

| Númer | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Lengd | Breidd | Hnit X | Hnit Y |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231- 51** | Kleppsmýrarblettur 11, Ós, Arnarvogur | Íbúðarhús | Heimild | 1937 - 1986 | | | 361361 | 406296 |
| **231- 52** | Kleppsmýrarblettur 11, Ós, Arnarvogur | Útihús | Heimild | 1937-1975 | 36 | 9 | 361323 | 406351 |
| **231- 53** | Kleppsmýrarblettur 11, Ós, Arnarvogur | Íbúðarhús | Heimild | 1941 - 1971 | 9,5 | 10 | 361349 | 406236 |

Á Kleppsmýrabletti 11 var íbúðarhúsið *Ós/Arnarvogur* (231-51) auk annars ónefnds íbúðarhúss (231-53). Útihús Óss/Arnarvogs (231 52) voru þar sem í dag er lóðin Dugguvogur 2. Hús Bala (231-49 og 231-50) voru þar sem nú er Dugguvogur 4. Öll þessi hús eru horfin. Sjá nákvæmari staðsetningu á mynd 45.

## Kleppur 231-54-56

| Númer | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Lengd | Breidd | Hnit X | Hnit Y |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231- 55** | Kleppsmýrarblettur 13, Strönd | Íbúðarhús | Heimild | 1931 - 1960 | 0 | 0 | 361327 | 406126 |
| **231- 56** | Kleppsmýrarblettur 13, Strönd | Hænsnahús | Heimild | 1934 - 1960 | 30 | 4 | 361359 | 406131 |
| **231- 54** | Camp Gíbraltar, Camp Monmouth | Herbúðir | Heimild | 1941 - 1954 | | | 361348 | 406033 |

[216] Samsett mynd: Loftmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 10. janúar 2016 – Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort sem sýnir erfðafestubletti í Reykjavík, teiknað af Þorleifi Kristóferssyni, 5. apríl 1955. Afrit varðveitt á Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Á Kleppsmýrarbletti 13 var íbúðarhúsið *Strönd* (231-55) og hænsnahús (231-56). Íbúðarhúsið stóð þar sem nú er austurendi hússins Dugguvogs 8. Hænsnahúsið stóð þar sem í dag er Dugguvogur 9-11. Öll þessi mannvirki eru hofin. Síðar risu þar breskar herbúðir, *Camp Gíbraltar*, sem síðan sameinuðust stærri bandarískum herbúðum, *Camp Monmouth*. Öll hús sem tilheyrðu setuliðinu eru horfin af svæðinu.




**Mynd 46** Kleppsmýrablettur 13, þar sem erfðafestubýlið *Strönd* stóð.[217]

## Kleppur 231-57-61

| Númer | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Lengd | Breidd | Hnit X | Hnit Y |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 231- 57 | Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar | Íbúðarhús | Heimild | 1941 - 1975 | 15 | 10 | 361315 | 405758 |
| 231- 58 | Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar | Hlaða | Heimild | 1937 - 1971 | 17 | 16 | 361294 | 405689 |
| 231- 59 | Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar | Útihús | Heimild | 1950 - 1970 | 16 | 6 | 361374 | 405692 |
| 231- 60 | Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar | Hesthús | Heimild | 1950 - 1970 | 19 | 6 | 361382 | 405660 |
| 231- 61 | Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar | Kálgarður | Heimild | 1941 - 1970 | 24 | 21 | 361308 | 405736 |
| 231- 62 | Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar | Kálgarður | Garður | 1930 - 1940 | 17 | 21 | 361402 | 405831 |
| 231- 62 | Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar | Kálgarður | Garður | 1915? - | 17 | 21 | 361402 | 405831 |

Kleppsmýrarblettur 17 var syðsti bletturinn af þeim sem töldust til Kleppsmýrarbletta. Einungis nyrsti hluti hans er innan deiliskipulagssvæðisins. Norðan við Merkjalæk stóð íbúðarhúsið *Útskálar* (231-57) og sunnan megin við húsið var stór kálgarður (231-61). Sunnan við Merkjalæk voru hlaða (231-58), hestshús (231-61) og útihús (231-59). Búið er að

[217] Samsett mynd: Loftmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 10. janúar 2016 – Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort sem sýnir erfðafestubletti í Reykjavík, teiknað af Þorleifi Kristóferssyni, 5. apríl 1955. Afrit varðveitt á Borgarsögusafni Reykjavíkur.

umbylta öllu svæðinu þar sem íbúðarhús og útihús Útskála stóðu og þar eru í dag mislæg gatnamót Sæbrautar og Miklubrautar. Einn kálgarður (231-62) var á bakkanum niðri við ströndina, um 110 m norðaustur af íbúðarhúsinu Útskálum, á svæði sem er nú um 55m austan við Knarrarvog 4. Þar er hann enn sýnilegur, beggja megin við hjólastíg. Ekki er vitað hvað þessi garður er gamall, en hann virðist vera eldri en þau mannvirki sem tilheyrðu uppbyggingu við Útskála.




**Mynd 47** Kleppsmýrablettur 17, þar sem erfðafestubýlið *Útskálar* stóð, á loftmynd frá 1954.[218]

## 2.3.2. Varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar

Á deiliskipulagssvæðinu eru um 23 skráðir minjastaðir og eru það að mestu minjar sem eru yngri en 100 ára og tilheyra því þeim minjaflokki sem telst til yngri minja. Öll ummerki frá þessum tíma eru að mestu horfin vegna framkvæmda og bygginga. Einn kálgarður (231-62), sem var á Kleppsmýrabletti 17, er þó sýnilegur beggja vegna hjólastígs sem liggur austan við Knarrarvog 4. Hann ætti að varðveita sem einu minjarnar frá þessum tíma.

Á svæðinu er tveir minjastaðir sem teljast til fornleifa þ.e. *Götugil* og *Naustagil*. Báðir þessir staðir eru nefndir í örnefnaskrá. Búið að fylla í *Naustagil* þannig að hvorki gilið sjálft né naustið sem það hefur dregið nafn sitt af er í dag sjáanlegt. Leiða má að því líkur að í *Götugili* sé um gamla leið að ræða, auk þess sem nafnið gæti vísað til einnar af hjáleigum Klepps sem bar nafnið *Götuhús*. Lagt er til að þessari leið niður að fjöru sé haldið opinni til minningar um þessa gömlu leið.

[218] Loftmynd úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 10. janúar 2016.

## 2.4 Húsakönnun

Húsakönnun er „byggingarlistaleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda.“[219] Húsakönnun sem unnin er fyrir hefðbundið deiliskipulag er tvíþætt; **byggðakönnun** með sögulegu yfirliti um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins og **húsakönnun** með húsaskrá og mati á varðveislugildi einstakra húsa. Í húsakönnun tekur varðveislumat til eftirtalinna þátta: byggingarlistar, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis og upprunalegrar gerðar húss og færð skulu rök fyrir varðveislugildi.[220] Tilgangur húsakannana er að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.

Til umfjöllunar er skipulagssvæði vestan Elliðaárvogs sem hlotið hefur verkheitið Vogabyggð. Heildarsvæðið afmarkast af Sæbraut til vesturs, Kleppsmýrarvegi/Kjalarvogi til norðurs, Elliðaárvogi til austurs og Miklubraut til suðurs. Svæðinu er skipt í fjögur deiliskipulagssvæði og eru þrjú þeirra til umfjöllunar hér:[221]

**Vogabyggð – Svæði 1 – Gelgjutangi**
Svæðið afmarkast til vesturs af mörkum lóðanna Kleppsmýrarvegar 8 og óbyggðrar lóðar austan hennar, til norðurs af Kleppsmýrarvegi, Kjalarvogi og norðurmörkum lóðarinnar Kjalarvogs 10 og til austurs og suðurs af Elliðaárvogi.[222]

**Vogabyggð – Svæði 2 – Norðursvæði milli Tranavogs og Gelgjutanga**
Svæðið afmarkast til vesturs af Sæbraut, til norðurs af Kleppsmýrarvegi og mörkum lóðanna Kleppsmýrarvegar 8 og óbyggðrar lóðar austan hennar, til austurs af Elliðaárvogi og til suðurs af Tranavogi og mörkum lóðanna Dugguvogs 4 og 6.[223]

**Vogabyggð – Svæði 3 – Miðsvæði sunnan Tranavogs og norðar Súðarvogs að Sæbraut**
Svæðið afmarkast til vesturs af Sæbraut, til norðurs af Tranavogi og mörkum lóðanna Dugguvogs 4 og 6 og til austurs og suðurs af sveigðri línu sem dregin er úr Elliðaárvogi í Súðarvog að gatnamótum við Sæbraut.[224]

Hér fer á eftir skrá yfir hús á þessum þremur skipulagssvæðum.

---

[219] Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannanna. Óútgefið leiðbeiningarit Húsafriðunarnefndar ríkisins, 2009.
[220] Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannanna. Óútgefið leiðbeiningarit Húsafriðunarnefndar ríkisins, 2009.
[221] Ekki verður unnið deiliskipulag fyrir suðursvæðið (svæði 4) að sinni.
[222] *Vogabyggð svæði 1. Gelgjutangi. Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags*. Umhverfis- og skipulagssvið. Dags. 28. apríl 2014. Vefslóð: http://reykjavik.is/vogabyggd-lysingar-svaedi-nr-1-3 → Val úr lista: Gelgjutangi, Vogabyggð – svæði 1, skipulags- og matslýsing (pdf) → Pdf-skjal, bls. 2. Sótt í júní 2014.
[223] *Vogabyggð svæði 2. Norðursvæði milli Tranavogar og Gelgjutanga. Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags*. Umhverfis- og skipulagssvið. Dags. 28. apríl 2014. Vefslóð: http://reykjavik.is/vogabyggd-lysingar-svaedi-nr-1-3 → Val úr lista: Norðursvæði, Vogabyggð – svæði 2, skipulags- og matslýsing (pdf) → Pdf-skjal, bls. 2. Sótt í júní 2014.
[224] *Vogabyggð svæði 3. Miðsvæði sunnan Tranavogar og norðan Súðarvogar að Sæbraut. Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags*. Umhverfis- og skipulagssvið. Dags. 28. apríl 2014. Vefslóð: http://reykjavik.is/vogabyggd-lysingar-svaedi-nr-1-3 → Val úr lista: Miðsvæði, Vogabyggð – svæði 2, skipulags- og matslýsing (pdf) → Pdf-skjal, bls. 2. Sótt í júní 2014.

## 2.4.1 Húsaskrá Reykjavíkur – Vogabyggð – Svæði 1

**Byggingarár** **1985** # Gelgjutangi

**Fyrsti eigandi** Rafmagnsveitur ríkisins **Hönnun** Gunnari Hansson arkitekt

**Upphafleg notkun**
Spennistöð og skolpdælustöð





**Upphafleg gerð** | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Stálgrind | Einlyft |
| **Klæðning** | | Kjallari |
| **Þakgerð** | Flatt þak | |
| **Þakklæðning** | | |
| **Undirstöður** | | |

## Saga

Um er að ræða sexhyrnda byggingu, spennistöð og skolpdælustöð, sem stendur í suðvesturhorni lóðar sem skráð er við Gelgjutanga. Húsið er reist eftir teikningum Gunnars Hanssonar arkitekts sem samþykktar voru í janúar 1985. Samkvæmt Fasteignaskrá er það byggt árið 1984, en eldri teikningar sem samþykktar voru það ár voru felldar úr gildi og húsið reist eftir teikningum frá 1985. Dælustöðin var tekin í notkun árið 1986 og var fyrsta dælustöðin sem reist var í borginni, en á þessum tíma var Reykjavíkurborg að hefja uppbyggingu fráveitukerfis og skolpdælustöðva til hreinsunar strandlengju Reykjavíkur, sem síðar varð samstarfsverkefni sveitarfélagana á höfuðborgarsvæðinu. Stöðin á Gelgjutanga tengist Elliðavogsræsi og var ein af fimm sem byggja átti vegna hreinsunar norðurstrandarinnar. Fráveitukerfið er í dag rekið af Orkuveitu Reykjavíkur og samanstendur af tveimur hreinsistöðvum (við Ánanaust og í Klettagörðum) og alls 35 dælustöðvum og dælubrunnum. Við hönnun þessara mannvirkja hefur þess verið gætt að þær féllu vel að umhverfinu og þykir bæjarprýði að mörgum þeirra.

## Varðveislumat

| | |
|---|---|
| **Byggingarlist:** | Sexhyrnd bygging hönnuð undir spennistöð og skolpdælustöð. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Fyrsta skolpdælustöðin í Reykjavík. Hluti af fráveitukerfi höfuðborgarsvæðisins sem byggt var upp á tímabilinu 1985-2005 til að hreinsa strandlengjuna. |
| **Umhverfisgildi:** | Stendur langt inni á lóð og hefur ekki áhrif á götumynd. |
| **Upprunaleg gerð:** | Óbreytt frá upprunalegri gerð. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.** |

**Byggingarár** 1963

# Kjalarvogur 10

**Fyrsti eigandi** Húsafell hf.

**Hönnun** Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Verkstæði





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit** Einlyft

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Þetta hús sem stendur vestast á lóðinni Kjalarvogi 10 er verkstæðisbygging, byggð árið 1963 fyrir fiskverkunarfyrirtækið Húsafell hf., eftir teikningum Skarphéðins Jóhannssonar arkitekts. Teikningar að húsinu voru samþykktar árið 1962. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið (mhl. 04) byggt árið 1963. Við austurenda þess stendur eldri geymsluskemma (sjá hús nr. 10b, mhl. 03) sem byggð var 1951 og hækkuð 1963.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Einföld verkstæðisbygging.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Stendur langt inni á lóð án tengsla við göturými.

**Upprunaleg gerð:** Lítið breytt frá upprunalegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

Byggingarár **2010** # Kjalarvogur 10a

**Fyrsti eigandi** Orkuveita Reykjavíkur

**Hönnun** Ferdinand Alfreðsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Spennistöð





| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | | |
| **Klæðning** | | | | |
| **Þakgerð** | Flatt þak | | | |
| **Þakklæðning** | | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Um er að ræða spennistöð (dreifistöð), byggða eftir teikningu Ferdinands Alfreðssonar arkitekts sem samþykkt var árið 2010. Samkvæmt Fasteignaskrá er mannvirkið byggt árið 2010. Sama ár var afmörkuð og samþykkt sérlóð undir spennistöðina, nr. 10a við Kjalarvog.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Einfalt spennistöðvarhús.

**Menningarsögulegt gildi:**

**Umhverfisgildi:** Stendur við götu.

**Upprunaleg gerð:** Óbreytt frá upprunalegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

# Byggingarár 1951 Kjalarvogur 10 (10b)

**Fyrsti eigandi** Húsafell hf.

**Hönnun** Hörður Björnsson byggingatæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Geymsla





**Upphafleg gerð**

| | | Upphaflegt útlit |
|---|---|---|
| **Tegund** | Hlaðið úr holsteini | Einlyft |
| **Klæðning** | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | |
| **Þakklæðning** | | |
| **Undirstöður** | | |

| Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|
| 1963 | Hækkun | Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt |
| 1987 | Ný klæðning | Sigurður Einarsson |

## Saga

Þetta hús sem stendur vestanvert á lóðinni Kjalarvogi 10 var upphaflega byggt sem einlyft geymsluskemma fyrir fiskvinnslufyrirtækið Húsafell hf. Teikningar að húsinu gerði Hörður Björnsson byggingatæknifræðingur og voru þær samþykktar árið 1951. Fyrirhugað var að byggja tvö sambyggð hús, annað fyrir þurrfiskgeymslu en hitt fyrir veiðarfærageymslu, en einungis austara húsið var byggt. Samkvæmt teikningu Harðar Björnssonar áttu veggir húsanna að vera hlaðnir úr vikursteini. Samkvæmt upplýsingum á reyndarteikningum frá 2011 er neðri hæð hússins steinsteypt. Húsið stendur vestan við tvær sambyggðar skemmur sem endurbyggðar voru á lóðinni eftir bruna 1950 (sjá hús nr. 10c, mhl. 02) og er áfast við þær á suðausturhorni. Árið 1963 var húsið hækkað um eina hæð eftir teikningum Skarphéðins Jóhannssonar arkitekts sem samþykktar voru í júní það ár. Í Fasteignaskrá er húsið (mhl. 03) sagt byggt árið 1963, en það ártal á við um hækkun hússins. Á nýju hæðinni var gert ráð fyrir aðstöðu fyrir starfsmenn, eldhúsi, matar- og kaffistofu o.fl. Sama ár var byggð verkstæðisbygging við vesturhlið hússins (sjá hús nr. 10, mhl. 04), einnig eftir teikningum Skarphéðins Jóhannsssonar. Árið 1987 var efri hæð hússins klædd að utan með lituðu stáli, en samkvæmt teikningum Skarphéðins Jóhannssonar var sú hæð frá upphafi klædd að utan með "vætuvarinni klæðningu". Samkvæmt upplýsingum á reyndarteikningum frá 2011 eru steinsteyptar súlur í efri hæð og timburgrind í útveggjum sem klæddir eru með stálklæðningu.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Einföld geymsluskemma með yngri ofanábyggingu.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Stendur langt inni á lóð án tengsla við göturými.

**Upprunaleg gerð:** Húsinu hefur verið breytt með hækkun og nýrri klæðningu á efri hæð.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** **1950** # Kjalarvogur 10 (10c)

**Fyrsti eigandi** Húsafell hf.

**Hönnun** Hörður Björnsson byggingatæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Fiskverkunarhús





**Upphafleg gerð**

| | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1965 Viðbygging | |
| **Klæðning** | | | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | |
| **Þakklæðning** | | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Um er að ræða tvöfalda steinsteypta skemmu sem stendur á lóðinni Kjalarvogi 10. Upphaflega var byggð þarna járngrindarskemma með tvöföldu bogadregnu þaki (31 x 25 m að stærð) fyrir skipasmíðastöð Landssmiðjunnar. Austan við og þvert á þá skemmu stóðu tvær aðrar sambyggðar bogaskemmur (samtals 55 x 22 m að stærð), sem munu hafa verið keyptar af setuliðinu og notaðar til skipasmíða. Þessar byggingar voru reistar á lóðinni vorið 1946 og starfaði Landssmiðjan þarna í skamman tíma. Um 1950 starfrækti Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda fiskverkunarstöð í húsunum. Í apríl það ár skemmdist vestari skemman mikið í bruna og var eftir það endurbyggð. Fiskvinnslufyrirtækið Húsafell hf. byggði skemmuna upp að nýju sem fiskþurrkunarhús og gerði Hörður Björnsson byggingatæknifræðingur teikningar að henni sem samþykktar voru í júlí 1950. Skemman var byggð á sama stað og í svipaðri stærð og áður, en nú steinsteypt með tvöföldu mænisþaki. Einnig var endurbyggð viðbygging sem stendur við vesturhlið skemmunnar, og sú viðbygging stækkuð til norðurs, auk þess sem ketilhús var byggt við suðurenda austurhliðar. Það var rifið fyrir 1981. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið (mhl. 02) byggt 1948 en hér er árið 1950 skráð sem byggingarár. Við norðurgafl skemmunnar er viðbygging eða geymsluskýli (mhl. 08) sem reist var árið 1965 samkvæmt Fasteignaskrá. Bogaskemmurnar austan við þessi hús stóðu áfram á lóðinni allt til um 2008-2010 (sjá loftmyndir Borgarvefsjá) en voru þá fjarlægðar.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Gluggalaus skemma með tvöföldu mænisþaki, reist sem fiskverkunarhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Stendur langt inni á lóð án tengsla við göturými.

**Upprunaleg gerð:** Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð, þó að gerðar hafi verið viðbyggingar á tvo vegu.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** **1981** 

# Kjalarvogur 10 (10d)

**Fyrsti eigandi** Olíufélagið hf.

**Hönnun** Guðmundur Kr. Kristinsson og Ferdinand Alfreðsson

**Upphafleg notkun** Geymsla





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit**

Einlyft
Kjallari

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Þetta hús sem stendur austanvert á lóðinni Kjalarvogi 10 var reist árið 1981 sem geymsluskemma fyrir Olíufélagið hf. eftir teikningum Guðmundar Kr. Kristinssonar arkitekts og Ferdinands Alfreðssonar arkitekts, sem samþykktar voru árið 1979. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið (mhl. 13) byggt árið 1981. Húsið var byggt upp við suðurhlið tveggja sambyggðra bogaskemma sem áður stóðu á lóðinni og voru reistar árið 1946 fyrir skipasmíðastöð Landssmiðjunnar, en þær voru fjarlægðar á árunum 2008-2010 (sjá loftmyndir Borgarvefsjá).

## Varðveislumat

| | |
|---|---|
| **Byggingarlist:** | Stór geymsluskemma. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist atvinnusögu svæðisins. |
| **Umhverfisgildi:** | Stendur langt inni á lóð án tengsla við göturými. |
| **Upprunaleg gerð:** | Óbreytt frá upprunalegri gerð. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.** |

Byggingarár **1968**

# Kjalarvogur 10 (10e)

**Fyrsti eigandi** Húsafell hf.

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**
Geymsla



**Upphafleg gerð**

| | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Timburgrind | Einlyft | | |
| **Klæðning** | | | | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | | | |
| **Þakklæðning** | | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Um er að ræða tvo samfasta skúra sem standa austanvert á lóðinni Kjalarvogi 10, meðfram norðurmörkum lóðarinnar og áfastir við vesturhlið eldri skemmu (sjá hús nr. 10f, mhl. 05). Ekki finnast teikningar að skúrunum. Samkvæmt Fasteignaskrá eru þeir (mhl. 06) byggðir árið 1968. Á loftmynd af svæðinu frá 1971 (sjá Borgarvefsjá) sést að þá er búið að byggja þá. Samkvæmt upplýsingum á reyndarteikningu af skúrunum (mhl. 06) og eldri skemmunni (mhl. 05) frá 2011 er um að ræða timburhús á staðsteyptum sökkli, klædd bárujárni að utan.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Einfaldar skúrbyggingar.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengjast atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Standa langt inni á lóð og hafa ekki áhrif á götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Líklega óbreyttir að mestu.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** **<1964** **Kjalarvogur 10 (10f)**

**Fyrsti eigandi** Húsafell hf. **Hönnun** Ókunnur **Upphafleg notkun** Geymsla





**Upphafleg gerð** **Upphaflegt útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

**Tegund** Timburgrind Einlyft
**Klæðning**
**Þakgerð** Mænisþak
**Þakklæðning**
**Undirstöður**

## Saga

Um er að ræða skemmu sem stendur austanvert á lóðinni Kjalarvogi 10 og snýr norðurgafli að norðurmörkum lóðarinnar. Samkvæmt teikningum af skemmunni frá 1963 eftir Skarphéðin Jóhannsson arkitekt var hún þá flutt á lóðina annars staðar frá, fyrir fiskvinnslufyrirtækið Húsafell hf. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið (mhl. 05) byggt árið 1964, en ef marka má upplýsingar um að það sé aðflutt er það líklega eldra. Samkvæmt Fasteignaskrá voru skúrar við vesturhlið skemmunnar (sjá hús nr. 10e, mhl. 06) byggðir árið 1968. Samkvæmt upplýsingum á reyndarteikningu af skemmunni (mhl. 05) og skúrunum (mhl. 06) frá 2011 er um að ræða timburhús á staðsteyptum sökkli, klætt bárujárni að utan.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Einföld geymsluskemma í anda iðnaðarhúsaklassíkur.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Stendur langt inni á lóð og hefur ekki áhrif á götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Líklega óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

## 2.4.2 Húsaskrá Reykjavíkur – Vogabyggð – Svæði 2

**Byggingarár** **1981**

# Dugguvogur 1

**Fyrsti eigandi** Hörður Jónsson

**Hönnun** Jón Björnsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Verkstæðishús






| Upphafleg gerð | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt, stálgr. | Einlyft | | |
| **Klæðning** | | | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | |
| **Þakklæðning** | | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Húsið Dugguvogur 1 er verkstæðishús byggt eftir teikningum Jóns Björnssonar arkitekts. Bygging hússins var samþykkt í nóvember 1979 sem fyrsti áfangi (vesturhluti) stærra iðnaðarhúss sem rísa átti á lóðinni. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið reist árið 1981. Seinni áfangi hússins (austurhluti) hefur aldrei verið reistur.

Lóðin var áður hluti af Kleppsmýrarbletti 11, erfðafestulandi býlisins Óss (einnig nefnt Arnarholt), og á suðausturmörkum lóðarinnar eða þar sem nú mætast lóðirnar Súðarvogur 12 og Dugguvogur 1 og 1a stóð íbúðarhús sem tilheyrði býlinu. Það var einlyft, bárujárnsklætt timburhús með valmaþaki, byggt árið 1937. Núverandi hús á lóðinni var byggt rétt norðvestan við gamla íbúðarhúsið og átti það að víkja fyrir seinni áfanga þess. Það stóð hins vegar allt til ársins 1986 en var þá fjarlægt.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Einföld verkstæðisbygging.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Stakstætt hús, ekki í tengslum við götu.

**Upprunaleg gerð:** Óbreytt að mestu.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** **1984** # Dugguvogur 1b

**Fyrsti eigandi** Vélsmiðja Jens Árnasonar **Hönnun** Jósef Reynis arkitekt

**Upphafleg notkun**
Iðnaðar- og verkstæðishús






**Upphafleg gerð** | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | | |
| **Klæðning** | | Kjallari | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | |
| **Þakklæðning** | | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Húsið Dugguvogur 1b er iðnaðarhús byggt eftir teikningum Jósefs Reynis arkitekts fyrir Vélsmiðju Jens Árnasonar. Lóðin sem húsið stendur á nær austur að Súðarvogi og austast á henni stendur eldra hús, Súðarvogur 14, sem einnig var reist fyrir Vélsmiðju Jens Árnasonar eftir teikningum Jósefs Reynis (sjá sérskráningu). Leyfi fyrir byggingu hússins Dugguvogs 1b var fyrst veitt árið 1981 en endanlegar teikningar voru samþykktar í mars 1983. Húsið stendur í allmiklum landhalla og er gengið beint inn í iðnaðarrými á jarðhæð frá Dugguvogi en verkstæði í kjallara eru aðgengileg á austurhlið frá Tranarvogi.

Þann 30. janúar 2014 kom upp eldur í skiltagerð á efri hæð í suðurenda hússins sem gjöreyðilagðist. Í júlí 2014 var samþykkt leyfi til að endurbyggja þann hluta hússins.

Lóðin var áður hluti af Kleppsmýrarbletti 11, erfðafestulandi býlisins Óss (einnig nefnt Arnarholt), og á þessum hluta landins, þar sem nú er húsið Dugguvogur 1b, stóð íbúðarhús sem tilheyrði eigninni. Það var lítið bárujárnsklætt timburhús með skáþaki, byggt um 1941. Það var fjarlægt fyrir 1971 (sjá loftmynd Borgarvefsjá).

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðar- og verkstæðishús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Staðsetning og inngangar frá götu geta haft gildi m.t.t. hverfisþjónustu og verslunar.

**Upprunaleg gerð:** Óbreytt að gerð þrátt fyrir skemmdir af völdum bruna.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Fyrsti eigandi** Gunnar Guðmundsson hf.

**Hönnun** Karl-Erik Rocksén arkitekt

**Upphafleg notkun** Iðnaðar- og skrifstofuhús






**Upphafleg gerð**

| | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | | |
| **Klæðning** | | Kjallari | | |
| **Þakgerð** | | | | |
| **Þakklæðning** | | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Húsið Dugguvog 2 teiknaði Karl-Erik Rocksén arkitekt á árunum 1971-1972 sem iðnaðar- og skrifstofuhús fyrir flutningafyrirtækið Gunnar Guðmundsson hf. Árið 1971 sést að þá er hafin vinna við grunn hússins (sjá loftmynd 1971, Borgarvefsjá). Samkvæmt Fasteignaskrá (2015) er það reist árið 1972. Starfsemi var hafin í húsinu 1973. Um er að ræða steinsteypt, formfast iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði, gert úr endurteknum einingum og með sýnilegt burðarvirki. Neðri hlutinn skiptist í röð opinna rýma með tvöfaldri lofthæð þaðan sem gengt er upp á niðurhólfaða skrifstofuhæð með einfaldri lofthæð. Eftir allri vesturhlið hússins eru lágmyndir eftir Gerði Helgadóttur, unnar að beiðni Gunnars Guðmundssonar eiganda flutningafyrirtækisins GG á árunum 1971-1972. Þær voru gerðar með hliðsjón af teikningum Karl-Eriks Rocksén af húsinu og felldar með mótum í vesturvegginn er hann var steyptur og eru því órjúfanlegur hluti af húsinu. Myndirnar eru á sjö flötum og sýna form sem vísa í bílavarahluti, undirvagna og annað sem minnir á starfsemina sem upphaflega var í húsinu. Húsið var eitt af ellefu húsum sem fulltrúar Arkitektafélags Íslands völdu árið 1974 til að hljóta viðurkenningu fegrunarnefndar Reykjavíkur sem fegurstu mannvirki í Reykjavík. Húsinu hefur lítið sem ekkert verið breytt að ytra útlit frá því að það var byggt, utan þess að skilti hafa verið sett utan á það.

Við norðurenda hússins stóð áður lítið bárujárnsklætt timburhús sem var flutt inn á lóðina 1957, en var líklega áður austasta hús í röð útihúsa sem reist voru á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti 12 á árunum 1934-1942. Það var rifið 2011.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt, formfast iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði úr endurteknum einingum og með sýnilegt burðarvirki. Í húsinu fléttast byggingarlist og myndlist saman. Höfundarverk Karl-Eriks Rocksén.

**Menningarsögulegt gildi:** Lágmyndir eftir Gerði Helgadóttur, sem hafa beina vísun í upphaflega starfsemi í húsinu, eru steyptar í vesturvegg hússins og eru hluti af því. Húsið hefur gildi sem hluti af listasögu Reykjavíkur auk þess að bera atvinnusögu svæðisins vitni.

**Umhverfisgildi:** Húsið er langt og myndar ákveðinn vegg til vesturs.

**Upprunaleg gerð:** Húsinu hefur ekki verið breytt.

**Varðveislugildi:** **Merkilegt hús sem fléttar saman myndlist og arkitektúr.**
**Lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki: *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi , sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

# Dugguvogur 4

**Fyrsti eigandi** Slippfélagið í Reykjavík **Hönnun** Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitekt **Upphafleg notkun** Verslunar-, skrifstofu- og lagerhús





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit**

Einlyft
Tvílyft

| Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|
| 1972 | Viðbygging | Vilhjálmur Þorláksson | bygg.v |
| 1988 | Viðbygging | Jón R. Antonssonar | bygg.tæ |
| 2000 | Viðbygging | Örn Sigurðsson | arkitekt |

## Saga

Húsið Dugguvogur 4 er iðnaðarhús úr steypu og steyptum einingum byggt um 1969-1970 fyrir Slippfélagið í Reykjavík og stækkað í áföngum með viðbyggingum. Í húsinu eru aðalstöðvar Slippfélagsins í Reykjavík sem stofnað var árið 1902 og starfaði upphaflega við skipasmíðar og tengd verkefni en hóf árið 1951 framleiðslu á málningu. Teikningar Þorvaldar S. Þorvaldssonar arkitekts að framhúsi meðfram Dugguvogi og bakálmu vestur af því voru samþykktar árið 1965 og breytt 1970. Samkvæmt Fasteignaskrá var húsið reist árið 1973 en á loftmynd af svæðinu frá 1971 (Borgarvefsjá) sést að þá eru elstu hlutar hússins risnir, enda var byrjað að auglýsa starfsemi málningarverksmiðju í húsinu árið 1970. Í framhúsinu var vörulager á einni hæð og verslun og skrifstofur í suðurenda sem er tvílyftur. Í bakálmunni var verksmiðjusalur og hráefnalager. Teikningar Vilhjálms Þorlákssonar byggingaverkfræðings að viðbyggingu (3. áfanga) suður af bakálmunni voru samþykktar árið 1972. Á loftmynd frá 1975 (Borgarvefsjá) má sjá að þessi viðbygging er risin. Árið 1988 voru samþykktar teikningar Jóns R. Antonssonar byggingatæknifræðings að lager- og skriftstofuviðbyggingu (4. áfanga) milli framhússins og viðbyggingarinnar frá 1972. Á loftmynd frá 1990 (Borgarvefsjá) sést að sú viðbygging er þá risin. Árið 2000 var byggð stálgrindargeymsla vestan við bakálmu hússins eftir teikningu Arnar Sigurðssonar arkitekts.

Lóðin var áður hluti af Kleppsmýrarbletti 12, erfðafestulandi býlisins Víkur, og á þessum hluta landins, þar sem nú er húsið Dugguvogur 4, stóð íbúðarhúsið Bali ásamt útihúsum. Útihúsin voru rifin árið 1960 og íbúðarhúsið fyrir 1965.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt atvinnuhúsnæði samsett úr upphaflegu húsi og seinni tíma viðbyggingum.

**Menningarsögulegt gildi:** Húsið ber atvinnusögu svæðisins vitni.

**Umhverfisgildi:** Staðsetning og inngangur frá götu geta hafa gildi m.t.t. hverfisþjónustu og verslunar.

**Upprunaleg gerð:** Eldri hlutar húss eru að mestu óbreyttir en voldugar seinni tíma viðbyggingar hafa gjörbreytt yfirbragði upprunalegs húss.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** 1975

# Kleppsmýrarvegur 8

**Fyrsti eigandi** Halldór Snorrason Snorrasonar

**Hönnun** Gísli Halldórsson, Jósef Reynis, Sigurður Ámundason

**Upphafleg notkun** Skrifstofu- og verslunarhús, fiskverk.





**Upphafleg gerð**

| | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | <2014 Gluggabreyting | |
| **Klæðning** | | Kjallari | <2014 Útlitsbreyting bakh. | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | |
| **Þakklæðning** | | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Við Kleppsmýrarveg 8 standa tvö sambyggð hús, tvílyft verslunar- og skrifstofubygging við götu og skemma innar á lóðinni. Þau voru byggð á árunum 1974-1975 fyrir Fiskverkun Halldórs Snorrasonar sem starfrækt var á tímabilinu 1958 til 1978. Fyrir var á lóðinni eldra fiskverkunarhús fyrirtækisins byggt á árunum 1965-1967 (sjá Kleppsmýrarveg 8a). Nýju húsin voru hönnuð á Teiknistofunni sf. Ármúla 6, sem rekin var af Gísla Halldórssyni arkitekt og Jósef Reynis arkitekt, en teikningin var undirrituð í júní 1974 af Sigurði Ámundasyni tæknifræðingi. Leyfi fékkst fyrir byggingu húsanna í júlí 1974. Samkvæmt Fasteignaskrá (2015) eru þau byggð árið 1975. Skemman var byggð sem fiskverkunarhús en framhúsið undir verslun og skrifstofur fyrirtækisins. Gluggum, klæðningu og útliti á framhlið skemmunnar hefur verið breytt frá því sem upphaflegar teikningar sýna.

Staðsetning verslunar- og skrifstofuhússins við götu, gegnsæjar framhliðar og inngangar frá götu bjóða upp á lifandi tengsl milli húss og göturýmis, sem hefur gildi m.t.t. hverfisþjónustu og -verslunar.

Eldra hús á lóðinni, braggi eða bogaskemma sem reist var um 1953 þar sem nú er austurendi núverandi húsa (sjá loftmyndir Borgarvefsjá), var fjarlægt þegar núverandi hús voru byggð.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Tvílyft verslunar- og skrifstofubygging með móderniskum blæ sambyggð við einfalt fiskverkunarhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Húsin bera atvinnusögu svæðisins vitni.

**Umhverfisgildi:** Framhúsið á þátt í að móta götumyndina; staðsetning og inngangar frá götu hafa gildi m.t.t. hverfisþjónustu og verslunar.

**Upprunaleg gerð:** Gluggum, klæðningu og útliti á framhlið skemmunnar hefur verið breytt frá upprunalegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum en bent á að framhúsið gæti fengið nýtt hlutverk standi það áfram.**

Byggingarár **1965** # Kleppsmýrarvegur 8a

**Fyrsti eigandi** Halldór Snorrason

**Hönnun** Gísli Halldórsson, Jósef Reynis, Ólafur Júlíusson

**Upphafleg notkun** Fiskvinnsluhús





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Timbur |
| **Klæðning** | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) |
| **Þakklæðning** | |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit**

Einlyft

**Helstu breytingar**

1967 Viðbygging

**Hönnuðir breytinga**

| | |
|---|---|
| Gísli Halldórsson | arkitekt |
| Jósef Reynis | arkitekt |

## Saga

Um er að ræða húsalengju sem stendur meðfram suðurmörkum lóðarinnar Kleppsmýrarvegar 8. Elsti hluti hennar, vesturendi, er bráðabirgðahús úr timbri, byggt sem fiskaðgerðarhús árið 1965 af Halldóri Snorrasyni, eftir teikningu gerðri á Teiknistofunni Tómasarhaga 31 (Gísli Halldórsson arkitekt, Jósef Reynis arkitekt og Ólafur Júlíusson byggingarfræðingur). Leyfi fyrir húsinu var samþykkt árið 1964 með þinglýstu skilyrði um að byggingin yrði fjarlægð borgarsjóði að kostnaðarlausu þegar krafist yrði. Árið 1967 fékkst leyfi til að stækka húsið og var þá byggð steinsteypt viðbygging til austurs meðfram lóðamörkum, eftir teikningu Teiknistofunnar sf. Ármúla 6 (Gísli Halldórsson arkitekt og Jósef Reynis arkitekt). Húsið er skráð í Fasteignaskrá sem sérhæfð bygging með húsnúmer 8a við Kleppsmýrarveg og byggingarár 1966. Á loftmynd af svæðinu frá 1965 (Borgarvefsjá) sést að elsti hluti hússins er þá þegar risinn.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Einfaldar skúrbyggingar í sambyggðri lengju.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Húsalengjan er reist sem bakhús, stendur langt frá götu og á ekki þátt í að móta svipmót hennar.

**Upprunaleg gerð:** Byggt hefur verið við elsta húsið í lengjunni en að öðru leyti er hún óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

Byggingarár **1975** 

# Kleppsmýrarvegur 8b

**Fyrsti eigandi** Ókunnur

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**
Ókunn






**Upphafleg gerð** | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft |
| **Klæðning** | | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | |
| **Þakklæðning** | | |
| **Undirstöður** | | |

## Saga

Um er að ræða austasta húsið í húsalengju sem stendur við suðurmörk lóðarinnar Kleppsmýrarvegar 8. Það er skráð í Fasteignaskrá sem vörugeymsla með húsnúmer 8b við Kleppsmýrarveg og byggingarár 1975. Ekki finnast teikningar af húsinu á Teikningavef Reykjavíkurborgar.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Einföld skúrbygging.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Reist sem geymsla á baklóð og hefur ekki áhrif á götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Líklega óbreytt að mestu.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** 1982

# Súðarvogur 1

**Fyrsti eigandi** Húsasmiðjan hf.

**Hönnun** Sigurður Sigurðsson
SS og SGS, Húsasmiðjan hf.

**Upphafleg notkun** Vörugeymsla






**Upphafleg gerð**

| | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Kjallari | <1984 Geymsla á lóð | |
| **Klæðning** | | | <1990 Geymsla á lóð | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | | | |
| **Þakklæðning** | | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Í norðvesturhorni lóðarinnar er steinsteyptur kjallari sem byggður var árið 1982 sem upphaf að 1. áfanga stærra húss sem rísa átti á lóðinni. Húsið var teiknað fyrir Húsasmiðjuna hf. og átti að rísa í þremur áföngum: 1. áfangi var einlyft hús með kjallara í norðvesturhorni, 2. áfangi framhald af því húsi til austurs og 3. áfangi tvílyft hús til suðurs meðfram Súðarvogi. Leyfi fékkst fyrir byggingu 1. áfanga hússins (vörugeymslu) í febrúar 1982. Í Fasteignaskrá (2015) er skráð vörugeymsla á lóðinni með byggingarár 1982. Á loftmynd af svæðinu frá 1984 (Borgarvefsjá) sést að þá er kjallarinn risinn í norðvesturhorninu. Þá virðist einnig búið að reisa opið skýli sem stendur við vesturmörk lóðarinnar, meðfram Súðarvogi, en það er opið að austanverðu. Á austurlóðamörkum er annað opið skýli, opið að vestanverðu. Það virðist sjást á loftmyndum eftir 1990 (Borgarvefsjá). Í Fasteignaskrá eru skráð tvö opin skýli á lóðinni, annað byggt 1981 og hitt 1983. Ekki er að finna byggingarleyfi fyrir skýlunum eða teikningar að þeim á Teikningavef Reykjavíkurborgar. Að auk er spennistöð innan lóðarinnar, við suðurenda skýlisins sem stendur við götu, byggð árið 1983 samkvæmt Fasteignaskrá.

Eldri fiskverkunarhús á lóðinni, byggð á tímabilinu 1955-1971, voru rifin fyrir 1984 (sjá loftmyndir Borgarvefsjá).

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Kjallari fyrirhugaðs húss á lóðinni, ásamt opnum skýlum.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Ekki til bóta fyrir götumyndina.

**Upprunaleg gerð:** Óbreytt að mestu.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** 1957

# Súðarvogur 2

**Fyrsti eigandi** Rafmagnsveitur ríkisins

**Hönnun** Sigvaldi Thordarson arkitekt

**Upphafleg notkun** Iðnaðar- , geymslu- og skrifstofuhús





| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | | |
| **Klæðning** | | Tvílyft | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | | |
| **Þakklæðning** | | Ris | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Hér er um að ræða aðra af tveimur byggingum eða byggingarsamstæðum sem standa á lóðinni Súðarvogi 2. Húsið var teiknað af Sigvalda Thordarsyni arkitekt árið 1954 sem verkstæðis-, birgðageymslu- og skrifstofuhús fyrir Rafmagnsveitur ríkisins. Það er ein af mörgum byggingum sem Sigvaldi teiknaði fyrir Rafmagnsveitur ríkisins. Það samanstendur af tveimur samföstum byggingarhlutum, annars vegar verkstæði og birgðageymslu sem er móderniskt tilbrigði af iðnaðarhúsaklassík með mænisþaki, mikilli lofthæð, stórum gluggum, þakgluggum og stóru aðalrými og hinsvegar tvílyftri skrifstofubyggingu með einhalla þaki sem endurspeglar alþjóðlegan módernisma. Kjallari er undir báðum byggingarhlutum. Húsið, sem er dæmi um áhugaverða og sjaldgæfa samsetningu tveggja ólíkra formgerða atvinnuhúsnæðis, ber þess merki að vandað hefur verið til hönnunar þess. Því hefur lítið verið breytt að ytri útliti frá því að það var byggt og það er því mjög upprunalegt að gerð.

Á loftljósmynd sem tekin er í júlí 1954 (Landmælingar Íslands, LÍ2 0197) sést að þá er byrjað að byggja húsið og hefur skrifstofubyggingin verið byggð fyrst. Samkvæmt Fasteignaskrá (2015) er húsið byggt 1957. Fyrir stóðu á lóðinni tveir samfastir braggar eða bogaskemmur sem byggingarnefnd veitti leyfi fyrir í nóvember 1953 (sjá sérskráningu). Rafmagnsveitur ríkisins, seinna Rarik, höfðu birgðastöð á lóðinni Súðarvogi 2 fram til 1994 en seldu þá eignirnar og hefur Gámaþjónustan hf. haft þar stjórnstöð og skrifstofur síðan.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Iðnaðarhúsnæði. Annars vegar tilbrigði af iðnaðarhúsaklassík, hins vegar skrifstofubygging í anda módernisma. Vandað hús. Höfundarverk Sigvalda Thordarsonar.

**Menningarsögulegt gildi:** Byggt fyrir opinbera stofnun, Rafmagnsveitur ríkisins. Með fyrstu byggingunum sem risu eftir að svæðið var skipulagt fyrir atvinnustarfsemi. Ber atvinnusögu svæðisins vitni.

**Umhverfisgildi:** Hefur gildi fyrir umhverfið og gefur mikilvægan tón í anda staðarins m.t.t. sögu og fjölbreytileika.

**Upprunaleg gerð:** Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Dæmi um áhugaverða og sjaldgæfa samsetningu tveggja ólíkra formgerða atvinnuhúsnæðis. Lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki: *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi , sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

Byggingarár **1954** **Súðarvogur 2**

**Fyrsti eigandi** Rafmagnsveitur ríkisins

**Hönnun** Sigurður S. Thoroddsen verkfræðingur

**Upphafleg notkun** Birgðageymslur





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt, stálgr. |
| **Klæðning** | Múrsléttað |
| **Þakgerð** | Bogaþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit** Einlyft

**Helstu breytingar** <2014 Útlitsbreyting

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Á lóðinni Súðarvogi 2 standa, auk skrifstofu- og verkstæðishúss (sjá sérskráningu), tvær sambyggðar bogaskemmur eða braggar sem reistir voru fyrir Rafmagnsveitur ríkisins árið 1954.* Um er að ræða bragga sem voru sérstaklega hannaðir og byggðir fyrir Rafmagnsveiturnar en ekki aðflutta hernámsbragga. Í skjalasafni Reykjavíkurborgar er til teikning sem sýnir grunnmynd, þverskurð og staðsetningu bragganna, merkt Sigurði S. Thoroddsen verkfræðingi og samþykkt af byggingarnefnd í nóvember 1953. Í skjalasafni RARIK eru einnig varðveittar útlitsteikningar að göflum bragganna ásamt deiliteikningum með upplýsingum um efnisnotkun frá verkfræðistofu Sigurðar, dags. í mars 1954. Á loftljósmynd sem tekin er í júlí 1954 (Landmælingar Íslands, LÍ2 0197) sést að þá er búið að reisa braggana á lóðinni. Samkvæmt Fasteignaskrá (2015) eru þeir byggðir 1957. Braggarnir voru notaðir sem birgðageymslur, en Rafmagnsveitur ríkisins, seinna Rarik, höfðu birgðastöð á lóðinni fram til 1994 en seldu þá eignirnar og hefur Gámaþjónustan hf. haft þar stjórnstöð og skrifstofur síðan. Braggarnir virðast lítið breyttir að ytra byrði frá upprunalegri gerð, utan þess að gluggaopum hefur verið breytt í dyraop.

*** Bogaskemmurnar við Súðarvog 2 stóðu allt fram í júní 2015 en voru rifnar á meðan unnið var að skýrslu þessari og deiliskipulagi fyrir svæðið.**

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Tveir sambyggðir braggar á steyptum sökkli.

**Menningarsögulegt gildi:** Sigurður Thoroddsen, fyrsti íslenski verkfræðingurinn, hannaði byggingarnar fyrir opinbera stofnun, Rafmagnsveitur ríkisins. Með fyrstu byggingunum sem risu eftir að svæðið var skipulagt fyrir atvinnustarfsemi og þær elstu sem nú standa þar. Vitnisburður um notkun bragga sem iðnaðarhúsnæðis á eftirstríðsárunum.

**Umhverfisgildi:** Braggarnir gefa mikilvægan tón í anda staðarins m.t.t. sögu og fjölbreytileika.

**Upprunaleg gerð:** Lítið breyttir frá upprunalegri gerð, utan breytinga á gluggaopum.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum en bent á að braggarnir gætu fengið nýtt hlutverk standi þeir áfram.**

Byggingarár **1988** 

# Súðarvogur 2e

**Fyrsti eigandi** Bananar hf.

**Hönnun** Ólafur Sigurðsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Vörugeymslu- og skrifstofuhús







**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit**

Tvílyft
Kjallari

**Helstu breytingar**

| | |
|---|---|
| 1994 | Rifið eldra hús |
| 1995 | Viðbygging |

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Húsið Súðarvogur 2e er vörugeymslu- og skrifstofuhús byggt í áföngum undir starfsemi innflutningsfyrirtækisins Banana hf. á árunum 1987-1995. Á lóðinni stóð áður verksmiðjuhús úr steinsteypu og holsteini sem reist hafði verið fyrir niðursuðuverksmiðjuna Mata hf. árið 1952. Lóðin var þá talin nr. 103 við Elliðavog. Húsið var byggt á miðri lóðinni og sneri göflum í vestur-austur. Árið 1966 fékk fyrirtækið Bananar hf. leyfi til að breyta þessu húsi í vörugeymslu. Árið 1984 fékk fyrirtækið svo leyfi til að byggja nýtt vörugeymslu- og skrifstofuhús á lóðinni. Þá var byggt það hús sem stendur meðfram suðurmörkum lóðarinnar og er skráð nr. 2f við Súðarvog (sjá sérskráningu). Árið 1987 fengu Bananar hf. svo leyfi til að byggja 1. áfanga nýrrar byggingar nyrst á lóðinni og seinna sama ár var leyfð stækkun á þeim byggingaráfanga. Þá stóð til að rífa gamla verksmiðjuhúsið frá 1952 en það stóð þó áfram um sinn og hlutar hins nýja framtíðarhúss voru byggðir hvor sínum megin við það og suðurhlutinn upp að húsinu nr. 2f. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1988. Árið 1989 fékkst leyfi til að byggja grænmetis- og ávaxtageymslu sem lokaáfanga nýs húss á lóðinni. Það byggingarleyfi var endurnýjað árið 1994 og þá jafnframt veitt leyfi til að rífa gamla verksmiðjuhúsið. Á loftmynd af svæðinu frá 1995 (Borgarvefsjá) sést að þá er búið að fjarlægja gamla húsið, byggja í skarðið og tengja saman yngri byggingarhlutana. Byggingin var þá komin í núverandi horf og myndaði eina samfellda lengju meðfram austurmörkum lóðarinnar. Árið 1995 var skráningu hússins breytt úr Elliðavogi 103 í Súðarvog 2e.

## Varðveislumat

| | |
|---|---|
| **Byggingarlist:** | Steinsteypt vörugeymslu- og skrifstofuhús. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist atvinnusögu svæðisins. |
| **Umhverfisgildi:** | Á ekki þátt í að móta núverandi götumynd. |
| **Upprunaleg gerð:** | Hús byggt í áföngum, óbreytt að mestu eftir að byggingu lauk. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.** |

**Byggingarár** 1985

# Súðarvogur 2f

**Fyrsti eigandi** Bananar hf.

**Hönnun** Ólafur Sigurðsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Vörugeymslu- og skrifstofuhús






**Upphafleg gerð**

**Tegund** Steinsteypt

**Klæðning**

**Þakgerð** Mænisþak

**Þakklæðning**

**Undirstöður**

**Upphaflegt útlit** Tvílyft

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Húsið Súðarvogur 2f er vörugeymslu- og skrifstofuhús byggt fyrir innflutningsfyrirtækið Banana hf. árið 1985. Leyfi fékkst fyrir húsinu í febrúar 1984. Samkvæmt Fasteignaskrá er það byggt árið 1985. Húsið stendur við suðurmörk lóðarinnar en norðar á sömu lóð er annað hús sem reist var fyrir Banana hf. á árunum 1987-1995 og er skráð nr. 2e (sjá sérskráningu). Húsið var áður skráð nr. 105 við Elliðavog en skráningunni var breytt árið 1995 eftir að götuheiti Elliðavogs hafði verið breytt í Sæbraut. Upphaflegar teikningar að Súðarvogi 2e og 2f finnast ekki á Teikningavef Reykjavíkurborgar.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt vörugeymslu- og skrifstofuhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Ekki í tengslum við götu.

**Upprunaleg gerð:** Óbreytt að mestu.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

Byggingarár **1983** # Súðarvogur 3

**Fyrsti eigandi** Húsasmiðjan hf.

**Hönnun** Njörður Geirdal arkitekt

**Upphafleg notkun**





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit**

Einlyft
Tvílyft
Kjallari

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Húsið teiknaði Njörður Geirdal arkitekt árið 1981 sem verslunar- og skrifstofuhús fyrir Húsasmiðjuna, sem þá hafði verið starfrækt á lóðinni Súðarvogi 3 í um 25 ár. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið reist árið 1983. Árið 1984 var opnuð deild með smávöruverslun í húsinu. Áður stóð þarna geymsluskýli sem var rifið en framlóðin var frá upphafi hugsuð undir framtíðarhús fyrir fyrirtækið. Verslun Húsasmiðjunnar var rekin í húsinu til 1988 þegar hún var flutt í nýbyggingu fyrirtækisins við Skútuvog 16.

Húsið er steinsteypt, þrílyft verslunar- og skrifstofuhúsnæði í tveimur mishæðasettum hlutum, sem eru tengdir saman með miðlægu stigahúsi. Húsinu hefur lítið sem ekkert verið breytt að ytra útliti frá því að það var byggt.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Skrifstofu- og verslunarhús í anda húsagerðar 9. áratugar 20. aldar. Höfundarverk Njarðar Geirdal.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Húsið á þátt í að móta götumyndina. Staðsetning þess og verslunarinngangar frá götu hafa gildi m.t.t. hverfisþjónustu og -verslunar.

**Upprunaleg gerð:** Húsinu hefur ekki verið breytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** **1959** 

# Súðarvogur 3

**Fyrsti eigandi** Snorri Halldórsson, Húsasmiðjan

**Hönnun** Halldór H. Jónsson, arkitekt

**Upphafleg notkun** Trésmiðja






**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Járngrind |
| **Klæðning** | Bárujárn |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | Bárujárn |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit**

Einlyft

**Helstu breytingar**

| | |
|---|---|
| 1975 | Viðbygging |
| c1981 | Opið skýli |
| <1995 | Opið skýli |
| <2014 | Útlitsbreytingar |

**Hönnuðir breytinga**

Njörður Geirdal arkitekt

## Saga

Verkstæðisbygging þessi, sem er bakhús norðanvert á lóðinni Súðarvogi 3, er elsta húsið sem þar stendur af þeim sem reist voru undir starfsemi Húsasmiðjunnar. Lóðinni var úthlutað til Snorra Halldórssonar byggingameistara, stofnanda Húsasmiðjunnar, árið 1954. Árið 1955 var hann búinn að byggja þar timburskýli og lítið timburhús og flutti þangað starfsemi sína, sem var innflutningur og sala á timbri og byggingarvörum. Timbursala og vöruafgreiðsla fóru í fyrstu fram í litla timburhúsinu. Árið 1955 synjaði byggingarnefnd Halldóri um leyfi til að reisa skemmu á lóðinni (643 $m^2$) eftir teikningum Guðmundar Björnssonar verkfræðings hjá Landssmiðjunni, en bygging skemmunnar var þá hafin. Árið 1956 gerði Halldór H. Jónsson arkitekt nýjar teikningar að skemmunni (648,3 $m^2$) sem í fyrstu var einnig synjað (jan. 1957) en í mars 1959 voru þær loks samþykktar og er það verkstæðisbygging sú sem hér um ræðir. Árið 1975 var búið að reisa viðbyggingu undir vélasal meðfram suðurhlið hússins eftir teikningu Njarðar Geirdal sem samþykkt var í nóvember 1974. Samkvæmt loftmyndum hefur áður staðið skúr á sama stað frá því fyrir 1965. Um 1981 var reist opið skýli austan við húsið og virðist seinna hafa verið byggt milli þess og viðbyggingarinnar frá 1975. Lítið opið skýli var reist norðan við hitt skýlið fyrir 1995. Útliti vesturgafls hússins hefur verið breytt, m.a. með nýjum inngangi og yfirbyggðum tröppum sem að honum liggja. Gluggar á norðurhlið hússins eru upprunalegir að gerð, en upphaflega voru samskonar gluggar á suðurhlið. Timbursala Húsasmiðjunnar var starfrækt við Súðarvog 3-5 fram til 2009 en var þá flutt í nýtt húsnæði í Grafarholti.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** 20. aldar iðnaðarhúsaklassík. Höfundarverk Halldórs H. Jónssonar.

**Menningarsögulegt gildi:** Húsið ber atvinnusögu svæðisins vitni.

**Umhverfisgildi:** Hefur gildi fyrir umhverfið og gefur mikilvægan tón í anda staðarins m.t.t. sögu og fjölbreytileika.

**Upprunaleg gerð:** Byggt hefur verið við húsið að sunnan- og austanverðu, en það hefur haldið grunngerð sinni og upphaflegum einkennum að hluta.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** **<1965** 

# Súðarvogur 3

**Fyrsti eigandi** Snorri Halldórsson
Húsasmiðjan

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**
Geymslur






**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Stálgrind |
| **Klæðning** | Bárujárn |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) |
| **Þakklæðning** | |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit**

Einlyft

**Helstu breytingar**

| | |
|---|---|
| <1971 | Geymsla á lóð |
| | Geymsla á lóð |
| <1975 | Viðbygging |
| <1995 | Geymsla á lóð |
| <2000 | Rifin geymsla |
| | Rifin spennistöð |

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Um er að ræða sambyggða röð skúra eða skýla meðfram norðurmörkum lóðarinnar Súðarvogs 3. Þessir skýli voru byggð sem yfirbyggðar eða opnar geymslur fyrir timbur, yfirleitt úr stálgrind og klædd með bárujárni. Óljóst er um byggingarár skýlanna, en á loftmynd af svæðinu frá 1965 (Borgarvefsjá) sést að þá er vestasta skýlið í röðinni risið. Vestan þess stóð þá annað skýli og spennistöð sem byggð var um 1954, en þau mannvirki voru fjarlægð einhvern tíma á tímabilinu 1995-2000. Austan þessara skýla risu fleiri skýli eða skúrar á árunum 1965-1971. Hinn austasti þeirra var stækkaður til suðurs fyrir 1975. Við austurhlið hans var reistur skúr á árunum 1990-1995 og er það austasti skúrinn á lóðinni í dag.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Einfaldar skúrbyggingar.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Geymslubyggingar sem standa inni á lóðinni.

**Upprunaleg gerð:** Röð opinna skýla eða skúra sem byggð hafa verið á mismunandi tímum, sumum breytt úr opnum skýlum í lokaða skúra.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

Byggingarár **1963** 

# Súðarvogur 3

**Fyrsti eigandi** Steinstólpar hf.

**Hönnun** Höskuldur Baldvinsson og Björn B. Höskuldsson

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús





| Upphafleg gerð | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt, eining. | Einlyft | 1975 | Viðbygging n-enda | Höskuldur Baldvinsson | verkfr. |
| **Klæðning** | | Tvílyft | | | Björn B. Höskuldsson | verkfr. |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | 1975 | Viðbygging v-hlið | Ásmundur Ólason | bygg.fr. |
| **Þakklæðning** | | | <1979 | Viðbygging n-enda | Ásmundur Ólason | bygg.fr. |
| **Undirstöður** | | | <1979 | Opið skýli a-hlið | | |
| | | | 1985 | Nýbygging | Njörður Geirdal | arkitekt |

## Saga

Suðurhluti lóðarinnar Súðarvogs 3 var áður talinn nr. 5 við Súðarvog, en lóðirnar voru sameinaðar árið 1985. Elsta húsið sem stendur á þessum hluta lóðarinnar er hús sem teiknað var af Höskuldi Baldvinssyni rafmagnsverkfræðingi og Birni Höskuldssyni verkfræðingi fyrir Steinstólpa hf. (sjá teikningu að ofan). Það er nú í hvarfi bakvið langt stálgrindarhús sem stendur fremst á lóðinni, meðfram götu (sjá mynd að ofan). Húsið er byggt úr steinsteyptum einingum, en Höskuldur var brautryðjandi í notkun steyptra húseininga. Fyrstu teikningar að húsinu voru samþykktar árið 1960 og breyttar teikningar 1962. Það var fullbyggt árið 1963 og hófu Steinstólpar þá starfsemi í því. Þetta var upphaflega langt hús, breiðara í norðurendann, en síðan hafa verið byggðar við það margar viðbyggingar og opin skýli. Árið 1964 voru samþykktar breyttar teikningar Höskulds og Björns að húsinu með viðbyggingu við norðurenda, en hún virðist ekki hafa verið reist fyrr en um 1975 (loftmynd Borgarvefsjá). Það ár voru einnig samþykktar teikningar Ásmundar Ólasonar að viðbyggingu við vesturhlið hússins sem virðist hafa verið byggð sama ár (loftmynd Borgarvefsjá) og annarri viðbyggingu við norðurenda sem var reist fyrir 1979 (loftmynd Borgarvefsjá). Einnig var á þessu tímabili reist opið skýli meðfram austurhlið hússins. Árið 1984 voru samþykktar teikningar Njarðar Geirdal að stálgrindarhúsinu sem stendur við götu, vestan við eldra húsið, og var það reist sem opin vöruskemma með akbraut í gegn, fyrir Húsasmiðjuna sem þá átti báðar lóðirnar nr. 3 og 5 við Súðarvog.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Eldra húsið á þessum hluta lóðarinnar er móderniskt iðnaðarhúsnæði. Yngra húsið er voldugt, akfært stálgrindarhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Eldra húsið stendur inni á lóðinni og er í hvarfi á bak við yngra hús.

**Upprunaleg gerð:** Eldra húsið hefur verið stækkað mikið með viðbyggingum.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** **1985** 

# Súðarvogur 3

**Fyrsti eigandi** Húsasmiðjan hf. **Hönnun** Njörður Geirdal arkitekt **Upphafleg notkun** Geymsla





**Upphafleg gerð** **Upphaflegt útlit** **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

**Tegund** Steinsteypt, stálgr. Einlyft <2014 Útlitsbreyting

**Klæðning**

**Þakgerð** Mænisþak

**Þakklæðning**

**Undirstöður**

## Saga

Um er að ræða hús við suðurmörk lóðarinnar Súðarvogs 3. Þessi hluti lóðarinnar var áður skráður númer 5 við Súðarvog en lóðirnar Súðarvogur 3 og 5 voru sameinaðar árið 1985. Húsið var byggt fyrir Húsasmiðjuna, sem opið skýli fyrir stállager, og var reist eftir teikningum Njarðar Geirdal sem samþykktar voru í ágúst 1985. Samkvæmt Fasteignaskrá (2015) er húsið byggt árið 1985. Breytingar virðast hafa verið gerðar á bakhlið hússins síðan það var byggt og dyraopum m.a. lokað, en ekki er ljóst hvenær það var gert. Við bakhlið hússins og meðfram suðurmörkum lóðarinnar stendur opið skýli sem af loftmyndum að dæma (Borgarvefsjá) hefur verið reist milli 2002 og 2004.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Einfalt gluggalaust geymsluskýli.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Er ekki til bóta fyrir götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Hefur verið breytt á bakhlið.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** **1962** # Súðarvogur 6

| **Fyrsti eigandi** | **Hönnun** | **Upphafleg notkun** |
|---|---|---|
| Sveinbjörn Einarsson útgerðarmaður | Jóhann Friðjónsson arkitekt | Fiskverkunarhús |





**Upphafleg gerð**

| | | **Upphaflegt útlit** |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft |
| **Klæðning** | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | |
| **Þakklæðning** | | |
| **Undirstöður** | | |

| **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|
| <1965 | Viðbygging s-gafl | Ásmundur Ólason | |
| | | Óli Ásmundsson | arkitekt |
| <1971 | Viðbygging v-hlið | Ásmundur Ólason | |
| <1975 | Viðbygging v-hlið | Ásmundur Ólason | |
| <1984 | Viðbygging v-hlið | Ásmundur Ólason | |
| | | Óli Ásmundsson | arkitekt |
| 1982 | Bakhús | | |
| 1997 | Útlitsbreyting | Stefán Hallsson | bygg.fr. |
| | Ný klæðning | Jakob Líndal | arkitekt |

## Saga

Hús þetta teiknaði Jóhann Friðjónsson arkitekt árið 1960 sem fiskverkunarhús fyrir Sveinbjörn Einarsson útgerðarmann. Teikningarnar voru samþykktar af byggingarnefnd sama ár. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1962. Það var upphaflega rúmlega helmingi styttra en nú en var fljótlega lengt til suðurs eftir teikningum Ásmundar Ólasonar og Óla Ásmundssonar arkitekts frá 1962 (loftmynd 1965, Borgarvefsjá). Við hönnun þeirrar viðbyggingar var tekið mið af útliti eldri hlutans. Einnig hefur verið byggt við vesturhlið hússins í nokkrum áföngum á árunum 1970-1975 eftir teikningum Ásmundar Ólasonar og Óla Ásmundssonar frá 1970 og 1972. Vörugeymsla sem stendur norðvestantil á lóðinni var byggð 1982. Árið 1997 fékkst leyfi til að einangra húsið að utan með steinull í trégrind og klæða að utan með trapisustáli, en báðir hlutar hússins munu upphaflega hafa verið með óeinangruðum steinsteyptum útveggjum. Jafnframt var leyft að skipta um glugga. Útliti hússins hefur einnig verið breytt mikið frá því sem upphaflega var, gluggar á framhlið nyrðri og eldri hluta hússins stækkaðir og stórum gluggum og inngöngum bætt við á framhlið syðri hlutans. Lengst af, eða frá 1961 til 1990, starfaði útgerðarfyrirtækið Ingimundur hf. í húsinu og hafði þar fiskverkun, frystingu og seinna rækjuverksmiðju.

Í norðvesturhorni lóðarinnar er spennistöð, byggð 1985 samkvæmt Fasteignaskrá og skráð nr. 6a við Súðarvog.

## Varðveislumat

| | |
|---|---|
| **Byggingarlist:** | Einfalt, hefðbundið fiskverkunarhús úr grind og með mænisþaki. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Tengist atvinnusögu svæðisins. |
| **Umhverfisgildi:** | Staðsetning húss m.t.t. götunnar og framhlið með marga inngangа býður upp á lifandi tengsl milli húss og göturýmis, sem hefur gildi m.t.t. hverfisþjónustu og verslunar. |
| **Upprunaleg gerð:** | Húsið er mjög breytt frá því sem upphaflega var, en það hefur verið lengt, byggt við það að vestanverðu og sett á það einangrun og ný klæðning að utan. |
| **Varðveislugildi:** | **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.** |

**Byggingarár** **1960/1985** **Súðarvogur 7**

**Fyrsti eigandi**

**Hönnun** Skúli H. Norðdahl arkitekt

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús






| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Kjallari | 1985 | Hækkun | Skúli H. Norðdahl | arkitekt |
| **Klæðning** | | | <1990 | Viðbygging | | |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | | | | | |
| **Þakklæðning** | | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Á lóðinni Súðarvogi 7 eru tvö steinsteypt iðnaðarhús teiknuð af Skúla H. Norðdahl arkitekt, auk skúrbyggingar á baklóð. Við götu stendur þrílyft framhús með kjallara, byggt í áföngum, fyrst kjallari árið 1961, síðan hæðirnar þrjár árið 1985 og viðbygging til norðurs á tímabilinu 1984-1990. Á baklóðinni norðanverðri er tvílyft útbygging með kjallara, byggð um 1960. Upphaflegar teikningar Skúla H. Norðdahl frá 1959 og 1961 sýna að byggingarnar voru hannaðar sem ein heild sem reisa átti í áföngum og var útbyggingin fyrsti áfangi og framhúsið síðari áfangi. Útbyggingin var reist fyrst og hófst starfsemi í henni 1960-1961. Þetta hús skemmdist nokkuð í eldi árið 1974 (*Morgunblaðið* 13. des. 1974). Framhúsið var frá upphafi teiknað sem þrílyft hús en einungis kjallari var byggður og var húsið styttra til norðurs en teikningarnar sýndu. Á nýjum teikningum Skúla að framhúsinu sem samþykktar voru af byggingarnefnd árið 1984 er húsið sýnt styttra en á eldri teikningum og útliti jarðhæðar breytt en útlit efri hæða sýnt eins og á eldri teikningunum. Húsið var síðan byggt eftir þessum teikningum ofan á kjallarann sem fyrir var. Ekki finnast sérstakar teikningar að lengingu hússins til norðurs en samkvæmt loftmyndum af svæðinu hefur það verið lengt milli 1984 og 1990. Teikningar að skúrum á lóðinni finnast ekki en af loftmyndum að dæma hefur núverandi skúr við norðurlóðamörk verið reistur fyrir 1984.

Staðsetning hússins m.t.t. götunnar, framhlið með stóra glugga og marga innganga býður upp á lifandi tengsl milli húss og göturýmis, sem hefur gildi m.t.t. hverfisþjónustu og verslunar.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Hefðbundið atvinnu- og skrifstofuhúsnæði 7. áratugar byggt í anda alþjóðlegs módernisma. Gott dæmi um höfundarverk Skúla Norðdahl arkitekts.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Húsið á þátt í að móta götumyndina og jarðhæðin gefur því gildi m.t.t. möguleika á hverfisverslun og þjónustu. Þá gefur húsið mikilvægan tón í anda staðarins m.t.t. sögu og fjölbreytileika.

**Upprunaleg gerð:** Upphaflega var aðeins reistur kjallari. Hæðirnar þrjár sem risu síðar skv. teikningum eru ekki mikið breyttar.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum en bent á að húsið gæti fengið nýtt hlutverk standi það áfram.**

# Byggingarár 1957 Súðarvogur 9

**Fyrsti eigandi** Tækni hf.

**Hönnun** Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari

**Upphafleg notkun** Vélsmiðja





| Upphafleg gerð | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1960 | Viðbygging | Ísleifur Jónsson | verkfr. |
| **Klæðning** | | | | | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | | | |
| **Þakklæðning** | | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Á lóðinni Súðarvogi 9 eru tvö steinsteypt iðnaðarhús, reist á árunum 1957-1960 fyrir vélsmiðjuna Tækni hf. sem enn er starfrækt þar. Við götu stendur einlyft framhús byggt eftir teikningum Guðmundar H. Þorlákssonar frá 1955 og 1956. Á baklóðinni stendur verkstæðisbygging, byggð sem stækkun framhússins eða austurálma, eftir teikningum Ísleifs Jónssonar verkfræðings frá 1960. Samkvæmt Fasteignaskrá (2015) eru húsin byggð árið 1963, en af heimildum að dæma hóf Tækni hf. starfsemi í framhúsinu árið 1957 (*Frjáls þjóð*, 21.12.1957) og því má ákvarða það sem byggingarár hússins. Hugsanlega hefur átt að hækka húsið í áföngum, eins og algengt var um stærri hús á þessum tíma, þó að upphaflegar teikningar Guðmundar H. Þorlákssonar sýni einungis einlyft hús. Á teikningum að húsinu Súðarvogi 7 frá 1959 er húsið Súðarvogur 9 sýnt sem þrílyft hús.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Iðnaðarhúsnæði í klassískum anda. Viðbygging er með athyglisverða þakgerð. Framhúsið er höfundarverk Guðmundar H. Þorlákssonar.Viðbygging er höfundarverk Ísleifs Jónssonar.

**Menningarsögulegt gildi:** Húsin tengjast atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Hafa gildi fyrir umhverfið og gefa mikilvægan tón í anda staðarins m.t.t. sögu og fjölbreytileika.

**Upprunaleg gerð:** Gluggasetning framhúss er töluvert breytt, en hægt er að færa það aftur til upprunalegs horfs.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum en bent á að húsin eru áhugaverð dæmi um iðnaðarhúsnæði sem hafa þróunarmöguleika og gætu fengið nýtt hlutverk standi þau áfram.**

Byggingarár **1967**

# Súðarvogur 14

**Fyrsti eigandi** Vélsmiðja Jens Árnasonar **Hönnun** Jósef Reynis arkitekt **Upphafleg notkun** Vélsmiðja





**Upphafleg gerð** | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt, stálgr. | Einlyft | | |
| **Klæðning** | | | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | |
| **Þakklæðning** | | | | |
| **Undirstöður** | | | | |

## Saga

Húsið Súðarvogur 14 er einlyft iðnaðarhús, teiknað árið 1966 af Jósef Reynis arkitekt fyrir Vélsmiðju Jens Árnasonar. Leyfi fékkst fyrir húsinu í maí 1966. Samkvæmt Fasteignaskrá var það reist árið 1967. Lóð Vélsmiðju Jens Árnasonar náði frá Súðarvogi allt vestur að Dugguvogi og var húsið teiknað sem fyrsti áfangi byggingasamstæðu sem gert var ráð fyrir að reist yrði á allri lóðinni. Átti annar áfanginn að standa meðfram Tranavogi (þá Snekkjuvogur) og þriðji áfanginn við Dugguvog. Ekki varð af byggingu seinni áfanganna á sínum tíma en á árunum 1981-1983 teiknaði Jósef Reynis nýtt hús fyrir Vélsmiðju Jens Árnasonar sem reist var vestast á lóðinni árið 1984 og skráð nr. 1b við Dugguvog (sjá sérskráningu). Lóðin var óskipt eftir sem áður og er enn. Húsinu hefur lítið sem ekkert verið breytt að ytra útliti frá því að það var byggt.

Lóðin var áður hluti af Kleppsmýrarbletti 11, erfðafestulandi býlisins Óss (einnig nefnt Arnarholt), og á vesturhluta lóðarinnar, þar sem nú er húsið Dugguvogur 1b, stóð áður íbúðarhús sem tilheyrði býlinu (sjá Dugguvog 1b).

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Einlyft grindarhús í móderniskum anda með mikilli lofthæð. Tvenns konar hæðar- og gluggasetning endurspeglar vinnusal annars vegar og skrifstofu- og íveruhluta hins vegar. Höfundarverk Jósefs Reynis.

**Menningarsögulegt gildi:** Húsið ber atvinnusögu svæðisins vitni.

**Umhverfisgildi:** Húsið hefur gildi m.t.t staðaranda og fjölbreytileika.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er nánast óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum en bent á að húsið er áhugavert dæmi um iðnaðarhúsnæði sem hefur þróunarmöguleika og gæti fengið nýtt hlutverk standi það áfram.**

## 2.4.3 Húsaskrá Reykjavíkur – Vogabyggð – Svæði 3

**Byggingarár** **1961**

# Dugguvogur 3

**Fyrsti eigandi** Atli Eiríksson

**Hönnun** Ásmundur Ólason bygginga- og tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1988 | Viðbygging | Sigurður R. Halldórsson | tæknifr. |
| **Klæðning** | | Ris | 2009 | Svalir | Pétur H. Ármannsson | arkitekt |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | | Þakgluggar | | |
| **Þakklæðning** | | | | Breytt í íbúð og vinnustofu 2. hæð og risi | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Húsið Dugguvogur 3 er steinsteypt iðnaðarhús, tvílyft með kjallara og risi, byggt eftir teikningum Ásmundar Ólasonar bygginga- og tæknifræðings. Atli Eiríksson fékk leyfi fyrir byggingu hússins í júlí 1960. Um leið voru lóðirnar Dugguvogur 3 og 5 sameinaðar í eina lóð, Dugguvog 3. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1961. Árið 1988 var kjallari hússins stækkaður til austurs. Árið 2009 fékkst leyfi til að setja svalir og þakglugga á húsið og breyta atvinnuhúsnæði á efri hæð og í risi hússins í íbúð og vinnustofu. Svalir úr stáli voru settar á norðvesturhorn 2. hæðar og á gafl rishæðar þar sem áður var búið að koma fyrir vörudyrum. Gluggagerð hússins hefur haldið sér að mestu.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Húsið er á enda húsaraðar sem myndar heilsteypta og sterka götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur haldið upprunalegu lagi og einkennum þrátt fyrir breytingu á útliti og notkun.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

Byggingarár **1952**

# Dugguvogur 6

**Fyrsti eigandi** Hannes Ágústsson

**Hönnun** Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari

**Upphafleg notkun** Verksmiðja





**Upphafleg gerð**

| | | Upphaflegt útlit |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft |
| **Klæðning** | | Ris |
| **Þakgerð** | Mænisþak | |
| **Þakklæðning** | | |
| **Undirstöður** | | |

**Helstu breytingar** / **Hönnuðir breytinga**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1967 | Viðbygging | Karl-Erik Rocksén | arkitekt |
| 1991 | Opið skýli á lóð | Vilhjálmur Þorláksson | verkfr. |
| 1994 | Ný klæðning | Karl-Erik Rocksén | arkitekt |
| | | Ásmundur Harðarson | arkitekt |
| ? | Útlitsbreyting | | |

## Saga

Um er að ræða nyrðra húsið af tveimur sem standa á lóðinni Dugguvogi 6. Lóðin var áður talin nr. 115 við Elliðavog en árið 1974 var lóðarheitinu breytt í Dugguvog 6. Elsti hluti hússins er norðurhlutinn, sem byggður var sem einlyft verksmiðjuhús úr steinsteypu, eftir teikningum Hafliða Jóhannssonar húsasmíðameistara. Sá hluti var byggður sem fyrsti áfangi eða norðurálma stærra verksmiðjuhúss sem Hafliði teiknaði á lóðinni og átti seinna að byggja suðurálmu hússins og miðálmu sem sneri þvert á hinar tvær. Hannes Ágústsson fékk leyfi fyrir byggingu fyrsta áfangans árið 1952. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið (mhl. 01) byggt það ár. Árið 1967 fékkst leyfi til að stækka húsið og var þá byggð tvílyft viðbygging úr steinsteypu þvert á suðurgafl eldra hússins, samsvarandi áður fyrirhugaðri miðálmu, en eftir teikningum Karl-Eriks Rocksén arkitekts. Sú viðbygging er byggð í öðrum hlutföllum og hærri en upphafleg teikning Hafliða Jóhannssonar að miðálmunni gerði ráð fyrir. Suðurálma hússins var aldrei byggð. Um 1957 var byggð sandgeymsla sunnar á lóðinni og ný sand- og verkfærageymsla um 1965 (mhl. 02, sjá sérskráningu) sem stækkuð var til vesturs 1977. Árið 1991 var byggt opið skýli milli húsanna tveggja á lóðinni. Árið 1994 fékkst leyfi til að klæða efri hluta viðbyggingarinnar með Garðastáli vegna sprungna í steypu. Gerðar hafa verið breytingar á glugga- og dyraopum á elsta hluta hússins (norðurálmu) og gluggar á báðum hliðum byrgðir. Einnig hafa verið gerðar breytingar á glugga- og dyraopum á neðri hæð viðbyggingarinnar.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Klassískt, steinsteypt iðnaðarhúsnæði.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar. Eitt af fyrstu húsunum sem risu á svæðinu eftir að það var skipulagt fyrir atvinnustarfsemi.

**Umhverfisgildi:** Hefur áhrif á anda staðarins m.t.t. sögu og fjölbreytileika.

**Upprunaleg gerð:** Einungis norðurálma byggð skv. upprunalegum teikningum og skipulagi. Gerðar hafa verið breytingar á glugga- og dyraopum á báðum hlutum hússins. Miðálma er með seinni tíma klæðningu.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

Byggingarár **1965** # Dugguvogur 6

**Fyrsti eigandi** Sandsalan sf.

**Hönnun** Gísli Halldórsson, Jósef Reynis, Ólafur Júlíusson

**Upphafleg notkun** Sand- og verkfærageymsla





| Upphafleg gerð | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1977 | Viðbygging | Gísli Halldórsson | arkitekt |
| **Klæðning** | | Kjallari | | | Jósef Reynis | arkitekt |
| **Þakgerð** | Skáþak(skúrþak) | | 1991 | Opið skýli á lóð | Vilhjálmur Þorláksson | verkfr. |
| **Þakklæðning** | | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Um er að ræða syðra húsið af tveimur sem standa á lóðinni Dugguvogi 6. Lóðin var áður talin nr. 115 við Elliðavog en árið 1974 var lóðarheitinu breytt í Dugguvog 6. Þetta er einlyft hús með kjallara og skáþaki, byggt úr steinsteypu, sem sand- og verkfærageymsla fyrir Sandsöluna sf. Eystri hluti hússins var byggður fyrst, eftir teikningum sem gerðar voru á Teiknistofunni Tómasarhaga 31 (Gísli Halldórsson arkitekt, Jósef Reynis arkitekt og Ólafur Júlíusson byggingarfræðingur) og samþykktar á árunum 1963-1964. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið (mhl. 02) byggt árið 1968, en á loftmynd frá 1965 má sjá að það er þá þegar risið (sjá Borgarvefsjá). Við vesturgafl þess var áður eldri sandgeymsla sem byggð var á árunum 1956-1957, en hún var rifin þegar núverandi hús var stækkað til vesturs árið 1977, eftir teikningum frá Teiknistofunni sf. Ármúla 6 (Gísli Halldórsson arkitekt og Jósef Reynis arkitekt). Árið 1991 var byggt opið skýli milli húsanna tveggja á lóðinni.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Móderniskt iðnaðar- og geymsluhúsnæði byggt í tveimur áföngum.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hefur áhrif á anda staðarins m.t.t. sögu og fjölbreytileika en stendur þvert á götu og stór hluti framhliða á jarðhæð er án glugga- og dyraopa.

**Upprunaleg gerð:** Byggt í tveimur áföngum sem hvor um sig hefur haldið upprunalegri gerð að mestu.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

**Byggingarár** **1962**

# Dugguvogur 7

**Fyrsti eigandi** Sigurður Jónsson

**Hönnun** Ásmundur Ólason
bygginga- og tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús






**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit**

Tvílyft
Ris
Kjallari

**Helstu breytingar**

2005 Breytt í gistirými
Útlitsbreyting

**Hönnuðir breytinga**

Gestur Ólafsson arkitekt

## Saga

Húsið Dugguvogur 7 er steinsteypt iðnaðarhús, tvílyft með kjallara og risi, byggt eftir teikningum Ásmundar Ólasonar bygginga- og tæknifræðings. Sigurður Jónsson fékk leyfi fyrir byggingu hússins árið 1960. Samkvæmt Fasteignaskrá er það byggt árið 1962. Árið 2005 fékkst leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra fyrirkomulagi hússins, þar sem búið var að breyta verkstæðisrými á neðri og efri hæð hússins í gistirými. Í kjallara var áfram gert ráð fyrir verkstæði. Einnig var þá samþykkt útlitsbreyting á vesturhlið hússins. Gerðar hafa verið breytingar á glugga- og dyraopum á húsinu en gluggagerð haldið sér að mestu.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta og sterka götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur haldið upprunalegu lagi og einkennum þrátt fyrir breytingu á útliti og notkun.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

**Byggingarár** 1971

# Dugguvogur 8

**Fyrsti eigandi** Halldór Jónsson hf.

**Hönnun** Aðalsteinn Richter arkitekt

**Upphafleg notkun** Iðnaðar- og vörugeymsluhús






**Upphafleg gerð** | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | **Hönnuðir breytinga**

**Tegund** Steinsteypt, eining. Tvílyft

**Klæðning**

**Þakgerð** Mænisþak

**Þakklæðning**

**Undirstöður**

## Saga

Um er að ræða nyrðra húsið af tveimur á lóðinni Dugguvogi 8-10. Lóðin var áður talin nr. 117 við Elliðavog en árið 1974 var lóðarheitinu breytt í Dugguvog 8-10 og þetta hús eftir það talið nr. 8 við Dugguvog. Húsið er iðnaðar- og vörugeymsluhús með millihæð að hluta, byggt úr steinsteypu eða "steinsteypuhlutum" eftir teikningum Aðalsteins Richter arkitekts, fyrir heildsölufyrirtækið Halldór Jónsson hf. sem átti einnig syðra og eldra húsið á lóðinni, Dugguvog 10 (sjá skráningu þess húss). Leyfi fékkst fyrir byggingu hússins árið 1970. Samkvæmt Fasteignaskrá er það byggt árið 1971. Verksmiðjan Vogafell hf., dótturfyrirtæki Halldórs Jónssonar hf., flutti í húsið árið 1973 og flutti Halldór Jónsson hf. þá skrifstofur sínar og efnaverksmiðju í húsið Dugguvog 10. Litlar breytingar hafa verið gerðar á útliti hússins.

Lóðin var áður hluti af Kleppsmýrarbletti 13, erfðafestulandi býlisins Strandar, og á þessum hluta landins eða þar sem nú er austurendi hússins Dugguvogs 8, stóð íbúðarhús sem tilheyrði eigninni. Það var lítið bárujárnsklætt hús, byggt árið 1933. Sunnan við íbúðarhúsið stóð geymsluskúr tilheyrandi eiginni. Þessi hús voru rifin fyrir 1965, líklega í kringum 1960, þegar uppbygging iðnaðarhverfis hófst á svæðinu.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Iðnaðar- og geymsluhúsnæði úr forsteyptum einingum. Höfundarverk Aðalsteins Richter arkitekts.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hefur áhrif á anda staðarins m.t.t. sögu og fjölbreytileika og stendur upp við götu.

**Upprunaleg gerð:** Nánast óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

Byggingarár **1962** 

# Dugguvogur 9-11

**Fyrsti eigandi** Bergþór Jónsson

**Hönnun** Ásmundur Ólason bygginga- og tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1963 | Útlitsbreyting | Ásmundur Ólason | bygg.fr. |
| **Klæðning** | | Ris | 1990 | Bílskýli | Hróbjartur Hróbjartsson | arkitekt |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | 2000 | Útlitsbreyting | | |
| **Þakklæðning** | | | | Bílskýli lokað | | |
| **Undirstöður** | | | 2003 | Útlitsbreyting | | |
| | | | 2008 | Útlitsbreyting | | |

## Saga

Húsið Dugguvogur 9-11 er steinsteypt iðnaðarhús, tvílyft með kjallara og risi, byggt eftir teikningum Ásmundar Ólasonar bygginga- og tæknifræðings. Bergþór Jónsson fékk leyfi fyrir byggingu hússins árið 1960. Um leið voru lóðirnar nr. 9 og 11 við Dugguvog sameinaðar í eina, Dugguvog 9-11. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1962. Árið 1963 voru dyr og gluggar færð til á vesturhlið 1. hæðar og dyraopi og verkstæðisdyrum bætt við austanmegin á kjallara. Árið 1990 var byggt opið bílskýli við austurhlið hússins og upp að spennistöð sem stendur við Kænuvog (Dugguvogur 11a). Árið 2000 fékkst leyfi til að breyta bílskýlinu, ásamt opnu lagerrými, í lokað rými. Árið 2003 voru gerð dyraop í stað glugga á vestur- og austurhlið 2. hæðar hússins. Árið 2008 var sett dyraop í stað glugga á vesturhlið 1. hæðar. Þrátt fyrir að gerðar hafi verið breytingar á glugga- og dyraopum á húsinu hefur gluggagerð haldið sér að mestu.

Lóðin var áður hluti af Kleppsmýrarbletti 13, erfðafestulandi býlisins Strandar, og á þessum hluta landins stóð áður hænsnahús sem tilheyrði býlinu, byggt árið 1935. Vesturendi þess var þar sem nú er norðurendi hússins nr. 9-11 við Dugguvog og austurendi þess var í vegarstæði Kænuvogs. Rétt sunnan við austurenda hænsnahússins stóð bílskúr sem einnig tilheyrði býlinu. Þessi hús voru rifin í kringum 1960, þegar uppbygging iðnaðarhverfis hófst á svæðinu.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur haldið upprunalegu lagi og einkennum þrátt fyrir breytingu á útliti og notkun.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

Byggingarár **1958** 

# Dugguvogur 11a

**Fyrsti eigandi** Rafmagnsveita Reykjavíkur

**Hönnun** Eiríkur Einarsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Spennistöð





| Upphafleg gerð | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | ? | Útlitsbreyting | |
| **Klæðning** | | | | | |
| **Þakgerð** | Flatt þak | | | | |
| **Þakklæðning** | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Um er að ræða steinsteypta spennistöð sem stendur á sérlóð austan við húsið Dugguvog 9-11. Spennistöðin var reist eftir teikningu Eiríks Einarssonar arkitekts sem samþykkt var árið 1954. Eiríkur teiknaði aðra spennistöð sama ár með mjög svipuðu útliti og stendur hún við Heiðargerði 80a. Samkvæmt Fasteignaskrá er þessi spennistöð byggð árið 1958.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Lítil steinsteypt spennistöð með nýklassískan skrautkant og lárétta borða á hliðum. Steinsteypuklassík undir nýklassískum áhrifum.

**Menningarsögulegt gildi:** Ein af byggingum Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Talsvert hefur verið lagt í þetta smáhýsi sem endurspeglar sögu, þróun og tilraunir með steinsteypu sem byggingarefni.

**Umhverfisgildi:** Hefur áhrif anda staðarins m.t.t. sögu og fjölbreytileika.

**Upprunaleg gerð:** Lítið breytt frá upprunalegri gerð.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki: *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

**Byggingarár** **1960** # Dugguvogur 10

**Fyrsti eigandi** Axel Kristjánsson, forstjóri

**Hönnun** Ámundi Jóhannsson (?), tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Sýningarskáli, verksmiðja





| Upphafleg gerð | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Tegund | Stálgrind | Tvílyft | 1987 | Bruni | | |
| Klæðning | | | 1995 | Endurbygging | Kristinn Ragnarsson | arkitekt |
| Þakgerð | Skáþak(skúrþak) | | | | Stefán Hallsson | bygg.fr. |
| Þakklæðning | | | 2008 | Breytt í íbúð | | |
| Undirstöður | | | | (2. hæð að hluta) | | |

## Saga

Um er að ræða syðra húsið af tveimur á lóðinni Dugguvogi 8-10. Lóðin var áður talin nr. 117 við Elliðavog en árið 1974 var lóðarheitinu breytt í Dugguvog 8-10 og þetta hús eftir það talið númer 10 við Dugguvog. Húsið er tvílyft stálgrindarhús og myndar tvær álmur sem standa hornrétt hvor á aðra. Bygging verksmiðjuhúss á lóðinni var samþykkt árið 1956 en samkvæmt leyfisumsókninni var fyrirhugað að endurbyggja þar sýningarskála úr stálgrind og bárujárni. Ekki finnast teikningar að húsinu en undir umsóknina ritar Ámundi Jóhannsson tæknifræðingur hjá Vélsmiðjunni Héðni, fyrir hönd umsækjanda, Axels Kristjánssonar. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1960. Árið 1964 fékkst leyfi til að breyta innréttingu og notkun hússins fyrir verksmiðjuna Vogafell hf., dótturfyrirtæki Halldórs Jónssonar hf. (sjá Dugguvog 8). Gerði Kjartan Sigurðsson arkitekt þá teikningu að húsinu "samkvæmt uppmælingum". Sú teikning sýnir útlit suðurálmu hússins (sjá að ofan). Norðurálma hússins skemmdist mikið í bruna árið 1987 og eyðilagðist efri hæð hennar. Neðri hæðin stóð áfram og var efri hæðin endurbyggð ofan á henni árið 1995. Fékkst þá leyfi til að hækka hana og breyta útliti hússins. Teikningar eftir Hjálmar Þórðarson frá 1965 (vegna breytinga sem ekki voru samþykktar) sýna að áður hefur verið skáþak og samfelld gluggaröð á efri og neðri hæð norðurálmunnar, samskonar og á suðurálmunni, en önnur gluggagerð og mænisþak eru á norðurálmunni endurbyggðri. Árið 2008 fékkst leyfi til að breyta hluta 2. hæðar hússins í þrjár íbúðir.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Verksmiðjuhús í móderniskum stíl. Stálgrindarhús á steyptri undirstöðu.

**Menningarsögulegt gildi:** Eitt fárra stórra verksmiðjuhúsa sem enn standa í borginni. Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Hefur áhrif á anda staðarins m.t.t. sögu og fjölbreytileika.

**Upprunaleg gerð:** Glugga- og hæðasetningu hússins og notkun hefur verið breytt en hægt er að færa það í upprunalegt horf.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

# Dugguvogur 12

**Fyrsti eigandi** Húsvirki hf.

**Hönnun** Ásmundur Jóhannsson, Jón Róbert Karlsson og Jón Kaldal

**Upphafleg notkun** Iðnaðar- og skrifstofuhús





**Upphafleg gerð**

**Tegund** Steinsteypt
**Klæðning**
**Þakgerð** Valmaþak
**Þakklæðning**
**Undirstöður**

**Upphaflegt útlit**

Tvílyft
Kjallari
Ris

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Húsið Dugguvogur 12 er steinsteypt iðnaðar- og skrifstofuhús, tvílyft með kjallara og þakhæð, byggt eftir teikningum Ásmundar Jóhannssonar, Jóns Róberts Karlssonar og Jóns Kaldal byggingafræðinga hjá ARKO. Fyrirtækið Húsvirki hf. fékk leyfi fyrir byggingu hússins árið 1986. Samkvæmt Fasteignaskrá er það byggt árið 1988.

Á lóðinni stóðu fyrir eldri byggingar sem voru reistar þar um 1963-1964 og 1975. Lóðin var þá talin nr. 119 við Elliðavog en árið 1974 var lóðarheitinu breytt í Dugguvog 12. Eldri byggingarnar voru rifnar áður en framkvæmdir hófust við byggingu þessa húss.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðar- og skrifstofuhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist atvinnusögu svæðisins.

**Umhverfisgildi:** Hornhús.

**Upprunaleg gerð:** Nánast óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.**

Byggingarár **1961** # Dugguvogur 13

**Fyrsti eigandi** Guðjón Sigurðsson

**Hönnun** Ásmundur Ólason
bygginga- og tæknifræðingur

**Upphafleg notkun**
Iðnaðarhús






**Upphafleg gerð**

| | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1983 | Viðbygging | Björgvin Víglundsson verkfr. |
| **Klæðning** | | Ris | ? | Gluggabreyting | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | | | |
| **Þakklæðning** | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Húsið Dugguvogur 13 er steinsteypt iðnaðarhús, tvílyft með kjallara og risi, byggt eftir teikningum Ásmundar Ólasonar bygginga- og tæknifræðings. Guðjón Sigurðsson fékk leyfi fyrir byggingu einlyfts verkstæðishúss á lóðinni árið 1957 og árið 1958 fékkst leyfi til að hækka húsið um eina hæð. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1962. Árið 1979 voru lóðirnar nr. 13 og 15 við Dugguvog sameinaðar í eina, Dugguvog 13-15. Árið 1983 var reist einlyft viðbygging úr steinsteypu við austurhlið húsanna Dugguvogs 13 og 15. Gluggar á vesturhlið 1. hæðar hafa verið augnstungnir.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur haldið upprunalegu lagi og einkennum þrátt fyrir útlitsbreytingar.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

**Byggingarár** 1961 # Dugguvogur 15

**Fyrsti eigandi** Aðalsteinn Sigurðsson **Hönnun** Ásmundur Ólason bygginga- og tæknifræðingur **Upphafleg notkun** Iðnaðarhús






**Upphafleg gerð**

| | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1983 | Viðbygging | Björgvin Víglundsson | verkfr. |
| **Klæðning** | | Ris | | | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | | | | |
| **Þakklæðning** | | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Húsið Dugguvogur 15 er steinsteypt iðnaðarhús, tvílyft með kjallara og risi, byggt eftir teikningum Ásmundar Ólasonar bygginga- og tæknifræðings. Aðalsteinn Sigurðsson fékk leyfi fyrir byggingu hússins árið 1959. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1961. Árið 1979 voru lóðirnar nr. 13 og 15 við Dugguvog sameinaðar í eina, Dugguvog 13-15. Árið 1983 var reist einlyft viðbygging úr steinsteypu við austurhlið húsanna Dugguvogs 13 og 15. Gluggagerð á 2. hæð hússins hefur verið breytt frá því sem upprunalega var.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur haldið upprunalegu lagi og einkennum þrátt fyrir útlitsbreytingar.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

**Byggingarár** **1965** 

# Dugguvogur 17

**Fyrsti eigandi** Ragna Björnsson

**Hönnun** Finnur Ó. Thorlacius forsmiður

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | **Upphaflegt útlit** |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft |
| **Klæðning** | | Ris |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari |
| **Þakklæðning** | | |
| **Undirstöður** | | |

**Helstu breytingar** / **Hönnuðir breytinga**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1967 | Útlitsbreyting | Finnur Ó. Thorlacius | forsm. |
| 2001 | Útlitsbreyting | Halldór Guðmundsson | arkitekt |
| | Gluggabreyting | | |

## Saga

Húsið Dugguvogur 17 er steinsteypt iðnaðarhús, tvílyft með kjallara og risi, byggt eftir teikningum Finns Ó. Thorlacius forsmiðs. Ragna Björnsson fékk leyfi fyrir byggingu hússins árið 1964. Um leið voru lóðirnar nr. 17 og 19 við Dugguvog sameinaðar í eina, Duggvog 17. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1965. Árið 1967 var gluggum á vesturhlið 1. og 2. hæðar og austanmegin á kjallara breytt í vörumóttökudyr. Árið 2001 var vörumóttökudyrum á vesturhlið 2. hæðar breytt til baka í glugga með björgunaropi. Teikningar að þeirri breytingu sýna einnig tilfærslu á gluggapóstum þannig að á framhlið eru þeir nú vinstra megin á gluggum, en voru hægra megin áður.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur haldið upprunalegu lagi og einkennum þrátt fyrir útlitsbreytingar.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

**Byggingarár** 1954 **Dugguvogur 21**

**Fyrsti eigandi** Benedikt & Gissur hf. **Hönnun** Sigvaldi Thordarson arkitekt **Upphafleg notkun** Iðnaðarhús






| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft Kjallari | ? | Gluggabreyting | |
| **Klæðning** | | | | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | | |
| **Þakklæðning** | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Húsið Dugguvogur 21 er steinsteypt iðnaðarhús, einlyft með kjallara að hluta, byggt eftir teikningum Sigvalda Thordarsonar arkitekts. Fyrirtækið Benedikt & Gissur fékk leyfi fyrir byggingu hússins árið 1953. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1954. Leyfi fékkst fyrir hækkun hússins um eina hæð árið 1973, en sú breyting hefur ekki verið framkvæmd og er húsið að mestu óbreytt frá upprunalegri gerð utan þess að gluggar hafa verið augnstungnir og dyraop gerð í stað glugga á vesturhlið.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar. Eitt af fyrstu húsunum sem risu á svæðinu eftir að það var skipulagt fyrir atvinnustarfsemi.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd. Eitt fyrsta húsið sem byggt er af röðinni. Það er einni hæð lægra en flest húsin og leysir landhalla og staðsetningu á mótum tveggja gatna með uppbroti í grunnfleti og hæðarsetningu.

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur haldið upprunalegu útliti og einkennum þrátt fyrir gluggabreytingar. Hækkun heimiluð en óframkvæmd.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

**Byggingarár** **1964** # Dugguvogur 23

**Fyrsti eigandi** Árni Gíslason

**Hönnun** Kjartan Sveinsson tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft |
| **Klæðning** | | Kjallari |
| **Þakgerð** | Mænisþak | |
| **Þakklæðning** | | |
| **Undirstöður** | | |

**Upphaflegt útlit**

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Húsið Dugguvogur 23 er steinsteypt iðnaðarhús, tvílyft með kjallara, byggt eftir teikningum Kjartans Sveinssonar tæknifræðings. Það er hornhús, byggt í vinkil á horni Dugguvogs og Súðarvogs. Árni Gíslason fékk leyfi fyrir byggingu hússins árið 1963 og var í fyrstu samþykkt einlyft hús með kjallara en árið 1964 fékkst leyfi til að hækka það um eina hæð. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1964. Húsinu virðist lítið hafa verið breytt frá því að það var byggt og hefur gluggagerð til að mynda haldist óbreytt að mestu þó að einhverjar breytingar hafi verið gerðar á glugga- og dyraopum á götuhlið kjallara. Þak á vesturálmu hússins hefur verið byggt með mæni sem snýr í norður-suður þó að upphaflegar teikningar virðist sýna þak sem hallar til norðurs á þeim hluta hússins.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús í móderanískum anda.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Húsið er hornhús og stendur á enda húsaraðar við Súðarvog og gengur inn í Dugguvog. Húsið er talsvert stærra en önnur hús í röðinni en uppbrot í framhliðum og gluggasetning gerir það að verkum að húsið fellur inn í heildstætt yfirbragð húsaraðanna við Dugguvog og Súðarvog og tengir þær saman.

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur haldið upprunalegu útliti og einkennum.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

Byggingarár **1961** # Súðarvogur 16

**Fyrsti eigandi** Vélsmiðjan Bjarni

**Hönnun** Sigurjón Sveinsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1974 | Viðbygging | Sigurjón Sveinsson | arkitekt |
| **Klæðning** | | Ris | 1985 | Hækkun | Steingrímur Sigurjónsson | bygg.fr. |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | Útlitsbreyting | | |
| **Þakklæðning** | | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Húsið Súðarvogur 16 er steinsteypt iðnaðarhús, þrílyft að austanverðu en tvílyft með niðurgröfnum kjallara að vestanverðu. Sigurjón Sveinsson arkitekt teiknaði húsið upphaflega sem tvílyft hús og fékk Vélsmiðjan Bjarni leyfi fyrir byggingu þess árið 1960. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1961. Árið 1974 fékkst leyfi til að bæði hækka og stækka húsið. Þá var byggð niðurgrafin viðbygging við vesturhlið sem fyllir út í baklóð hússins. Húsið var þó ekki hækkað fyrr en 1985 þegar leyfi fékkst til þess að nýju að byggja ofan á það 3. hæðina. Þá var einnig gluggum á vesturhlið breytt í vörumóttökudyr.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur haldið upprunalegu lagi og einkennum þrátt fyrir samþykkta hækkun og útlitsbreytingar.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

Byggingarár **1960** # Súðarvogur 18

**Fyrsti eigandi** Guðni Ingimundarson

**Hönnun** Bjarni S. Óskarsson byggingafræðingur

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús






| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1962 | Hækkun | Bjarni Óskarsson | bygg.fr. |
| **Klæðning** | | Ris | 1965 | Viðbygging | Bjarni Óskarsson | bygg.fr. |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | | | |
| **Þakklæðning** | | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Húsið Súðarvogur 18 er steinsteypt iðnaðarhús, þrílyft að austanverðu en tvílyft með niðurgröfnum kjallara að vestanverðu. Bjarni S. Óskarsson byggingafræðingur teiknaði húsið upphaflega sem tvílyft hús og fékk Guðni Ingimundarson leyfi til að byggja jarðhæðina árið 1958 og 2. hæðina ári seinna. Samkvæmt Fasteignaskrá var húsið fullbyggt árið 1960. Árið 1962 fékkst leyfi til að hækka húsið um eina hæð og var þá byggð ofan á það 3. hæðin. Ári 1965 fékkst leyfi til að stækka húsið og var þá byggð niðurgrafin viðbygging við vesturhlið sem fyllir út í baklóðina

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur haldið upprunalegu lagi og einkennum þrátt fyrir hækkun.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

**Byggingarár** 1958

# Súðarvogur 20

**Fyrsti eigandi** Sigurður Helgason o.fl.

**Hönnun** Ásmundur Ólason
bygginga- og tæknifræðingur

**Upphafleg notkun**
Iðnaðarhús





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit**
Tvílyft
Ris

**Helstu breytingar**
1964 Viðbygging
Hækkun

**Hönnuðir breytinga**
Ásmundur Ólason bygg.fr.

## Saga

Húsið Súðarvogur 20 er steinsteypt iðnaðarhús, þrílyft að austanverðu en tvílyft með niðurgröfnum kjallara að vestanverðu. Ásmundur Ólasonar bygginga- og tæknifræðingur teiknaði húsið upphaflega sem tvílyft hús að austanverðu og einlyft með niðurgröfnum kjallara að vestanverðu. Sigurður Helgason o.fl. fengu leyfi til að hefja byggingu hússins árið 1957 og var þá byggður suðurhluti jarðhæðarinnar en leyfi fékkst fyrir 2. hæðinni um ári seinna. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1958. Lóðirnar nr. 20 og 22 við Súðarvog virðast á sama tíma hafa verið sameinaðar í eina lóð sem talin var nr. 20. Árið 1960 fékkst leyfi til að stækka og breyta húsinu og virðist þá gert ráð fyrir byggingu norðurhluta þess (2. áfanga), en ekki er ljóst hvað var framkvæmt þá. Árið 1964 fékkst aftur leyfi til að stækka og hækka húsið og virðist þá hafa verið kláraður 2. áfangi hússins, þ.e. lenging þess til norðurs, auk þess sem byggð var niðurgrafin viðbygging við kjallarann til vesturs meðfram norðurlóðamörkum og viðbygging við 2. hæð til vesturs meðfram suðurlóðamörkum. Einnig var þá 3. hæðin byggð ofan á húsið. Árið 1980 fékkst leyfi til að stækka viðbygginguna við 2. hæðina, en sú breyting virðist ekki hafa verið framkvæmd.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur verið hækkað, byggt hefur verið við það og á því er seinni tíma klæðning úr takti við svipmót húsaraðarinnar. Grunngerð hússins og einkenni hafa þó haldist.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**



22.3.2016
Borgarsögusafn Reykjavíkur

Byggingarár **1959**

# Súðarvogur 24

**Fyrsti eigandi** Páll Guðjónsson

**Hönnun** Þór Sandholt arkitekt

**Upphafleg notkun**
Iðnaðarhús






| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1959 | Viðbygging | Þór Sandholt | arkitekt |
| **Klæðning** | | Ris | ? | Viðbygging | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | | | |
| **Þakklæðning** | | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Húsið Súðarvogur 24 er steinsteypt iðnaðarhús, tvílyft að austanverðu en einlyft með niðurgröfnum kjallara að vestanverðu, byggt eftir teikningum Þórs Sandholt arkitekts. Páll Guðjónsson fékk árið 1957 leyfi til að byggja neðri hæð hússins og efri hæðina ári seinna. Hér er byggingarár áætlað út frá því hvenær ætla má að húsið hafi verið fullbyggt eftir upphaflegum teikningum, þ.e. 1959. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1961. Árið 1959 fékkst leyfi til að byggja við húsið og var þá byggð einlyft niðurgrafin viðbygging úr steinsteypu við vesturhlið og fyllir hún út í baklóðina. Árið 1963 fékkst leyfi til að hækka húsið um eina hæð, en það hefur aldrei verið framkvæmt. Byggð hefur verið lítil viðbygging ofan á niðurgröfnu viðbygginguna, við vesturhlið efri hæðar hússins, en ekki er ljóst hvenær það var gert.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Húsið hefur haldið upprunalegu útliti og einkennum að mestu.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

**Byggingarár** **1962** # Súðarvogur 26

**Fyrsti eigandi** Sigurður Guðmundsson **Hönnun** Gunnar Hansson arkitekt **Upphafleg notkun** Iðnaðarhús







| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1965 | Hækkun | Ásmundur Ólason | bygg.fr. |
| **Klæðning** | | | | Viðbygging | Gunnar Hansson | arkitekt |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | ? | Viðbygging | | |
| **Þakklæðning** | | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Húsið Súðarvogur 26 er steinsteypt iðnaðarhús, þrílyft að austanverðu en tvílyft með niðurgröfnum kjallara að vestanverðu. Húsið var upphaflega teiknað af Gunnari Hanssyni sem tvílyft hús. Sigurður Guðmundsson fékk árið 1957 leyfi til að byggja neðri hæð þess. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1962. Þá hefur byggingu neðstu hæðarinnar verið lokið. Árið 1962 fékkst leyfi til að hækka húsið og stækka eftir teikningum Ásmundar Ólasonar og Gunnars Hanssonar og var það byggingarleyfi endurnýjað árið 1965. Þá voru byggðar tvær hæðir ofan á neðstu hæðina og steinsteypt niðurgrafin viðbygging við vesturhlið sem fyllir út í baklóðina. Einnig hefur verið byggð lítil viðbygging þar ofan á, við vesturhlið 2. hæðar hússins, en ekki er ljóst hvenær það var gert.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Grunngerð hússins hefur haldið sér þrátt fyrir hækkun og útlitsbreytingar.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

**Byggingarár** **1959** # Súðarvogur 28

**Fyrsti eigandi** Jón Fannberg

**Hönnun** Gunnar Hansson arkitekt

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús







**Upphafleg gerð**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1967 | Hækkun | Bárður Daníelsson | arkitekt |
| **Klæðning** | | | 1968 | Útlitsbreyting | Bárður Daníelsson | arkitekt |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | | | |
| **Þakklæðning** | | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

(Columns: Upphafleg gerð | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | )

## Saga

Húsið Súðarvogur 28 er steinsteypt iðnaðarhús, þrílyft með jarðhæð sem er niðurgrafin að vestanverðu og fyllir út í baklóðina. Húsið var upphaflega teiknað af Gunnari Hanssyni sem tvílyft hús. Jón Fannberg fékk árið 1957 leyfi til að byggja hluta hússins og var þá byggður austurhluti jarðhæðarinnar. Um leið var samþykkt að sameina lóðirnar nr. 28 og 30 í eina lóð sem talin var nr. 28. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1959. Af loftmynd frá 1965 að dæma (sjá Borgarvefsjá) er þá búið að byggja alla jarðhæðina út að vesturmörkum lóðarinnar. Árið 1967 fékkst leyfi til að stækka húsið og þá virðist 2. hæðin hafa verið byggð auk 3. hæðarinnar eftir teikningum Bárðar Daníelssonar arkitekts. Árið 1968 fékkst leyfi til að gera breytingar á bakhlið hússins og voru þá gerðar þrjár vörumóttöku- eða verkstæðisdyr á vesturhlið 2. hæðarinnar.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Grunngerð hússins hefur haldið sér þrátt fyrir hækkun, útlitsbreytingar og viðbyggingu.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

Byggingarár **1959** 

# Súðarvogur 32

**Fyrsti eigandi** Jóhannes Bjarnason

**Hönnun** Gunnar Hansson arkitekt

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús






| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1959 | Hækkun | Gunnar Hansson | arkitekt |
| **Klæðning** | | Ris | 1975 | Hækkun | Gunnar Hansson | arkitekt |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | Viðbygging | | |
| **Þakklæðning** | | | | Skúr á lóð | | |
| **Undirstöður** | | | 2003 | Gluggabreyting | Gestur Ólafsson | arkitekt |

## Saga

Húsið Súðarvogur 32 er steinteypt iðnaðarhús, þrílyft að austanverðu en tvílyft með niðurgröfnum kjallara að vestanverðu. Það var upphaflega teiknað af Gunnari Hanssyni sem tvílyft hús. Jóhannes Bjarnason fékk árið 1956 leyfi til að byggja neðri hæð hússins og árið 1959 fékkst leyfi fyrir 2. hæðinni. Á loftmynd frá 1965 (Borgarvefsjá) má sjá að þá er húsið risið, líklega báðar hæðirnar. Hér er byggingarár áætlað út frá því hvenær ætla má að húsið hafi verið fullbyggt eftir upphaflegum teikningum, þ.e. 1959. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1973. Árið 1966 fékkst leyfi til að stækka húsið, en það leyfi féll úr gildi. Árið 1975 fékkst aftur leyfi fyrir sömu breytingu og var þá byggð 3. hæðin ofan á húsið og steinsteypt niðurgrafin viðbygging við vesturhlið sem fyllir út í baklóðina. Ofan á viðbyggingunni var reist skýli eða skúr við vesturmörk baklóðarinnar. Árið 2003 fékkst leyfi fyrir gluggabreytingu á austurhlið 3. hæðar. Gluggum á báðum hliðum hússins hefur verið breytt frá því sem upphaflegar teikningar sýna og sett í þá opnanleg fög auk þess sem dyraop hefur verið sett á vesturhlið 3. hæðar.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Grunngerð hússins hefur haldið sér þrátt fyrir hækkun og útlitsbreytingar.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

**Byggingarár** 1964

# Súðarvogur 34

**Fyrsti eigandi** Vélsmiðjan Kyndill hf.

**Hönnun** Ásmundur Ólason og Óli Ásmundsson

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús






**Upphafleg gerð**

**Tegund** Steinsteypt

**Klæðning**

**Þakgerð** Mænisþak

**Þakklæðning**

**Undirstöður**

**Upphaflegt útlit**

Þrílyft
Ris

**Helstu breytingar**

**Hönnuðir breytinga**

## Saga

Húsið Súðarvogur 34 er steinsteypt iðnaðarhús, þrílyft að austanverðu en tvílyft með niðurgröfnum kjallara að vestanverðu sem fyllir út í baklóðina. Vélsmiðjan Kyndill hf. fékk leyfi fyrir húsinu árið 1962 og var það þá byggt í núverandi mynd eftir teikningum Ásmundar Ólasonar bygginga- og tæknifræðings og Óla Ásmundssonar arkitekts. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1964. Húsinu hefur lítið verið breytt frá því að það var byggt.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Nánast óbreytt.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

**Byggingarár** **1963** 

# Súðarvogur 36

**Fyrsti eigandi** Óskar Jónsson

**Hönnun** Kjartan Sveinsson tæknifræðingur

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús






**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt |
| **Klæðning** | |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit**

Þrílyft
Ris

| Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|
| 1963 | Viðbygging | Kjartan Sveinsson | tæknifr. |
| 1986 | Viðbygging | Sveinn Ívarsson | arkitekt |
| 2009 | Sólskáli | Gestur Ólafsson | arkitekt |
| | Gluggabreyting | | |

## Saga

Húsið Súðarvogur 36 er steinsteypt iðnaðarhús, þrílyft að austanverðu en tvílyft með niðurgröfnum kjallara að vestanverðu. Óskar Jónsson fékk leyfi fyrir húsinu árið 1962 og var það þá byggt í núverandi mynd eftir teikningum Kjartans Sveinssonar tæknifræðings. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1963. Árið 1963 fékkst leyfi til að stækka kjallara hússins og var þá byggð við hann steinsteypt niðurgrafin viðbygging til vesturs sem fyllir út í baklóðina. Árið 1986 fékkst leyfi fyrir viðbyggingu með svölum á þaki við vesturhlið hússins. Árið 2009 fékkst leyfi til að byggja sólskála yfir hluta svala á viðbyggingunni og til að breyta gluggum á austurhlið hússins.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Grunngerð hússins og upprunaleg einkenni hafa haldið sér þrátt fyrir hækkun, viðbyggingu og útlitsbreytingar.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

**Byggingarár** 1964

# Súðarvogur 38

**Fyrsti eigandi** Bogi hf.

**Hönnun** Hörður Bjarnason arkitekt

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús





| Upphafleg gerð | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Þrílyft | 2004 | Tröppur við bakhlið | Jón Róbert Karlsson | bygg.fr. |
| **Klæðning** | | Ris | | Breytt í íbúð 3. hæð | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | 2007 | Breytt í íbúð 2. hæð | Jón Róbert Karlsson | bygg.fr. |
| **Þakklæðning** | | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Húsið Súðarvogur 38 er steinsteypt iðnaðarhús, þrílyft að austanverðu en tvílyft með niðurgröfnum kjallara að vestanverðu sem fyllir út í baklóðina. Fyrirtækið Bogi hf. fékk leyfi fyrir húsinu árið 1962 og var það þá byggt í núverandi mynd eftir teikningum Harðar Bjarnasonar arkitekts. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1964. Árið 2004 fékkst leyfi fyrir tröppum upp á 3. hæð á baklóð og að breyta atvinnuhúsnæði á 3. hæð hússins í íbúð. Árið 2007 fékkst leyfi til að breyta atvinnuhúsnæði á 2. hæð hússins í íbúð með vinnuaðstöðu. Húsinu hefur að öðru leyti lítið verið breytt frá því að það var byggt.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Grunngerð hússins og upprunaleg einkenni hafa haldið sér þrátt fyrir breytingar á notkun og útliti.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

Byggingarár **1960** 

# Súðarvogur 40

**Fyrsti eigandi** Guðmundur Jóhannsson **Hönnun** Ásmundur Ólason bygginga- og tæknifræðingur **Upphafleg notkun** Iðnaðarhús






| Upphafleg gerð | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1961 | Hækkun | Ásmundur Ólason | bygg.fr. |
| **Klæðning** | | Ris | 1991 | Útlitsbreyting | Guðlaugur Gauti Jónsson | arkitekt |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | 1994 | Útlitsbreyting | Sigurður Guðmundsson | tæknifr. |
| **Þakklæðning** | | | | | Sigurður P. Kristjánsson | tæknifr. |
| **Undirstöður** | | | 2007 | Breytt í íbúð 3. hæð? | Hróbjartur Hróbjartsson | arkitekt |

## Saga

Húsið Súðarvogur 40 er steinsteypt iðnaðarhús, þrílyft að austanverðu en tvílyft með niðurgröfnum kjallara að vestanverðu. Það var upphaflega teiknað af Ásmundi Ólasyni sem tvílyft hús að austanverðu og einlyft með niðurgröfnum kjallara að vestanverðu. Guðmundur Jóhannsson fékk leyfi fyrir byggingu hússins árið 1959. Hér er byggingarár áætlað út frá því hvenær ætla má að húsið hafi verið fullbyggt eftir upphaflegum teikningum, þ.e. 1960. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1963. Árið 1961 fékkst leyfi til að hækka það um eina hæð og var þá byggð ofan á það 3. hæðin. Árið 1991 var gluggum á austurhlið jarðhæðar breytt í verkstæðisdyr. Árið 1994 var komið fyrir útitröppum að dyrum á vesturhlið 3. hæðar hússins. Árið 2007 fékkst leyfi til að koma fyrir svölum á vesturhlið 3. hæðar hússins og breyta atvinnuhúsnæði á þeirri hæð í íbúð og vinnustofu listamanns. Svalir hafa ekki verið gerðar og í Fasteignaskrá er enn (2015) skráð iðnaðarhúsnæði á 3. hæð hússins.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Grunngerð hússins, einkenni og upprunalegt útlit hefur haldið sér þrátt fyrir hækkun hússins.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

**Byggingarár** 1961

# Súðarvogur 42

**Fyrsti eigandi** Radíó- og raftækjastofan

**Hönnun** Yngvi Gestsson byggingafræðingur

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús






| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | 1964 | Hækkun | Yngvi Gestsson | bygg.fr. |
| **Klæðning** | | | ? | Útlitsbreyting | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | | | |
| **Þakklæðning** | | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Húsið Súðarvogur 42 er steinsteypt iðnaðarhús, þrílyft að austanverðu en tvílyft með niðurgröfnum kjallara að vestanverðu. Yngvi Gestsson byggingafræðingur teiknaði það upphaflega sem tvílyft hús að austanverðu og einlyft með niðurgröfnum kjallara að vestanverðu. Radíó- og raftækjastofan fékk leyfi fyrir byggingu neðstu hæðar hússins árið 1960. Byggingu hennar hefur líklega verið lokið 1961 og er það ár talið hér sem byggingarár hússins. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1964. Árið 1962 fékkst leyfi til að hækka húsið um tvær hæðir og voru þá byggðar 2. og 3. hæðir eftir teikningum Yngva Gestssonar. Byggingu þeirra hefur líklega verið lokið 1964. Árið 1998 fékkst leyfi til að klæða austurhlið hússins með láréttu bárustáli en það hefur ekki verið gert. Gerðar hafa verið breytingar á glugga- og dyraopum á austurhlið jarðhæðar og vesturhlið 3. hæðar.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Grunngerð hússins og upprunaleg einkenni hafa haldið sér að mestu.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**



22.3.2016
Borgarsögusafn Reykjavíkur

Byggingarár **1961** 

# Súðarvogur 44-48

| Fyrsti eigandi | | Hönnun | | Upphafleg notkun |
|---|---|---|---|---|
| | Ökuþór hf.<br>Max hf. | | Ásmundur Ólason, Alex H. Jóhannss., Arinbjörn Þorkelss. | Iðnaðarhús |





| Upphafleg gerð | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Tegund | Steinsteypt | Tvílyft | 1963 | Hækkun | Ásmundur Ólason | bygg.fr. |
| Klæðning | | Ris | | | Alex H. Jóhannsson | húsam. |
| Þakgerð | Mænisþak | | 1986 | Útlitsbreyting | Geirharður Þorsteinsson | arkitekt |
| Þakklæðning | | | 2009 | Útlitsbreyting | Runólfur Þ. Sigurðsson | bygg.tæ fr. |
| Undirstöður | | | | Gluggabreyting<br>Breytt í íbúð 2. og 3. hæð | | |

## Saga

Húsið Súðarvogur 44-48 er steinsteypt iðnaðarhús, þrílyft að austanverðu en tvílyft með niðurgröfnum kjallara að vestanverðu. Húsin nr. 44-46 og nr. 48 voru upphaflega teiknuð hvort í sínu lagi, sem tvílyft hús að austanverðu og einlyft með niðurgröfnum kjallara að vestanverðu. Lóðirnar nr. 44 og 46 voru sameinaðar í ágúst 1960 og fékk fyrirtækið Ökuþór hf. leyfi til að byggja þar verkstæðishús eftir teikningum Ásmundar Ólasonar. Í maí 1960 fékk verksmiðjan Max hf. leyfi til að byggja verksmiðjuhús á lóðinni nr. 48 eftir teikningum Arinbjarnar Þorkelssonar og Axels H. Jóhannssonar. Í nóvember 1961 voru lóðirnar nr. 44-46 og 48 síðan sameinaðar í eina lóð, Súðarvog 44-48. Um leið fékkst leyfi til að hækka húsin um eina hæð og er eftir það litið á þau sem eitt hús. Ásmundur Ólason og Alex H. Jóhannsson teiknuðu hækkunina og samræmdu um leið útlit húsanna. Samkvæmt Fasteignaskrá eru húsin byggð árið 1963. Hér er byggingarár áætlað út frá því hvenær ætla má að húsin hafi verið fullbyggð eftir upphaflegum teikningum, þ.e. 1961. Líklega hefur svo verið búið að hækka þau og sameina í eitt hús árið 1963. Árið 1986 var gluggum nyrst á austurhlið jarðhæðar breytt í dyr. Á árunum 2008-2009 fékkst leyfi til að breyta 2. og 3. hæð hússins í íbúðir með vinnustofum, alls sex íbúðareiningar, og byggja stigagangssvalir á vesturhlið 3. hæðar. Um leið var gluggum á 2. og 3. hæð breytt, komið fyrir álklæddum timburgluggum í stað eldri glugga og gluggar á austurhlið lengdir niður að gólfi.

## Varðveislumat

| | |
|---|---|
| **Byggingarlist:** | Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi. |
| **Menningarsögulegt gildi:** | Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar. |
| **Umhverfisgildi:** | Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd. |
| **Upprunaleg gerð:** | Grunngerð hússins og upprunaleg einkenni hafa haldið sér að mestu. |
| **Varðveislugildi:** | **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).** |

**Byggingarár** **1963** # Súðarvogur 50

**Fyrsti eigandi** Kristján Pétursson og Tómas Tómasson

**Hönnun** Guðmundur Kr. Kristinsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús





**Upphafleg gerð**

| | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Þrílyft | 2007 | Útlitsbreyting | Lárus Kr. Ragnarsson | bygg.fr. |
| **Klæðning** | | Ris | | Gluggabreyting | | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | Breytt í íbúð 2. og 3. hæð | | |
| **Þakklæðning** | | | | | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Húsið Súðarvogur 50 er steinsteypt iðnaðarhús, þrílyft að suðaustanverðu en tvílyft með niðurgröfnum kjallara að norðvestanverðu. Kristján Pétursson og Tómas Tómasson (Trésmiðja Kristjáns og Tómasar) fengu leyfi fyrir þrílyftu iðnaðarhúsi á lóðinni árið 1962 og var það þá reist í núverandi mynd eftir teikningum Guðmundar Kr. Kristinssonar arkitekts. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1963. Síðan húsið var byggt hefur jarðhæðin verið grafin niður að vestanverðu. Árið 2007 fékkst leyfi til að breyta 2. og 3. hæð hússins í íbúðir og breyta um leið glugga- og dyrasetningu á báðum hliðum hússins, koma fyrir hringstiga, inngöngum og svölum á norðvesturhlið og bæta við opnanlegum fögum, frönskum svölum og fellistiga á suðausturhlið.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Grunngerð hússins og upprunaleg einkenni hafa haldið sér að mestu þrátt fyrir breytingar á útliti og notkun.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

**Byggingarár** **1961**

# Súðarvogur 52

**Fyrsti eigandi** Sigurjón Auðunsson

**Hönnun** Finnur Ó. Thorlacius forsmiður

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús






| Upphafleg gerð | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1976 | Hækkun | Kjartan Sveinsson tæknifr. |
| **Klæðning** | | Ris | | Viðbygging | |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | | Útlitsbreyting | |
| **Þakklæðning** | | | | Gluggabreyting | |
| **Undirstöður** | | | | | |

## Saga

Húsið Súðarvogur 52 er steinsteypt iðnaðarhús, þrílyft að suðaustanverðu en tvílyft með niðurgröfnum kjallara að norðvestanverðu. Það var upphaflega teiknað af Finni Ó. Thorlacius forsmiði sem tvílyft hús. Sigurjón Auðunsson fékk árið 1958 leyfi til að byggja neðri hæð hússins og árið 1960 fékkst leyfi fyrir 2. hæðinni Þá var einnig byggð einlyft viðbygging við bakhlið hússins, niðurgrafin að mestu. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1961. Árið 1976 fékkst leyfi til að stækka húsið og var þá byggð ofan á það 3. hæðin auk þess sem reist var viðbygging við bakhlið 2. og 3. hæðar. Þá voru einnig gerðar breytingar á glugga- og dyrasetningu hússins og gluggagerð breytt.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Grunngerð hússins og upprunaleg einkenni hafa haldið sér að mestu þrátt fyrir breytingar á útliti og notkun.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

**Byggingarár** 1961

# Súðarvogur 54

**Fyrsti eigandi** Þorlákur Ásgeirsson

**Hönnun** Guttormur Þormar og Ólafur Guttormsson

**Upphafleg notkun** Iðnaðarhús





| Upphafleg gerð | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1971 | Hækkun | Guttormur Þormar | verkfr. |
| **Klæðning** | | Ris | | | Ólafur Guttormsson | teiknari |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | 1977 | Viðbygging | Guttormur Þormar | verkfr. |
| **Þakklæðning** | | | | Útlitsbreyting | Ólafur Guttormsson | teiknari |
| **Undirstöður** | | | | Gluggabreyting | | |

## Saga

Húsið Súðarvogur 54 er steinsteypt iðnaðarhús, þrílyft að suðaustanverðu en tvílyft með niðurgröfnum kjallara að norðvestanverðu. Það var upphaflega teiknað af Guttormi Þormar verkfræðingi og Ólafi Guttormssyni sem tvílyft hús. Þorlákur Ásgeirsson fékk árið 1959 leyfi til að byggja neðri hæð hússins og árið 1960 fékkst leyfi til að stækka það. Þá var 2. hæðin byggð, auk þess sem reist var einlyft viðbygging við bakhlið hússins, niðurgrafin að mestu. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1961. Árið 1964 fékkst leyfi til að hækka húsið um eina hæð, en það byggingarleyfi féll úr gildi og var endurnýjað árið 1971. Þá var 3. hæðin byggð ofan á húsið. Þá var einnig gluggagerð hússins breytt og miðjupóstur settur á glugga. Árið 1977 fékkst leyfi fyrir viðbyggingu við bakhlið 2. og 3. hæðar hússins. Þá voru einnig gerðar breytingar á glugga- og dyrasetningu á bakhliðinni.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Grunngerð hússins og einkenni hafa haldið sér þrátt fyrir breytingar á útliti og notkun.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

**Byggingarár** 1953

# Tranavogur 1

**Fyrsti eigandi** Gunnar Guðmundsson **Hönnun** Þór Sandholt og Ágúst Pálsson **Upphafleg notkun** Iðnaðarhús





| **Upphafleg gerð** | | **Upphaflegt útlit** | **Helstu breytingar** | | **Hönnuðir breytinga** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Einlyft | <1965 | Viðbygging | | |
| **Klæðning** | | Ris | 1991 | Viðbygging | Gísli G. Gunnarsson | bygg.fr. |
| **Þakgerð** | Mænisþak | | 1992 | Ný klæðning | Ingi Gunnar Þórðarson | bygg.fr. |
| **Þakklæðning** | | | | Gluggabreyting | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Húsið Tranavogur 1 er einlyft iðnaðarhús byggt úr steinsteypu á horni Súðarvogs og Tranavogs. Elsti hluti hússins stendur meðfram Súðarvogi og er hús sem Gunnar Guðmundsson fékk leyfi til að byggja í ágúst 1952, eftir teikningum arkitektanna Þórs Sandholt og Ágústs Pálssonar. Lóðin var þá skráð nr. 36 við Snekkjuvog. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1961. Árið 1962 fékkst leyfi til að stækka húsið og átti þá að hækka húsið upp í þrjár hæðir og byggja fyrir hornið meðfram Tranavogi (þá Snekkjuvogur), en ekki varð af þeim framkvæmdum. Árið 1976 fékkst leyfi til að reisa nýtt þrílyft verslunar- og iðnaðarhús á lóðinni, en þær fyrirætlanir gengu heldur ekki eftir. Á loftmynd frá 1965 sést að búið er að reisa viðbyggingu við vesturhlið hússins, meðfram Tranavogi, en ekki finnast teikningar að henni eða byggingarleyfi. Árið 1991 fékkst leyfi til að byggja bráðabirgðaþak yfir einlyfta nýbyggingu á lóðinni. Samkvæmt teikningum er það sú viðbygging sem nú stendur við vesturhlið hússins, meðfram Tranavogi. Sú bygging er byggð upp af steyptum súlum og bitum í hliðum, með málmklæddum veggjum og þaki, samkvæmt upplýsingum á teikningu. Árið 1992 fékkst leyfi til að klæða húsið að utan með lituðu stáli og skipta um glugga. Þá hefur gluggagerð í eldri hluta hússins verið breytt og eldri gluggapóstar fjarlægðir og í staðinn komið fyrir opnanlegu fagi neðst í gluggum.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðarhús, hluti af húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar. Eitt af fyrstu húsunum sem risu á svæðinu eftir að það var skipulagt fyrir atvinnustarfsemi.

**Umhverfisgildi:** Hluti af samfelldri húsaröð sem myndar heilsteypta götumynd.

**Upprunaleg gerð:** Eitt elsta húsið í röðinni. Grunngerð hússins, einkenni og upprunalegt útlit hafa haldið sér í grundvallaratriðum þrátt fyrir breytingar. Hækkun hefur verið teiknuð og er í takti við önnur hús í röðinni.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

Byggingarár **1996** # Tranavogur 3

**Fyrsti eigandi** Vörubíla- og vinnuvéla-verkstæðið

**Hönnun** Jón Guðmundsson arkitekt

**Upphafleg notkun** Verkstæði





**Upphafleg gerð**

| | |
|---|---|
| **Tegund** | Trélímsgrind |
| **Klæðning** | Stálplötur |
| **Þakgerð** | Mænisþak |
| **Þakklæðning** | |
| **Undirstöður** | |

**Upphaflegt útlit** Einlyft

**Helstu breytingar** 2000 Viðbygging

**Hönnuðir breytinga** Jón Guðmundsson arkitekt

## Saga

Núverandi hús á lóðinni er verkstæðisbygging, einlyft með millihæð að hluta, byggð árið 1996. Gaflar hússins eru steyptir en á milli þeirra er burðargrind úr límtré og er húsið allt klætt með lituðu stáli, samkvæmt upplýsingum á teikningu. Árið 2000 var reist viðbygging við bakhlið hússins, við suðvesturhorn.

Áður stóð á lóðinni eldra iðnaðarhús sem var rifið um 1988. Það var lítið stakstætt timburhús, einlyft með skáþaki, og stóð áður við Þverholt 19 og hýsti trésmíðavinnustofuna Eljuna, en var flutt um 1952 og endurbyggt á þessari lóð sem þá var talin nr. 32 við Snekkjuvog. Húsið var rifið árið 1988 þegar til stóð að reisa nýtt hús á lóðinni, en það hús var aldrei byggt.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Stálplötuklætt grindarhús, byggt inn í samfellda húsaröð sem var byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi.

**Menningarsögulegt gildi:** Yngra hús en önnur í húsaröðinni.

**Umhverfisgildi:** Samanborið við önnur hús í húsaröð við Súðarvog sem gengur inn í Tranavog er húsið frábrugðið hvað varðar grunngerð, yfirborð, gluggagerð og götuframhlið. Verði byggt nýtt hús á lóðinni er lagt til að staðsetning við götu og hæð húss haldi sér með það að markmiði að styðja við heildarsvip húsaraðar og götumyndar.

**Upprunaleg gerð:** Upprunalega húsið hefur verið rifið og nýtt hús byggt í bilinu.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

Byggingarár **1964** # Tranavogur 5

**Fyrsti eigandi** Jón Kristbjörnsson o.fl. **Hönnun** Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari **Upphafleg notkun** Iðnaðarhús





| Upphafleg gerð | | Upphaflegt útlit | Helstu breytingar | | Hönnuðir breytinga | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tegund** | Steinsteypt | Tvílyft | 1986 | Viðbygging | Einar V. Tryggvason | arkitekt |
| **Klæðning** | | Ris | 2000 | Útlitsbreyting | Steinar Sigurðsson | arkitekt |
| **Þakgerð** | Mænisþak | Kjallari | | Svalir | | |
| **Þakklæðning** | | | | Ný klæðning | | |
| **Undirstöður** | | | | | | |

## Saga

Húsið Tranavogur 5 er tvílyft iðnaðarhús með kjallara og risi, byggt úr steinsteypu. Það er hornhús, byggt í vinkil á horni Tranavogs og Dugguvogs. Elsti hluti hússins er sá sem stendur meðfram Tranavogi og var sá hluti byggður á árunum 1959-1964 eftir teikningum Hafliða Jóhannssonar húsasmíðameistara. Í fyrstu (1953) var samþykkt einlyft hús á lóðinni, en seinna (1959) einlyft hús með kjallara. Árið 1963 fékkst leyfi til að byggja tvílyft hús með kjallara og voru eldri uppdrættir þá felldir úr gildi. Svo virðist sem þá hafi verið búið að byggja kjallara meðfram Tranavogi (þá Snekkjuvogur). Um leið var samþykkt að sameina tvær lóðir undir húsið og sú lóð talin nr. 30 við Snekkjuvog. Teikningar Hafliða Jóhannssonar gerðu frá upphafi ráð fyrir að húsið yrði eins stórt að grunnfleti og það er núna, byggt í vinkil og hornsneitt á horni Tranavogs og Dugguvogs, en einungis austurálma hússins meðfram Tranavogi var byggð. Árið 1986 fékkst leyfi til að stækka húsið og var þá byggður sá hluti sem stendur á horni Tranavogs og Dugguvogs og meðfram Dugguvogi. Húsið var byggt með svipuðu móti og upphaflegar teikningar Hafliða Jóhannssonar gerðu ráð fyrir en með annarri gluggagerð og gluggasetningu og hefur gluggagerð í eldri hluta hússins verið breytt til samræmis við yngri hlutann. Árið 2000 fékkst leyfi til að fjarlægja skorstein á þaki og skyggni yfir inngangi, stækka inngangsdyr og setja svalir á suðurhlið, breyta innra skipulagi og klæða húsið að utan með loftræstri Duropal-klæðningu.

## Varðveislumat

**Byggingarlist:** Steinsteypt iðnaðar- skrifstofu- og verslunarhús á horni Tranavogs og Dugguvogs.

**Menningarsögulegt gildi:** Brot úr atvinnu-, skipulags- og byggingarlistasögu borgarinnar.

**Umhverfisgildi:** Húsið er hornhús og mikilvægt í götumyndinni. Það stendur upp við tvær götur og fellur vel að húsaröðum við Dugguvog annars vegar og Súðarvog hins vegar.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er byggt í tveimur ólíkum áföngum og leitast hefur verið við að samræma ólíka hluta þess.

**Varðveislugildi:** **Lagt er til að húsaröðin sem húsið tilheyrir njóti verndar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi, sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags 2010-2030 (C-hluti. Fylgiskjöl).**

## 2.4.4 Varðveislumat fyrir hús og mannvirki [1]

Við mat á varðveislugildi byggðar eru metnir á fjórir þættir: *Listrænt gildi (byggingarlist), menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunaleg gerð.* Varðveislugildi húsa byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur sem gefin var út sem þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*[2] og endurskoðun á varðveisluflokkum Húsverndarskrár Reykjavíkur sem birt er sem fylgiskjal með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.*[3]

Varðveisluflokkarnir eru:

**BLÁR FLOKKUR**: *Friðlýst hús og mannvirki.*
Hús friðlýst samkvæmt 5. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem segir:
„Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.“
Á skrá er getið hvaða hluti byggingar er friðaður og friðunarár.

**FJÓLUBLÁR FLOKKUR**: *Friðuð hús.*
Hús friðuð samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem segir:
„Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.“

**RAUÐUR FLOKKUR**: *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd[4] í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.[5]

**GULUR FLOKKUR**: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.[6]

**APPELSÍNUGULUR FLOKKUR**: *Hús byggð 1925 eða fyrr og kirkjur reistar 1940 eða fyrr.*
Hús sem falla undir ákvæði 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem segir:
„Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.“

---

[1] Varðveislumat fyrir húsin á svæðinu var unnið af Önnu Maríu Bogadóttur arkitekt í samvinnu við Borgarsögusafn Reykjavíkur.
[2] *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar.*
[3] *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.* C-hluti. Fylgiskjöl. Borgarverndarstefna. Vefslóð: http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur → Val úr lista: C-hluti. Fylgiskjöl → Pdf.skjal, bls. 334.
[4] Hverfisvernd byggir á 2. gr. skipulagslaga 2010 nr.123/22. september en þar segir: *„Hverfisvernd:* Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja“. *Skipulagslög 2010 - nr. 123 - 22. september*. Tóku gildi 1. janúar 2011.
[5] Núverandi rauður flokkur kemur í stað eftirfarandi eldri flokka: **Rauður** flokkur: Byggingar sem lagt er til að friða; **Grænn** flokkur: Verndun 20. aldar bygginga; **Dökkgulur** flokkur: Verndun götumynda, húsaraða og húsa með umhverfisgildi. Sjá *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar.*
[6] Núverandi gulur flokkur kemur í stað eftirfarandi eldri flokka: **Ljósgulur** flokkur: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda; **Milligulur** flokkur: Svæði sem lagt er til að vernda. Sjá *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar.*

# Vogabyggð – Svæði 1-3

Til umfjöllunar er skipulagssvæði vestan Elliðaárvogs sem hlotið hefur verkheitið Vogabyggð. Heildarsvæðið afmarkast af Sæbraut til vesturs, Kleppsmýrarvegi/Kjalarvogi til norðurs, Elliðaárvogi til austurs og Miklubraut til suðurs. Svæðinu er skipt í fjögur deiliskipulagssvæði og eru þrjú þeirra til umfjöllunar hér: Svæði 1, 2 og 3.[7]

Á öllu svæðinu er iðnaðar- og atvinnuhúsnæði frá síðari hluta 20. aldar. Í heild sinni er byggðin vitnisburður um sögu atvinnustarfsemi í Reykjavík en byggingarnar eru mismunandi að gerð og uppruna. Stórgert geymslu- og verkstæðishúsnæði einkennir svæði 1. Á svæði 2 eru stakstæð hús af ólíkum toga, þar á meðal nokkur fágæt dæmi um atvinnuhúsnæði frá síðari hluta 20. aldar. Svæði 3 einkennist af skýru byggðamynstri og hluti svæðisins er eitt elsta dæmi um iðnaðarsvæði sem byggist upp eftir skipulagi.




Skipulagssvæðið Vogabyggð. Kort sem sýnir skiptingu heildarsvæðisins í fjögur deiliskipulagssvæði.[8]

---

[7] Ekki verður unnið deiliskipulag fyrir suðursvæðið (svæði 4) að sinni.
[8] Kort gert af Þórarni Jóni Jóhannssyni, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, landupplýsingadeild.

## Vogabyggð – Svæði 1 – Gelgjutangi

Svæðið afmarkast til vesturs af mörkum lóðanna Kleppsmýrarvegs 8 og óbyggðrar lóðar austan hennar, til norðurs af Kleppsmýrarvegi, Kjalarvogi og norðurmörkum lóðarinnar Kjalarvogs 10 og til austurs og suðurs af Elliðaárvogi.[9]

Á svæðinu er atvinnuhúsnæði af mismunandi stærð og gerð. Stórar og djúpar geymslubyggingar með fáum gluggaopum einkenna svæðið en einnig eru þar verkstæðisbygging, fyrrum fiskverkunarhús, spennistöð og skólpdælustöð. Byggingarnar standa langt inni á lóð, þær eru án tengsla við göturými en mynda saman þyrpingu.

### Varðveislumat húsa á ofangreindu svæði:

Ekki er gerð sérstök tillaga um verndun þeirra húsa sem standa á svæði 1.

### HÚSVERNDARKORT – Svæði 1 [10]




[9] *Vogabyggð svæði 1. Gelgjutangi*. *Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags*. Umhverfis- og skipulagssvið. Dags. 28. apríl 2014. Vefslóð: http://reykjavik.is/vogabyggd-lysingar-svaedi-nr-1-3 → Val úr lista: Gelgjutangi, Vogabyggð – svæði 1, skipulags- og matslýsing (pdf) → Pdf-skjal, bls. 2. Sótt í júní 2014.
[10] Kort gert af Þórarni Jóni Jóhannssyni, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, landupplýsingadeild.

## Vogabyggð – Svæði 2 – Norðursvæði milli Tranavogs og Gelgjutanga

Svæðið afmarkast til vesturs af Sæbraut, til norðurs af Kleppsmýrarvegi og mörkum lóðanna Kleppsmýrarvegar 8 og óbyggðrar lóðar austan hennar, til austurs af Elliðaárvogi og til suðurs af Tranavogi og mörkum lóðanna Dugguvogs 4 og 6.[11]

Á svæði 2 eru nokkur fágæt og áhugaverð dæmi um atvinnuhúsnæði frá 6. og 7. áratug 20. aldar. Svæðið hefur byggst upp án formlegs skipulags. Byggðin er sundurleit og stakstæð húsin bera vott um ólíka strauma og viðhorf í byggingarlist upp úr miðri 20. öld. Annars vegar eru hér dæmi um módernisma í alþjóðlegum anda, sem birtist m.a. í húsum teiknuðum af arkitektunum Sigvalda Thordarsyni, Skúla H. Norðdahl og Jósef Reynis, hins vegar klassísk dæmi um iðnaðarhús, sem eru m.a. höfundarverk Guðmundar H. Þorlákssonar byggingarmeistara og Halldórs H. Jónssonar arkitekts.

Mikil lofthæð og sú gluggasetning, stærð rýma og skali húsnæðis sem einkenna sumar byggingar svæðisins auk afstöðu þeirra gagnvart götu, getur falið í sér eftirsóknarverða eiginleika m.t.t. atvinnu- og þjónustustarfsemi í blandaðri byggð, sem markmiðið er að vaxi á skipulagssvæðinu. Að flétta gamalt iðnaðarhúsnæði saman við nýja byggð er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 þar sem skilgreind eru markmið um að „*[m]enningarsöguleg gildi verði höfð í heiðri við skipulagningu, hönnun og uppbyggingu borgarinnar á öllum stigum*“ og að „*[v]arðveisla byggingar- og skipulagsarfs fortíðarinnar og efling byggingarlistar og borgarhönnunar í samtímanum haldist í hendur.*“[12]

**Varðveislumat húsa á ofangreindu svæði:**

**RAUÐUR FLOKKUR:** *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

Fyrir hús sem vernduð eru í rauðum flokki gilda þau almennu verndunarákvæði sem í eldri húsverndarstefnu[13] eiga við rauðan flokk: *Byggingar sem lagt er til að friða*, grænan flokk: *Verndun 20. aldar bygginga* og dökkgulan flokk: *Verndun götumynda, húsaraða og húsa með umhverfisgildi*:

- *Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.*
- *Æskilegt er að útlit húsa verði lagfært með hliðsjón af upphaflegri gerð.*
- *Útlit húsa verði fært til upprunalegs horfs, þar sem breytingar eru til lýta.*

**Dugguvogur 2 – Iðnaðar- og skrifstofuhús byggt 1972**
Húsið hefur listrænt og menningarsögulegt gildi sem hluti af listasögu Reykjavíkur, en lágmyndir eftir Gerði Helgadóttur eru steyptar í vesturvegg þess. Húsið er höfundarverk Karl-Eriks Rocksén. Merkilegt hús sem fléttar saman myndlist og arkitektúr.

---

[11] *Vogabyggð svæði 2. Norðursvæði milli Tranavogar og Gelgjutanga. Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags*. Umhverfis- og skipulagssvið. Dags. 28. apríl 2014. Vefslóð: http://reykjavik.is/vogabyggd-lysingar-svaedi-nr-1-3 → Val úr lista: Norðursvæði, Vogabyggð – svæði 2, skipulags- og matslýsing (pdf) → Pdf-skjal, bls. 2. Sótt í júní 2014.
[12] *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. A-hluti. Borg fyrir fólk, bls. 157 og 165.
[13] *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar.*

Gera má ráð fyrir aðlögun hússins að nýju hlutverki í nýrri byggð t.d. með breytingum á innra fyrirkomulagi. Við þá aðlögun skal horft til eftirfarandi:

- *Stærðarhlutföll, ytri hönnun og efnisnotkun sé í samræmi við upphaflega byggingu.*
- *Svip byggingar verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum.*
- *Upprunaleg veggáferð (t.d. múrlitur) húsa haldist.*

**Súðarvogur 2 – Iðnaðar- og skrifstofuhús byggt 1957**
Dæmi um áhugaverða og sjaldgæfa samsetningu tveggja ólíkra formgerða atvinnuhúsnæðis. Annars vegar tilbrigði af iðnaðarhúsaklassík, hins vegar skrifstofubygging í anda módernisma. Sigvaldi Thordarson hannaði húsið fyrir Rafmagnsveitur ríkisins. Húsið hefur gildi fyrir umhverfið og gefur mikilvægan tón í anda staðarins m.t.t. sögu og fjölbreytileika. Mjög upprunalegt að gerð.

Gera má ráð fyrir aðlögun hússins að nýju hlutverki í nýrri byggð t.d. með breytingum á innra fyrirkomulagi. Við þá aðlögun skal horft til eftirfarandi:

- *Stærðarhlutföll, ytri hönnun og efnisnotkun sé í samræmi við upphaflega byggingu.*
- *Svip byggingar verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum.*
- *Upprunaleg veggáferð (t.d. múrlitur) húsa haldist.*

**Hús sem hafa þróunarmöguleika:**

Eftirfarandi hús eru talin hafa sérstaka þróunarmöguleika í nýrri byggð og **geta fengið nýtt hlutverk í nýrri byggð standi þau áfram.** Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum en bent á að umhverfis- og menningarsögulegt gildi húsanna geti falið í sér eftirsóknarverða eiginleika m.t.t. atvinnu- og þjónustustarfsemi í blandaðri byggð, sem markmiðið er að vaxi á skipulagssvæðinu:

**Kleppsmýrarvegur 8**
Tvílyft verslunar- og skrifstofubygging með móderniskum blæ. Húsið á þátt í að móta götumyndina; staðsetning og inngangar frá götu hafa gildi m.t.t. hverfisþjónustu og verslunar.

**Súðarvogur 2**[14]
Tveir sambyggðir braggar. Byggingar sem gefa mikilvægan tón í anda staðarins m.t.t. sögu og fjölbreytileika og eru vitnisburður um hönnun og notkun bragga sem iðnaðarhúsnæðis á eftirstríðsárum. Elstu byggingar sem nú standa á svæðinu. Lítið breyttir frá upprunalegri gerð.

**Súðarvogur 7**
Hefðbundið atvinnu- og skrifstofuhúsnæði 7. áratugar byggt í anda alþjóðlegs módernisma. Gott dæmi um höfundarverk Skúla Norðdahl arkitekts. Húsið á þátt í að móta götumyndina og jarðhæðin gefur því gildi m.t.t. möguleika á hverfisverslun og þjónustu. Þá gefur húsið mikilvægan tón í anda staðarins m.t.t. sögu og fjölbreytileika.

[14] Bogaskemmurnar við Súðarvog 2 stóðu allt fram í júní 2015 en voru rifnar á meðan unnið var að skýrslu þessari og deiliskipulagi fyrir svæðið. Ákveðið var að birta hér þó óbreytt varðveislumat húsanna og skráningu þeirra í húsaskrá sem unnin var vegna deiliskipulagsgerðarinnar.

**Súðarvogur 9**
Iðnaðarhúsnæði í klassískum anda, höfundarverk Guðmundar H. Þorlákssonar, og viðbygging með athyglisverða þakgerð, höfundarverk Ísleifs Jónssonar. Byggingar sem hafa gildi fyrir umhverfið og gefa mikilvægan tón í anda staðarins m.t.t. sögu og fjölbreytileika.

**Súðarvogur 14**
Einlyft grindarhús í móderniskum anda með stórum gluggum og mikilli lofthæð sem er brotin upp í tvær hæðir á hluta hússins. Höfundarverk Jósefs Reynis. Áhugavert dæmi um iðnaðarhúsnæði sem á þátt í að móta götumyndina og hefur gildi m.t.t staðaranda og fjölbreytileika.

## HÚSVERNDARKORT – Svæði 2 [15]




[15] Kort gert af Þórarni Jóni Jóhannssyni, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, landupplýsingadeild.

## Vogabyggð – Svæði 3 – Miðsvæði sunnan Tranavogs og norðar Súðarvogs að Sæbraut

Svæðið afmarkast til vesturs af Sæbraut, til norðurs af Tranavogi og mörkum lóðanna Dugguvogs 4 og 6 og til austurs og suðurs af sveigðri línu sem dregin er úr Elliðaárvogi í Súðarvog að gatnamótum við Sæbraut.[16]

Um að ræða eitt fyrsta iðnaðarsvæðið í borginni sem byggist að miklu leyti upp eftir skipulagi. Skýrt byggðamynstur og sterkar götumyndir einkenna svæðið.

Á deiliskipulagsuppdrætti af Vogahverfi frá 1946 sem undirritaður er af Einari Sveinssyni, Bolla Thoroddsen og Gunnari Ólafssyni er iðnaðarhverfi Voga teiknað upp aðskilið og austan við íbúðabyggð Vogahverfis. Skipulagsteikning Þórs Sandholt frá 1949 er síðar samþykkt í skipulagsnefnd bæjarins.

Byggðin austan Dugguvogs og sunnan Tranavogs endurspeglar þetta skipulag. Um er að ræða heildstæðar, samfelldar húsaraðir sem standa upp við götu. Fínlegur skali er einkennandi en húsin eru flest 10 m breið, upphaflega byggð undir smágerðan iðnað eða aðra atvinnustarfsemi. Nokkur hús spanna tvær húsabreiddir og eru 20 m breið. Húsin taka upp landhalla svæðsins og eru flest þrjár hæðir austan megin og tvær hæðir og kjallari vestan megin. Í grunninn byggja öll húsin á sama uppdrætti en ýmsir arkitektar, húsameistarar og byggingarfræðingar komu að nánari útfærslu og hönnun sérhvers húss í röðinni. Húsin eru einföld og lágstemmd. Þau eru öll með risi en framhliðar og gluggagerðir eru mismunandi sem gefur húsaröðunum fjölbreytt og áhugavert yfirbragð. Húsin eru steinsteypt, sum upprunalega ópússuð og ómáluð en hafa seinna verið máluð ýmsum litum. Þá eru nokkur húsanna með síðari tíma klæðningu. Húsaraðirnar hafa haldið sínu yfirbragði og eru nokkur hús nánast óbreytt, önnur hafa verið hækkuð, þeim breytt í íbúðarhúsnæði eða byggt verið við þau. Almennt hafa húsin þó haldið grunngerð sinni og upphaflegum einkennum. Byggðamynstrið er skýrt.

Vestan Dugguvogs er röð stakstæðra iðnaðarhúsa sem byggst hafa upp á mismunandi tímum. Húsin eru ekki byggð eftir skýru skipulagi og eru mismunandi að stærð, gerð og staðsetningu gagnvart götu.

**Varðveislumat húsa á ofangreindu svæði:**

**GULUR FLOKKUR**: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

Fyrir þau hús á svæði 3 sem vernduð eru í gulum flokki gilda þau almennu verndunarákvæði sem í eldri húsverndarstefnu[17] eiga við ljósgulan flokk: *Byggðamynstur* sem lagt er til að vernda, þ.e.:

- *Breytingar taki mið af mælikvarða byggðar og hlutföllum húsa.*

[16] *Vogabyggð svæði 3. Miðsvæði sunnan Tranavogar og norðan Súðarvogar að Sæbraut. Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags*. Umhverfis- og skipulagssvið. Dags. 28. apríl 2014. Vefslóð: http://reykjavik.is/vogabyggd-lysingar-svaedi-nr-1-3 → Val úr lista: Miðsvæði, Vogabyggð – svæði 2, skipulags- og matslýsing (pdf) → Pdf-skjal, bls. 2. Sótt í júní 2014.
[17] *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar.*

**Húsaraðir við Súðarvog 16-54, Dugguvog 23 og Tranavog 1-5 og Dugguvog 3-21**
Heildstæðar og samfelldar raðir iðnaðarhúsa sem byggð voru á tímabilinu 1954-1964. Eitt fyrsta iðnaðarsvæðið í Reykjavík sem byggðist að miklu leyti upp eftir skipulagi og er mikilvægur vitnisburður um sögu og þróun atvinnu, skipulags og iðnaðarhúsnæðis í borginni. Heildstætt yfirbragð og sterkar götumyndir einkenna svæðið. Húsin hafa að jafnaði haldið grunngerð sinni og upphaflegum einkennum. Þau eru einföld, lágstemmd og í fínlegum mælikvarða en hafa jafnframt fjölbreytt og áhugavert yfirbragð. Byggðin dregur dám af fastmótaðri skipulagshugmynd og útlit einstakra húsa er mikilvægur þáttur í heildarmynd húsaraðarinnar.

Umhverfis- og menningarsögulegt gildi húsanna getur falið í sér eftirsóknarverða eiginleika m.t.t. blandaðrar byggðar, sem markmiðið er að vaxi á skipulagssvæðinu.

Gera má ráð fyrir aðlögun húsanna að nýju hlutverki í nýrri byggð t.d. með hækkun og/eða endurnýjun einstakra húsa og breytingum á innra fyrirkomulagi. Við breytingar skal horft til eftirfarandi:

- *Við hönnun breytinga og endurnýjun húsa skal reynt að varðveita og styrkja upprunalega heildarmynd svæðisins sem mótar ásýnd þess.*
- *Byggðamynstur haldi sér.*
- *Hækkun húss taki mið af grunngerð húss og ofanábyggingar séu innan núverandi byggingarreits.*
- *Stærðarhlutföll og ytri hönnun sé í samræmi við upphaflega byggingu.*
- *Reynt verði að halda í upprunalega veggáferð.*
- *Svalir taki mið af og raski ekki núverandi götumynd. Hugað verði sérstaklega að skýrum dráttum götumyndar.*
- *Hugað verði að varðveislu karakters og andblæjar svæðisins: Haldið í endurtekningu og fjölbreytileika í gluggagerðum. Haldið í fínlegan mælikvarða og hús ekki sameinuð.*

**RAUÐUR FLOKKUR:** *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

Fyrir hús sem vernduð eru í rauðum flokki gilda þau almennu verndunarákvæði sem í eldri húsverndarstefnu[18] eiga við rauðan flokk: *Byggingar sem lagt er til að friða*, grænan flokk: *Verndun 20. aldar bygginga* og dökkgulan flokk: *Verndun götumynda, húsaraða og húsa með umhverfisgildi*:

- *Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.*
- *Æskilegt er að útlit húsa verði lagfært með hliðsjón af upphaflegri gerð.*
- *Útlit húsa verði fært til upprunalegs horfs, þar sem breytingar eru til lýta.*

**Dugguvogur 11a – Spennistöð byggð 1958**
Lítil steinsteypt spennistöð hönnuð af Eiríki Einarssyni arkitekt í anda steinsteypuklassíkur með vísun í nýklassík. Hefur áhrif á anda staðarins m.t.t. sögu og fjölbreytileika. Mjög upprunalegt að gerð. Talsvert hefur verið lagt í þetta smáhýsi sem endurspeglar sögu, þróun og tilraunir með steinsteypu sem byggingarefni.

[18] *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar.*

# HÚSVERNDARKORT – Svæði 3 [19]




[19] Kort gert af Þórarni Jóni Jóhannssyni, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, landupplýsingadeild.

# Heimildaskrá

**Óprentaðar heimildir**:

Borgarskjalsafn Reykjavíkur:
Aðf. 733–749. Brunabótavirðingar 1874-1945.
Aðf. 3374. Götunöfn og húsanúmer 1914–1960.
Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir hús og mannvirki við Dugguvog, Súðarvog og Tranavog.
Skjöl bæjarráðs (E) fyrir erfðafestulöndin Kleppsmýrarbletti 9-17.

Borgarsögusafn Reykjavíkur:
Byggðar lóðir í Reykjavík.
Húsaskrá Reykjavíkur.
Kortasafn.
Skipulagsuppdrættir.
Anna Lísa Guðmundsdóttir og Helga Maureen Gylfadóttir: „Rammaskipulag Elliðaárvogs. Fornleifaskráning og aldur húsa á svæðinu.“ Óútgefin greinargerð dags. 8. febrúar 2006. Minjasafn Reykjavíkur 2006.
Ljósmyndir úr safneign Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Landmælingar Íslands:
Loftmyndir. LÍ2 0197.

Minjastofnun Íslands:
„Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana“. Óútgefið leiðbeiningarit. Húsafriðunarnefnd 2009.

Skjalaver Reykjavíkurborgar:
Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir.
Skipulagsuppdrættir.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:
Örnefnasafn.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur:
Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur“. Óútgefið handrit. Borgarskipulag Reykjavíkur 1995.

**Prentaðar heimildir:**

*Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016*. Útg. Borgarskipulag Reykjavíkur og Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík. Reykjavík 1997.

*Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. Útg. Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið. [Reykjavík] [2014].

*Alþýðublaðið*, 20. mars 1946; 5. apríl 1935; 17. nóvember 1954; 31. ágúst 1955; 8. mars 1956; 16. júlí 1963; 24. apríl 1966; 18. apríl 1969; 6. febrúar 1970; 2. mars 1972.

*Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 1987. Reykjavík 1988.

Árni Óla: „Langholtsbyggðin“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 27. júlí 1947, bls. 213-217.

Bjarni Ólafsson: „Smiðjan – Saga Húsasmiðjunnar“ . *Morgunblaðið*, 6. maí 1994, B Heimili/Fasteignir, bls. 28.

Bjarni Reynarsson: *Borgir og borgarskipulag. Þróun borga á Vesturlöndum, Kaupmannahöfn og Reykjavík*. Reykjavík 2014.

*Dagblaðið*, 27. október 1975; 9. ágúst 1980.

*DV*, 30. ágúst 1983; 2. september 1985.

Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin. 1940-1990*. Fyrri hluti. Reykjavík 1998.

Eggert Þór Bernharðsson: *Sveitin í sálinni. Búskapur í Reykjavík og myndun borgar*. Reykjavík 2014.

Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*. Reykjavík 2000.

Einar S. Arnalds: *Reykjavík, sögustaður við Sund,* 4. bindi, *Lykilbók*. Reykjavík 1989.

*Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*. Sýningarskrá samnefndrar sýningar á Kjarvalsstöðum 1995. Listasafn Reykjavíkur – byggingarlistardeild, Borgarverkfræðingur – byggingadeild. Sýningarstjórn, rannsóknir og textagerð: Pétur H. Ármannsson. Reykjavík 1995.

Elín Pálmadóttir: *Gerður – Ævisaga myndhöggvara*. Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn. [Kópavogur] 1998 (2. pr.).

*Frjáls verzlun*, 13. árg. 1951, 3.-4. tbl. (01.04.1951); 28. árg. 1968, 5. tbl. (01.05.1968); 35. árg. 1976, 10. tbl. (01.10.1976); 41. árg. 1982, 1. tbl. (01.01.1982).

*Frjáls þjóð*, 6. árg. 1957, 49. tbl. (21.12.1957).

„Gerður Helgadóttir myndhöggvari: „Ég er sterk““. *Tíminn*, 9. júní 1974, bls. 20-21 og 28.

*Gerður Helgadóttir myndhöggvari*. Ritstj. Guðbjörg Kristjánsdóttir. Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn. [Kópavogur] 1995.

*Gerður. Meistari glers og málma*. Ritstj. Guðbjörg Kristjánsdóttir. Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn. Kópavogur [2010].

Guðjón Friðriksson: *Hér heilsast skipin. Saga Faxaflóahafna. Eldri hafnir, Reykjavík, Akranes, Borgarnes, Hvalfjörður og Grundartangi*. Fyrra og síðara bindi. [Akranes] 2013.

Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870-1940.* Fyrri hluti. Reykjavík 1991.

Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*. Ritröð: Safn til sögu Reykjavíkur. Reykjavík 1977. Bls. 295-312.

Helga Maureen Gylfadóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Vogahverfi*. Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur [áður Árbæjarsafns - Minjasafns Reykjavíkur]. Skýrsla nr. 151. Reykjavík 2010.

*Helgarpósturinn*, 28. september 1979; 22. ágúst 1980

Helgi Pétursson: „Slá blettinn – takk! Litið inn á barnaheimilið Ós“. *Tíminn*, 4. september 1974, bls. 8.

*Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*. Ritstjóri: Nikulás Úlfar Másson. Reykjavík 1998.

*Íslendingaþættir Tímans*, 11. maí 1972.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn með styrk úr ríkissjóði og dansk-íslenska sáttmálasjóðnum*. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Jóhannes Zoëga: *Æviminningar.* Viðtal Ólafur Hannibalsson. Ritstj. Benedikt Jóhannesson. Reykjavík 2006.

Jón Þ. Þór: *Svartagull. Olíufélagið hf. 1946-1996*. Reykjavík 1996.

*Leiðarvísir um Reykjavík (Bæjarskrá) 1929*. Útg. og ritstj. Pétur G. Guðmundsson. Reykjavík 1929.

*Lesbók Morgunblaðsins*, 27. október 1990.

*Morgunblaðið*, 22. ágúst 1934; 13. ágúst 1943; 19. september 1943; 8. nóvember 1946; 4. apríl 1950; 19. október 1951; 23. júlí 1952; 2. ágúst 1953; 31. desember 1953; 17. nóvember 1954; 31. desember 1955; 22. mars 1960; 2. febrúar 1961; 17. júlí 1963; 9. mars 1966; 26. apríl 1966; 4. október 1968; 24. nóvember 1971; 2. mars 1972; 17. ágúst 1974; 13. desember 1974; 9. janúar 1977; 9. júní 1977; 1. október 1977; 14. júlí 1981; 9. desember 1983; 10. apríl 1988; 5. maí 1988; 17. desember 1988; 29. júlí 1990, B Heimili/Fasteignir; 30. nóvember 1990; 3. september 1992; 25. febrúar 1994, B Heimili/Fasteignir; 6. maí 1994, B Heimili/Fasteignir; 3. júní 1999, B Viðskipti ; 4. maí 2000; 2. mars 2003, B Heimili/Fasteignir; 6. desember 2004; 20. júlí 2006; 6. mars 2009 .

Ólafur Tryggvason: „Steinstólpagerð“. *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands*, 45. árg. 1960, 3.-6. tbl. (01.12.1960), bls. 99-100.

Páll Líndal: *Reykjavík: Sögustaður við Sund*. 1. bindi (A-G), 2. bindi (H-P) og 3. bindi (R-Ö). Reykjavík 1986, 1987 og 1991.

*Sjómannablaðið Víkingur*, 12. árg. 1950, 2.-3. tbl. (01.03.1950).

*Skipulagslög 2010 - nr. 123 - 22.september*. Tóku gildi 1. janúar 2011.

Sumarliði R. Ísleifsson: *Frá steðja til stafns. Málmiðnaður á Íslandi á síðari hluta 20. aldar.* Ritröð: Safn til iðnsögu Íslendinga. Reykjavík 1994.

*Tímarit Verkfræðingafélags Íslands*, 45. árg. 1960, 3.-6. tbl. (01.12.1960).

*Tíminn*, 19. október 1951; 8. janúar 1954; 17. nóvember 1954; 10. júní 1960; 15. ágúst 1961; 15. ágúst 1962; 24. maí 1970; 2. ágúst 1973; 12. október 1973; 9. júní 1974; 4. september 1974; 4. september 1975; 2. apríl 1981, 7. febrúar 1986.

Trausti Valsson: *Reykjavík – Vaxtarbroddur. Þróun höfuðborgar*. Reykjavík 1986.

Trausti Valsson: *Skipulag byggðar á Íslandi frá landnámi til líðandi stundar*. Reykjavík 2002.

VH: „Ós. Þar leggja foreldrarnir sjálfir fram vinnu til skiptis“. *Þjóðviljinn*, 11. desember 1973, bls. 8-9.

*Vísir*, 26. júlí 1944; 11. ágúst 1944; 28. mars 1946; 8. maí 1946; 21. júní 1946; 13. október 1952; 27. maí 1955; 31. ágúst 1955; 3. janúar 1957; 20. janúar 1961; 27. júlí 1961; 29. desember 1961; 24. janúar 1963; 31. maí 1963; 17. júlí 1963; 14. desember 1964; 10. september 1966; 10. október 1972; 1. september 1975; 11. desember 1978.

*Þjóðviljinn*, 28. júlí 1942; 12. ágúst 1944; 20. september 1946; 21. nóvember 1950; 2. mars 1956; 10. janúar 1956; 29. apríl 1958; 3. desember 1960; 30. sept. 1967; 26. maí 1968; 11. desember 1973; 9. desember 1977; 1. september 1984.

Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin. Búskapur í Reykjavík 1870–1950*. Ritröð: Safn til sögu Reykjavíkur. Reykjavík 1986.

Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum. Myndir úr stríði 1940-1945*. Reykjavík 2002.

*Ægir*, 37. árg. 1944, 8 tbl. (01.08.1944); 39. árg. 1946, 4. tbl. (01.04.1946).

**Vefheimildir:**

*Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. C-hluti. Fylgiskjöl. Borgarverndarstefna. Vefslóð: http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur → Val úr lista: C-hluti. Fylgiskjöl → Pdf.skjal, bls. 334.

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005, 656. fundur 2011, þriðjudaginn 18. október. Umsókn nr. 43526 (01.42.800.3), Kleppsmýrarvegur, Keilir. Sjá: Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://reykjavik.is/ → Stjórnkerfi → Umhverfis- og skipulagssvið → Þjónusta sviðsins: Byggingarfulltrúi → Byggingarfulltrúi og landupplýsingar: Byggingarfulltrúi → Tenglar: Fundargerðir byggingarfulltrúa → Fundargerðir 2011. Sótt í júní 2015.

Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/.

Legstaðaskrá. Vefslóð: gardur.is → Velja úr lista: Legstaðaskrá.

*Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012*. Tóku gildi 1. janúar 2013. Vefur Alþingis. Vefslóð: http://www.althingi.is/ → Lagasafn → Leit í lagasafni: Lög um menningarminjar.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur [áður Árbæjarsafns – Minjasafns Reykjavíkur]. Vefur Borgarsögusafns Reykjavíkur. Vefslóð: http://borgarsogusafn.is/ → Árbæjarsafn → Útgáfa → Skýrslur.

*Skráningarstaðlar fornleifa*. Minjastofnun Íslands 2013. Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: http://www.minjastofnun.is/ → Minjar → Skráning fornleifa → Skráningarstaðlar → Pdf-skjal. Sótt 3. júlí 2014.

Svavar Sigmundsson: „Elliðaár". Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Vefslóð: http://www.arnastofnun.is → Gagn og gaman → Pistlar → Pistlar um örnefni og nöfn → Elliðaár. Sótt 02.06.2015.

Svavar Sigmundsson. „Hvað merkir örnefnið Kleppur og hvar er Kleppsvík?". Vísindavefurinn (3.5.2012). Vefslóð: http://visindavefur.is → Leit: „Kleppur". Sótt 02.06.2015.

Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb.

Tímarit.is. Vefslóð: http://timarit.is/.

Vefur Húsasmiðjunnar. Vefslóð: http://www.husa.is/ → Um okkur → Húsasmiðjan: Saga Húsasmiðjunnar. Sótt 11.08.2015.

Vefur leikskólans Óss. Vefslóð: http://www.leikskolinn.is/os/ → Um leikskólann →Saga skólans. Sótt 08.12.2015.

Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: http://www.minjastofnun.is/ → Minjar → Skráning fornleifa http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/. Sótt 3. júlí 2014.

Vefur Morgunblaðsins, mbl.is, 4. október 2012. Vefslóð: http://www.mbl.is → Fréttir → Innlent → „Eldur í iðnaðarhúsnæði við Súðarvog og „Greiðlega gekk að slökkva eldinn". Sótt 31. mars 2016.

Vefur Orkuveitu Reykjavíkur. Vefslóð: www.or.is → Þjónusta → Fráveita. Sótt 10.12.2015; www.or.is → Fréttasíða Orkuveitu Reykjavíkur → Fjölmiðlar → Fréttir → Mengun upprætt (30. janúar 2014). Sótt 10.12.2015.

Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: http://reykjavik.is/.

Vefur Slippfélagsins í Reykjavík. Vefslóð: http://www.slippfelagid.is/adalsida.php → Fyrirtækið → Sagan. Sótt 13.10.1915.

Vefur Tækni hf. Vefslóð: http://www.taeknihf.is/index.html → Saga Tækni efh. Sótt 21.09.2015.

Vefur Umhverfisstofnunar. Vefslóð http://www.ust.is → Einstaklingar → Náttúra → Friðlýst svæði → Háubakkar, Reykjavík. Sótt 02.06.2015.

Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: http://www.skra.is/ → Fasteignaskrá → Leit í fasteignaskrá.

*Vogabyggð svæði 1 - Gelgjutangi*. Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags. Umhverfis- og skipulagssvið. Dags. 28. apríl 2014. Sjá: Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Vogabyggð, lýsingar - Svæði nr. 1-3.

*Vogabyggð svæði 2 - Norðursvæði milli Tranavogar og Gelgjutanga*. Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags. Umhverfis- og skipulagssvið. Dags. 28. apríl 2014. Sjá: Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Vogabyggð, lýsingar - Svæði nr. 1-3.

*Vogabyggð svæði 3 - Miðsvæði sunnan Tranavogar og norðar Súðarvogar að Sæbraut*. Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags. Umhverfis- og skipulagssvið. Dags. 28. apríl 2014. Sjá: Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Vogabyggð, lýsingar - Svæði nr. 1-3.

## Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

133 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Kringlan, Listabraut, Kringlumýrarbraut, Miklabraut.* Rvk. 2006.
134 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Lindargata 50 – 62.* Rvk. 2007.
135 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Seljavegur, Ánanaust, Holtsgata, Vesturgata.* Rvk. 2007.
136 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur fyrir Rauðavatn*. Rvk. 2007.
137 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Kárastígur, Frakkastígur.* Rvk. 2007.
138 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Baldursgata, Þórsgata, Njarðargata, Freyjugata.* Rvk. 2008.
139 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu.* Rvk. 2008.
140 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grímsstaðaholtið og nágrenni.* Rvk. 2008.
141 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna gerðar Hallsvegar-Úlfarsfellsvegar.* Rvk. 2008.
142 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Túngata, Hofsvallagata, Hávallagata, Bræðraborgarstígur.* Rvk. 2008.
143 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Urðarstígur, Njarðargata, Bergstaðastræti, Baldursgata.* Rvk. 2008.
144 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Njarðargata, Þórsgata, Baldursgata, Lokastígur, Týsgata.* Rvk. 2009.
145 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Þormóðsstaða.* Rvk. 2009.
146 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
147 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Örfirisey og Grandinn.* Rvk. 2009.
148 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Samtún, Nóatún, Miðtún, Hátún, Höfðatún*. Rvk. 2009.
149 Guðfinna Ósk Erlingsdóttir og Bragi Bergsson: *Húsakönnun. Hagamelur, Hofsvallagata, Hringbraut, Furumelur*. Rvk. 2009.
150 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Laugarnesvegur, Sundlaugavegur, Laugalækur, Hrísateigur, Otrateigur*. Rvk. 2009.
151 Helga Maureen Gylfadóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Vogahverfi.* Rvk. 2010.
152 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur að Hólmsá*. Rvk. 2010.
153 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Ártúns á Kjalarnesi*. Rvk. 2010.
154 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Vesturvallagata, Sólvallagata, Framnesvegur, Holtsgata.* Rvk. 2010.
155 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Landspítalalóðar.* Rvk. 2011.
156 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grundarstígur, Skálholtsstígur, Þingholtsstræti, Spítalastígur.* Rvk. 2011.
157 Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir. *Ingólfstorg og nágrenni. Skrá yfir fornleifar og hús í vesturhluta Kvosar*. Rvk. 2011
158 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Þéttbýlismyndun í Reykjavík á 18. öld. Samanburður ritheimilda og fornleifa*. Rvk. 2011.
159 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rannsókn á seljum í Reykjavík*Rvk. 2011.
160 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur.* Rvk. 2012.
161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri, Seljamýri, Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.
162 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur.* Rvk. 2013.
163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.
164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.
165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.
166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
167 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
168 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdareftirlit á bæjarstæði Breiðholts*. Rvk. 2014.
169 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Stórasels*. Rvk. 2014.
170 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Skrauthólar á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.